

Mikil búbót fyrir skuldara

Hvort sem samningsvextir gengistryggðra lána munu gilda eða lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans mun skuldabyrði lækka umtalsvert. Viðskiptablaðið birtir í dag útreikninga um áhrif gengistryggingarinnar.

» 13



Saga Capital
FJÁRFESTINGARBANKI

sagacapital.is

vb.is

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR

29. JÚLÍ 2010
30. tbl. 17. árg.




Um 7,4 milljarða kröfur í búin

Skuldum vafin félög hluthafa í Atorku. » 6

FRÉTTASKÝRING

Kröfuhafar vilja aukin völd. » 12



ÚTTEKT

Ekkert stress

Álagspróf fyrir bankakerfið er umdeilt. » 16

Guðbjörg langhæst



Guðbjörg Matthíasdóttir greiddi 342 milljónir króna. » 7

ÓÐINN SKRIFAR UM

Össur. » 15

„Ég þrífst líklega betur erlendis“

> Leit á Sigurjón P. Árnason sem Svarta Pétur í Landsbankanum

> Segist vera borgunarmaður fyrir skuldum sínum

> Segir FME hafa keyrt Straum niður

> Kaupin á Búnaðarbankanum „bara hálfgerð grín“

» 18-21

VB MYND/BIG



Frá hugmynd til viðtakanda

Pökkunarvélur okkar erum meðal þeirra fullkomnustu sem bjóðast og gera okkur kleift að pakka mörgum mismunandi einingum í sama umslag, hratt og örugglega. Við getum pakkað nánast hverju sem er, í hvaða magni sem er, í flest allar stærðir umslaga.


VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ ÞIG ALLA LEIÐ

Umslag ehf. • 533 5252 • www.umslag.is



UMSLAG ehf


SKULDABRÉF




Vísitölurnar eru settar á 100 þann 1. janúar 2005 og sýna heildaravöxtun helstu skuldabréfa á markaði (lbúðabréf (verðtryggð) og Ríkisbréf (óverðtryggð) með viðskiptavakt).

BREYTINGAR	1 vika	1 mánn.	1 ár
Gamma: GBI	-0,13%	+2,07%	+19,68%
Úrvalsvísitalan OMX	+4,68%	+5,06%	+26,89%

HLUTABRÉF



GENGI



Orkumál Skynsamlegt að lífeyrissjóðirnir eignist í orkufyrirtækjum

Sjóðirnir eignist í orkufyrirtækjunum

Varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna segir skynsamlegt að lífeyrissjóðirnir eignist í orkufyrirtækjunum. Hann segir Íslendinga ekki vera barnanna bestir þegar kemur að því að notfæra sér eignarhaldsfélög.

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@vb.is

„Er sjálfsagt að við fáum að fjárfesta erlendis að vild en bönnum öðrum þjóðum að fjárfesta hjá okkur? Varla. Er sjálfgefið að Evrópubúar séu betri erlendir fjárfestar en aðrir? Varla. eru Kanada menn ekki ágætir líka? Jú, ekki verður annað séð.“

Þetta segir Ragnar Öndarson, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, í aðsendri grein í Viðskiptablaðinu í dag. Hann gagnrýnir harðlega það „tvöfalda siðgæði“ sem einkennt hefur umræðu um erlenda fjárfestingu í landinu. Hann segir Íslendinga eiga um 550 milljarða króna í erlendum eignum sem m.a. séu bundnir í auðlindum annarra þjóða. „Fjárfest er í öllum atvinnugreinum, þ.m.t. auðlindum annarra þjóða. Öllum finnst okkur þetta sjálfsagt og eðlilegt, rétt eins og við fáum aðgengi að vinnu- mörkuðum og háskólum erlendis, svo dæmi séu tekin. Þessi eign átti sinn þátt í að verja lífeyrissjóðina í hruninu og um leið heildarstöðu landsins gagnvart umheiminum og þar með sjálft sjálfstæði þess.“

Orkugeirinn áhugaverður

Ragnar segir orkugeirann vera áhugaverðan kost fyrir lífeyrissjóðina. Skynsamlegt sé að þeir eignist hlut í íslenskum orku-



Orkufyrirtækin hafa um langa hríð verið meðal stærstu fyrirtækja landsins. Þau eru að mestu í opinberri eigu, þó svo að HS Orka hafi nýverið verið seld kanadíska félaginu Magma Energy.

fyrirtækjum. Hann segir fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna fara saman við rekstur orkufyrirtækja þar sem horft sé til langs tíma. Hann segir fara vel á því að lífeyrissjóðir eignist í Landsvirkjun „Fjárfestingar í orku eru langtímafjárfestingar og lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar. Þetta passar saman. Orkuframleiðslan er líka stöðug, sjóðfélagar kunna einmitt að meta stöðugleika lífeyris síns til langs tíma. Orkufyrirtækin tengjast útflutningsiðnaði, við þurfum augljóslega að afla okkur aukinna erlendra tekna á næstu árum til að borga af okkar miklu erlendu skuldum.“

Ragnar segir að skynsamlegt gæti verið að lífeyrissjóðirnir, sjóðir almennings, komi til móts við ríkið og eignist hlut í Landsvirkjun. „Til greina kæmi að skuldbinda sjóðina á móti, t.d. til að bjóða ríkinu forkaupsrétt. Vegna eðlis

starfseminnar gætu sjóðirnir greitt fyrir eignarhluti sína með erlendum gjaldeyri. Vantar ríkið nokkuð peninga núna?“ spyr Ragnar.

Andstaðan við Magma einkennileg

» Ragnar segir umræðuna um kanadíska fyrirtækið Magma Energy, sem keypti HS Orku fyrir skemmstu, vera einkennilega. Hann segir RÚV drífa málið áfram með einkennilegum fréttáflutningi. „Umræðunni er stillt upp sem andstöðu við Magma Energy. Það er vinstri pólitík ríkisfjölmiðlanna. Andstaða VG er í raun við að útflendingar fái að fjárfesta í auðlindum landsins. Óánægja og ótti flokksmanna með að þurfa að bera ábyrgð á landsstjórninni kraumar undir. Magma og forsvarsmönnum þess er stillt upp sem eins konar andstæðingum okkar. Það er rangt og skaðlegt. Ross Beaty og Ásgeir Margeirsson eru menn með áfallalausn feril að baki og þeir eru kunnáttmenn á sínu sviði,“ segir Ragnar.

» Hann nefnir einnig að mikil þörf sé á því að auka erlendar fjárfestingar. Meiri þörf sé á því að lögbinda lágmark á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna fremur en hámark upp að 50%. Þar spili inn í að krónan sé einn mesti áhættugjaldmiðill heimsins.



Efnahagsfréttir

» Rúmlega 14 þúsund manns eru nú á atvinnuleysiskrá samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun. Þar af eru rúmlega 7.600 karlmenn og 6.600 konur.

» Skuldtryggingaálag á Íslenska ríkið hefur verið að lækka töluvert að undanförun. Það er nú komið í 286 punkta. Það þýðir að borga þarf 2,86 vaxtaálag ofan á skuldabréf til fimm ára til þess að tryggja það gegn greiðslufalli.



Inga Þórisdóttir
Viðskiptastjóri Ármúla

Íslendingar velja MP banka

Við erum stolt af niðurstöðum könnunar sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að banka- viðskiptum.*

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.



*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins 16. júní



Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

Lán til góðra verka

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustu-kaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

Framkvæmdalán

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember



Í STUTTU MÁLI

Væntingarnar aukast

» Væntingavísitala sem fyrirtækið Capacent reiknar út mánaðarlega hækkar nú um 6 stig og er nú vísitalan 67,1 stig, sem er það hæsta sem hún hefur verið frá því fyrir hrun. Vísitalan mælir væntingar neytenda til efnahags- og atvinnulífsins og þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neytendur svartsýnir en bjartsýnir. Vísitalan hefur haldist undir 100 stigum frá því í febrúar 2008. Í morgunkorni greiningar Íslandsbanka kemur fram að væntingavísitalan hafi hækkað

samfelt í fjóra mánuði. Þetta er sagt benda til þess að nú sé léttara yfir landsmönnum en áður.

Century átti yfir 30 milljarða í lausafé

» Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls sem er skráð á First North, hagnaðist um 5,1 milljón Bandaríkjadala (615 millj. kr.) á öðrum ársfjórðungi samanborið við 107,1 milljón USD tap á sama tímabili í fyrra. Hafði gengishagnaður af framvirkum samningum tengdum þróun álverðs veruleg áhrif á afkomu félagsins á fjórðungnum. Tekjur félagsins hækkuðu um 52% á milli ára og námu um 287 milljónum USD. Samanlagður hagnaður félagsins nam 11,5 milljónum USD á fyrri hluta ársins. Gott sjóðstreymi hefur verið af rekstri Century. Handbært fé frá rekstri nam 50,5 milljónum dollara á fjórðungnum og átti félagið 256,3 milljónir dollara í handbæru fé sem jafngildir 31 milljarði króna. Það dugði til að greiða upp allar skammtímaskuldir fyrirtækisins í lok júní og gott betur.



Pantanabókin stækkar hjá Marel

» Stærri pöntunum hefur farið fjölgandi hjá Marel og er það til marks um að markaðsaðstæður, s.s. í kjúklingaiðnaði, fari batnandi að mati forsvarsmanna fyrirtækisins. Fram kemur í uppgjöri félagsins fyrir annan ársfjórðung að pantanabókin hafi staðið í 125,3 milljónum evra í lok júní samanborið við 76,1 milljón evra á sama tíma í fyrra. Þetta var sjötti ársfjórðungurinn í röð sem nýjar pantanir eru umfram afgreiddar pantanir. Marel hagnaðist um 117 þúsund evrur á fjórðungnum samanborið 17,3 milljóna

evra hagnað fyrir ári. Tekjur Marelssamstæðunnar af kjarnastarfsemi námu 136,1 milljón evra og jukust um 27% á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT, leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði) var 15,1 milljón evra, eða 11,1% af tekjum. EBIT-markmið hljóðar upp á 10-12% af veltu fyrir árið í heild.



Stefán Haukur Jóhannesson segir að gert sé ráð fyrir að vinnu rýnihópa ljúki um mitt næsta ár.

VB MYND/HARI

Aðildarviðræður Nú hefst greining rýnihópa á ESB-málaflokkum

Aðildarferlið hafið

Viðræður Íslands og Evrópusambandsins hófust formlega í vikunni. Nú hefst rýnivinna, sem gert er ráð fyrir að taki um hálf t.á.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Síðastliðinn þriðjudag hófst formlegt viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) um innngöngu Íslands í sambandið. Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands og formaður samninganefndar, segir að nú taki við rýnivinna þar sem borin er saman löggjöf Íslands og Evrópusambandsins á öllum þeim sviðum sem samningaviðræður ná til.

Rýnivinnu lýkur á næsta ári

Rýnivinnan er í höndum samningahópa sem eru 10 talsins. Henni á að ljúka um mitt næsta ár. Samningsatriði skiptast í 35 kafla. „Vinna rýnihópanna hefst í nóvember og samkvæmt áætlun á henni að ljúka í júní á næsta ári. Vinnan er mjög tæknileg og felst í að skilgreina hvar ber í milli í löggjöf Íslands og löggjöf ESB. Með rýnivinnunni kemur í ljós hver hin raunverulegu samningsatriði verða, hvar við þurfum að aðlaga í okkar löggjöf og hvar þarf mögulega að sækjast eftir sérlausnum,“ segir Stefán Haukur. Rýnivinnan er því nokkurs konar heimavinnna Íslands fyrir hinar eiginlegu samningaviðræður.

„Eftir því sem rýnivinnunni vindur fram og skilgreint verður hvað ber í milli munum við setja fram okkar afstöðu í hverjum málaflokki fyrir sig eftir ítarlega umfjöllun og samráð heima. ESB mun gera slíkt hið sama,“ segir Stefán Haukur og bætir við að þegar þessi afstaða samninganefndanna liggja fyrir sé hægt að hefja efnislegar viðræður.

Engin tímamörk sett á viðræður Stefán Haukur segir að engin tímamörk séu á samningaviðræðum. „Þau ríki sem við getum helst borið okkur saman við, t.d. Finnland,

Svíþjóð og Austurríki, voru búnin að vera í eitt ár innan Evrópska efnahagssvæðis (EES) þegar þau gengu í ESB. Því var inngangan samhliða EES-samningnum. Helsti munur á okkur og þessum ríkjum er sá að við höfum verið aðilar að EES-svæðinu í fimmtán ár.“ Aðildarferli þessara þjóða tók um eitt til eitt og hálf t.á. Fullgildingarferlið tók síðan um ár. Stefán Haukur segir að þó að þetta séu ríki sem við getum helst litið til þá sé ekki hægt að gefa sér að ferlið verði eins hjá Íslandi. Hverjar viðræður séu sértækar og hjá sumum öðrum ríkjum hafi viðræður tekið lengri tíma.

Áhersla á sjávarútveg og landbúnað

Á blaðamannafundi í Brussel síðastliðinn þriðjudag, þar sem viðræður voru kynntar, lagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra áherslu á sjávarútvegs- og landbúnaðarmál.

„Fyrir Ísland eru þetta gríðarlega mikilvægir málaflokkar og við leggjum að sjálfsögðu áherslu á að niðurstaðan verði viðunandi fyrir okkur. Samstarfsaðilar okkar í Evrópusambandinu eiga ekki að fara í neinar grafgötur um hvar okkar áherslur liggja,“ segir Stefán Haukur.

Annar stór málaflokkur í aðildarviðræðunum er sá er varðar gjaldleyrismál. „Í aðild að Evrópusambandinu felst sjálfkrafa aðild að efnahags- og myntbandalaginu en ríki eru með undanþágu þar til ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Undanfari evrunnar er svokallað gengissamstarf, ERM II. Það þarf að ræða við ESB um hvenær við getum gengið þar inn og hvaða viðmiðunum þarf að fullnægja til að geta tekið þátt í því samstarfi,“ segir Stefán Haukur og telur að óformlegar viðræður við ESB um gjaldmiðlamál geti hafist fljótlega.

Rýnihóparnir í aðildarviðræðum

Rýnihóparnir eru 10 talsins. Heildarfjöldi formanna, fulltrúa og starfsmanna er misjafn en flestir sitja í hóp sem fjallar um félagsmál, þjónustu, fjárfestingu, umhverfismál og fleiri. Heildarfjöldi í hverri nefnd er í sviga.

Byggða- og sveitarstjórnarmál (25)

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, utanríkisráðuneyti

EES I, vörur, orka, samkeppnismál o.fl. (27)

Bryndís Kjartansdóttir, utanríkisráðuneyti

EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál o.fl. (32)

Harald Aspelund, utanríkisráðuneyti

Fjárhagsmálefni (20)

Marianna Jónasdóttir, fjármálaráðuneyti

Dóms- og innanríkismál (15)

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor

Lagaleg málefni (8)

Björg Thorarensen, prófessor

Landbúnaðarmál (29)

Sigurgeir Þorgeirsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Gjaldmiðlismál (18)

Már Guðmundsson, Seðlabanki Íslands

Sjávarútvegsmál (27)

Kolbeinn Árnason, lögfræðingur

Utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál (23)

María Erla Marelsdóttir, utanríkisráðuneyti

PELTOR



HEYRNARHLÍFAR
með FM útvarpi.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

SKEIFAN 3 REYKJAVÍK Sími 588 5080 FAX 588 0470

Nýr Nicorette plástur
fæst nú 25 mg
og hálf gagnsær



Nýtt!

Nicorette Invisi 25 mg

Er að hærri styrkleika en fyrri forðaplástrar frá Nicorette



Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt. Notaða forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eða Nicorette innsogslýfi. Hámarksdagsskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfjatyggigúmmí eða 12 hylki af innsogslýfi. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Í STUTTU MÁLI

Heimild til greiðslustöðvunar lýkur í ágúst

» Núverandi heimild Kaupþings til greiðslustöðvunar lýkur 13. ágúst næstkomandi. Sama gildir um hina bankana þótt dagsetningar séu mismunandi. Kaupþing lagði fram beiðni til greiðslustöðvunar 21. nóvember 2008.



Bankinn getur í ágúst sótt um frekari heimild til greiðslustöðvunar, lengst til 24. nóvember 2010. Þá fer bankinn sjálfkrafa í slitameðferð. Vegna lagasetningar frá árinu 2009 hefur breytingin ekki áhrif á starfsemi bankanna. Við breytingar á reglum um greiðslustöðvun mun vernd þeirra gegn lögsóknnum, þvingunarúrræðum og öðrum ráðstöfunum eigna, sem fengin var á greiðslustöðvunartímalínu, halda gildi sínu þegar bankinn fer í slitameðferð.

Búast við verðhækkunum á svínakjöti

» Forsvarsmenn Sláturfélags Suðurlands (SS) eru vongóðir um að verð á svínakjöti hækki á næstunni, samtímis og dregur úr framboði. „Offramboð er enn á svínakjöti og afkoma svínabænda hörmuleg. Tvö stór svínabú eru í sölufarli eftir gjaldþrot,“ segir í fréttabréfi SS. Fyrirtækið og aðrir stórir kaupendur hafa sjálf ekki fremur en bændur farið varhluta af erfiðum aðstæðum á svínakjötsmarkaði en miklir fjármunir eru bundnir í birgðum. Einnig er bent á að mikið framboð sé af ódýru, fersku og marineruðu svínakjöti sem selt er undir merkjum smásöluverslana. Sú samkeppni skekki sölu annarra kjötvara.



Skiptum lokið á Insolidum

» Skiptum á fjárfestingarfélaginu Insolidum er lokið en félagið var úrskurðað gjaldþrota í maí árið 2008. Almennar kröfur námu 476 milljónum króna og fékkst aðeins 1,5% upp í þær eða 7,3 milljónir. Insolidum, sem var í eigu Daggar Pálsdóttur lögmanns og sonar hennar, Páls Ágúst Ólafssonar, keypti hálf prósent í SPRON í júní árið 2007 með láni frá Saga Capital. Þegar bréfin féllu í verði eftir skráningu SPRON á hlutabréfamarkað var lánið gjaldfellt eftir að eigendur Insolidum urðu ekki við kröfum Saga Capital um að veittar yrðu frekari tryggingar. Komst Héraðsdómur Reykjavíkur að því að Insolidum bæri að greiða Saga Capital 300 milljónir króna auk dráttarvaxta. Staðfesti Hæstiréttur þann dóm í apríl sl.



Íslenskt tímaskráningarkerfi til 38 landa

» Hugbúnaðarfyrirtækið TM Software ehf. hefur selt eigið tímaskráningar- og verkþókhaldskerfi til 38 landa. Kerfið hefur meðal annars verið selt til Kauphallarinnar í Lundúnum og



Deutsche bank. Auk þess hafa kauphöllin í New York og örgjörva framleiðan d i n n Intel hlaðið kerfinu niður til reynslu. Tímaskráningarkerfið nefnist Tempo og gerir notendum kleift að tengja við tímaskráningar og koma í veg fyrir tvískráningar beiðna og reikninga. Viðskiptavinir eru nú tæplega 200 talsins og mestur er áhuginn hjá fyrirtækjum í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu.



Þorsteinn Vilhelmsson, fyrrverandi stjórnarformaður Atorku Group, og nokkrir aðrir stjórnendur félagsins héldu utan um 37% hlut í Atorku.

VB MYND/HARI

Atorka Skilanevnd LÍ átti handveð í innstæðum félaga sem tengdust Atorku

7,4 milljarða kröfur í bú Atorkuhluthafa

Skiptum á félögum sem voru stærstu hluthafar í Atorku Group er ekki lokið en kröfuhafar fá eitthvað til baka.

EGGERT ÞÓR AÐALSTEINSSON
eggert@vb.is

Eignarhaldsfélög í eigu Magnúsar Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Atorku Group, Þorsteins Vilhelmssonar, fyrrum stjórnarformanns Atorku Group, og annarra fyrrverandi lykilstjórnenda hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta. Eignir félaganna höfðu þegar gufað upp að miklu leyti þegar hlutfé Atorku var fært að fullu niður snemma á árinu og lánardrottnar tóku fjárfestingarfélagið yfir. Samanlagt réðu stjórnendur Atorku yfir 37% hlutfjár í gegnum félag á borð við Skessa, Harðbak, Ránarborg, Máv og fleiri félög.

Skessa, sem var stærsti hluthafinn í Atorku með 11% hlut, var í sameiginlegri eigu tveggja eignarhaldsfélaga í eigu Magnúsar og Þorsteins. Ránarborg hf, sem var í eigu Þorsteins og fjölskyldu, var móðurfélag Harðbaks sem átti helmingshlut í Skessa. Harðbakur fór með 9,4% hlut í Atorku en Ránarborg átti 8,7%. Harðbakur átti jafnframt Máv ehf. sem átti þriggja prósent hlut í Atorku. Félagin fjögur töpuðu alls rúmum 14,5 milljörðum króna árið 2008 en greiddu samtals 775 milljónir króna í arð á sama ári.

Áttu talsvert af handbæru fé Samkvæmt upplýsingum frá skiptastjóra félaganna, Jóni G.

Eignarhlutur fyrrverandi hluthafa í Atorku Group

Skessa	11,4%
Harðbakur	9,4%
Ránarborg	8,7%
Mávur	3,2%
Magn-Capital	3,0%
Eignarhaldsfélagið Hnota	1,2%

Briem hrl., er skiptum á félögum ekki að fullu lokið. Kröfur í þrotabúin námu 7,4 milljörðum króna og var skilanevnd Landsbankans eini kröfuhafinn. Bankinn fer þó ekki alveg tómhentur frá borði þar sem hann átti handveð í öllum bankainnstæðum félaganna. Skiptastjóri segir að innstæðurnar nemi 1.060 milljónum króna, þar af liggja 600

milljónir króna í þrotabú Ránarborgar. Endurheimtur kröfuhafa gætu því orðið um 14-15%.

Atorka Group lagði töluvert upp úr háum arðgreiðslum á sínum tíma. Í mars 2008 greiddi félagið út 65% arð á hvern hlut, eða 2.111 milljónir króna, í formi eigin hlutabréfa og reiðufjár. Peningagreiddslan nam tæpum einum milljarði króna. Árið áður var greiddur út 110% arður af nafnverði hlutfjár.

Áðurnefnd eignarhaldsfélög eru ekki einu félög fyrrverandi stjórnenda Atorku sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta. Skiptum á Magn-Capital (X-69 ehf.), félagi í eigu Magnúsar, er lokið. Námu lýstar kröfur í búð yfir 900 milljónum króna en engar eignir fundust.

Harkaleg aðgerð kröfuhafa

» Fyrrverandi hluthafar Atorku Group voru mjög ósáttir við hvernig kröfuhafar stóðu að yfirtöku á félaginu. Stærstu kröfuhafar voru NBI, Íslandsbanki, Glitnir, Kaupþing og SPRON, sem áttu um 70% krafna, og voru bankarnir gagnrýndir harðlega. Vildu hluthafar meina að félagið væri tekið af þeim þegar verðmæti eignasafns Atorku hafði hækkað verulega. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok september í fyrra var gert ráð fyrir að endurheimtur kröfuhafa yrðu 60% en samkvæmt nauðasamningsfrumvarpi, sem kröfuhafar fengu samþykkt, var gert ráð fyrir 40% endurheimtuhlutfalli. „Við höfum reynt

allt sem við höfum getað, við erum sigraðir,“ sagði Þorsteinn Vilhelmsson á hluthafafundi sem haldinn var í október í fyrra.

Atorka er meðal stærstu hluthafa í Promens og Geysi Green Energy auk þess sem félagið er kjölfestufjárfestir í NWF Group, Interbulk og Romag Holdings í Bretlandi.

Gengi bréfa Atorku reis hæst í október árið 2007 þegar það fór yfir ellefu krónur á hlut. Markaðsvirði félagsins nam þá rúmum 37 milljörðum króna og áttu eignarhaldsfélögin, sem nú eru að fara í gegnum gjaldþrotaskipti, því eignarhluti sem metnir voru á um fjórtán milljarða króna.



Efnahagsmál Svör frá Sí og FME hafa borist

Tilmælin aðeins leiðbeinandi

Síðastliðinn þriðjudag bárust umboðsmanni Alþingis svör frá Fjármálaeftirlitinu (FME) og Seðlabankanum. Spurningar umboðsmanns snéru að tilmælum stofnananna tveggja um að gengistryggð bílalan skyldu bera lægstu vexti Seðlabankans. Í svörum Seðlabankans og FME er skýrt tekið fram að tilmælin voru einungis leiðbeinandi og fjármálastofnunum og skuldurum í sjálfvalds sett hvort þeir fari eftir þeim.

Í svari Seðlabankans er bent á að hlutverk Seðlabankans og Fjármálaeftirlits sé að hafa eftirlit með fjármálamarkaði og stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins. Að mati stofnananna hafi brýnir þjóðarhagsmunir verið undir og vegið þyngra en einkahagsmunir ákveðins hóps skuldara. Því hafi verið rétt að beina tilmæl-

unum til fjármálafyrirtækja og skuldara.

Í svarinu kemur fram að mat sérstaks vinnuhóps sé að ef samningsvextir standi óhreyfðir munu bankarnir þurfa eiginfjárframlag sem nemi um 160 milljörðum króna. Miðað við eign íslenska ríkisins myndi það þýða um 80 milljarðar í ríkisaðstoð. Hins vegar er alls óvíst að aðrir eigendur bankanna séu reiðubúnir að veita þeim aukifé og því gæti byrðin fallið alfarið á íslenska ríkið.

Efhæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að samningsvextir skuli standa þá koma tilmælin ekki í veg fyrir annað áfall, að sögn Más Guðmundssonar og Arnórs Sighvatssonar sem undirrita bréfið til umboðsmanns. Seðlabankinn býst þó ekki við að sú verði niðurstaðan.

» hallgrimur@vb.is

Skattur Guðbjörg greiddi tæplega 60% hærri gjöld en næsti maður

Guðbjörg langhæst

Ríkisskattstjóri hefur lokið við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Jafnframt hefur ríkisskattstjóri tekið saman lista yfir þá 60 einstaklinga sem greiða hvað hæstan skatt. Efst sæti listans skipar Guðbjörg Matthíasdóttir í Vestmannaeyjum en hún greiðir tæpar 343 milljónir. Í öðru sæti er Ingi Guðjónsson í Kópavogi en hann greiðir rúmar 198 milljónir í skatt.

Framtjendum á skattagrunnskrá fækkaði nú í fyrsta sinn í langan tíma. Laun og hlunnindi drógust saman um rúma 38 milljarða króna frá síðasta ári en atvinnuleysisbætur hækkuðu hins vegar um 16,7 milljarða króna. Þá nýttu tæplega 40 þúsund einstaklingar sérstakan rétt til að taka út sér eignarlífeyrissparnað. Þessar staðreyndir þykja vera til marks um þær breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku efnahagslífi.

Tekjuskattstofninn hækkaði um 1,5% á milli ára en þó hefur samsetning skattskyldra tekna breyst töluvert. Helsta breytingin er sú að launagreiðslur hafa dregist saman en greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa hækkað.



Guðbjörg M. Matthíasdóttir

» sigridur@vb.is



Tekjuhæstu Íslendingarnir

1.	Guðbjörg M. Matthíasdóttir	342.679.024 kr.
2.	Ingi Guðjónsson	197.416.281 kr.
3.	Þorsteinn Hjaltested	119.698.507 kr.
4.	Katrín Þorvaldsdóttir	115.717.819 kr.
5.	Geirmundur Kristinsson	99.537.485 kr.
6.	Lilja Össurardóttir	92.585.066 kr.
7.	Bjarni Össurason Rafnar	82.384.964 kr.
8.	Helgi V. Jónsson	75.493.847 kr.
9.	Árni Pétur Jónsson	70.906.044 kr.
10.	Sigurður Sigurgeirsson	67.373.485 kr.
11.	Ívar Daníelsson	65.406.892 kr.
12.	Kári Stefánsson	65.316.734 kr.
13.	Magnús Jónsson	60.501.136 kr.
14.	Lárus Welding	57.329.037 kr.
15.	Bjarni Ármannsson	55.703.433 kr.
16.	Óttar Pálsson	55.298.506 kr.
17.	Gunnar Halldór Sverrisson	54.490.548 kr.
18.	Sverrir Sigfússon	54.144.126 kr.
19.	Steinn Jónsdóttir	53.478.485 kr.
20.	Andri Már Ingólfsson	52.587.527 kr.

Fjármagnstekjuskattur

Tímabilið 1. apríl - 30. júní



■ 18% staðgreiðsla

Frá 1. janúar 2010 ber bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 18% staðgreiðslu af vaxtatekjum og innlestum gengishagnaði ársfjórðungslega. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félagum.

■ Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusiðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið **vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts** og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda. Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

■ Gjald dagar

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010. Gjald dagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2010 og 20. janúar 2011. Eindagi er 15 dögum síðar.

Gjald daga afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á öðrum ársfjórðungi 2010 er 20. júlí en eindagi er 4. ágúst.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Í STUTTU MÁLI

Verðbólga ekki minni síðan 2007

» Verðbólga á ársgrundvelli mældist 4,8% í júlí. Hefur hún ekki verið minni síðan í október 2007 en þá mældist hún 4,5%.

Lækkunin á milli mánaða nam 0,78%, sem er mesta lækkun síðan 1988. Áhrif sumarútsala voru mikil, eða 0,68% til lækkunar. Föt og skór lækkuðu um 10,3% í mánuðinum. Lækkunin er meiri en greiningaraðilar spáðu en spár gerðu ráð fyrir 0,2-0,25% lækkun. Greining Íslandsbanka spáði 0,2% lækkun. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs lækkað um 0,6% sem jafngildir 2,3% verð-

hjöðnun á ári. Ef húsnæðisliður stæði utan vísitölunnar væri verðbólga nú 6,1%.

Áltonnið komið yfir 2.000 dollara

» Álverð hefur verið að hækka að undanfögnu og er nú komið yfir 2.000 dollara á tonnið. Verð á áli hefur sveiflast gríðarlega á undanfögnu tveimur árum. Hæst fór það í 3.300 dollara í júlí 2008. Í byrjun árs 2009 var það komið í 1.200 dollara eftir að hafa hrundið, samhliða efnahagsþrengingunum haustið 2008. Síðan hækkaði það mikið, fór á fjórum mánuðum í um 1.800 dollara. Síðan hefur það rokkað milli 1.800 og 2.400 dollara og er nú, eins og áður segir, í 2.000 dollurum. Á þessu tímabili hefur framboðið lítið sem ekkert minnkað samkvæmt upplýsingum London Metal Exchange. Nú eru um 4,4 milljónir tonna af áli óseldar, sem jafngildir um fimmfaldrí ársframleiðslu hér á landi.



Gjaldprot dótturfélags skilaði 246 milljóna króna tekjufærslu

» Nýherji skilaði riflega 100 milljóna króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 71 milljónar krónu tap á sama tíma í fyrra. EBITDA nam nam 158 milljónum króna samanborið við 117 milljóna króna rekstrartap árið áður. Rekstrartekjur samstæðunnar voru rúmí sjö milljarðar króna og stóðu í stað á milli ára. Á öðrum ársfjórðungi hagnaðist Nýherji um 231 milljón króna sem var 163% aukning á milli ára. Gjaldprot dótturfélagsins Roku ehf. leiddi til 246 milljóna króna tekjufærslu en allar eignir og skuldir félagsins hafa verið færðar úr samstæðuefnahagsreikningi. Fram kemur að Nýherji hafi gert

kröfur í þrotabúið án þess að færa þær kröfur eða mögulegar kröfur á samstæðuna inn í árshlutareikninginn.

Lítið fannst hjá móðurfélagi Kraftvéla

» Óverulegar eignir fundust í þrotabúi AB-200 ehf. sem var skel utan um hlutabréf í Kraftvélum, Kraftvélaleigunni, KFD í Danmörku og fasteignir hérlendis og í Danmörku. Lýstar kröfur í búið námu tæpum 900 milljónum króna en Landsbankinn var langstærsti kröfuhafinn. Tap samstæðunnar nam 2,4 milljörðum króna árið 2008 og var eigið fé hennar neikvætt um tæpa 1,8 milljarða í lok þess árs. Skiptum á Kraftvélum sjálfum, þ.e. AB-257 ehf., er ólokið að sögn Jóns Ármanns Guðjónssonar, skiptastjóra beggja félaga. Eitt af því sem flækir þau skipti eru gengisdómamálin en Kraftvélur voru með fjármögnunarsamninga um tæki og fasteignir

í erlendum myntum. Kröfum upp á tæpa 2,5 milljarða króna hefur verið lýst í bú Kraftvéla og þar er Landsbankinn einnig stærsti kröfuhafinn.



Á sama tíma og fjárhagur Össurar styrkist leitast félagið að tækifærum til þess að styrkja sölunetið með litlum fyrirtækjakaupum. VBMYND/BIG

Össur hf. Reikna með að innri vöxtur á árinu fari yfir fyrri afkomuáætlun

Össur skoðar smærri yfirtökur

Veltan jókst um 12% á milli ára og var drifin áfram af góðri sölu á stoðtækjum og miklum vexti í Bandaríkjunum.

EGGERT ÞÓR ADALSTEINSSON
eggert@vb.is

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir eflitt að gefa út áform um mikinn ytri vöxt sem fælist í stórum yfirtökum. „Við erum einkum að horfa í kringum okkur hvað varðar litlar yfirtökur í því augnamiði að styrkja sölunetið. Eftir því sem fjárhagur okkar styrkist höfum við meira fjármagn á milli handanna,“ segir hann. „Við viljum komast nær viðskiptavininum og það höfum við verið að gera með litlum uppgripum.“ Talið er líklegt að félagið vilji styrkja sölunet sitt frekar innan stuðningsvörulutans.

„Allt gekk upp“

Afkoma stoðtækjaframleiðandans á öðrum ársfjórðungi var sú besta í sögu félagsins og má segja að nánast allt hafi gengið upp hjá félaginu. Hagnaður nam um 13,6 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.650 milljóna króna, sem var tæplega sexfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra, en hafa ber í huga að gengishagnaður á fjármagnsliði vó þungt vegna skarprar lækkunar á gengi evru gagnvart Bandaríkjadala. Eðlilegra væri að horfa á vöxt og arðsemi. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) jókst um 15% á milli ára. EBITDA var um 19,6 milljónir USD, eða 22% af

rekstrartekjum, samanborið við 17 milljónir USD árið áður.

Sölutekjur námu 90 milljónum Bandaríkjadala og jukust um 12,3% á milli ára mælt í staðbundinni mynt, þar af varð fimmtán prósentu söluvöxtur á stoðtækjum. Innri söluvöxtur nam 10% mælt á sama mælikvarða og skýrist mismunurinn á hlutfalli sölutekna og innri vaxtar af yfirtökum. Framlegð (gross margin)

endurskipulögðum allt sölukerfið fyrir einu og hálfu ári og gerðum miklar og ákveðnar breytingar í Bandaríkjunum. Það er að skila sér núna.“ Um sjö prósentu söluvöxtur var í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku (EMEA), þaðan sem um 44% sölunnar kemur.

Forsvarsmenn Össurar benda á að næstu ársfjórðungar verði erfiðir í samanburði við sömu

Greiða niður skuldir og sitja á sjóði

» Össur hefur greitt skuldir hraðar niður en það sem kveðið er á um í lánasamningum. Hreinar vaxtaberandi skuldir félagsins hafa lækkað um 82 milljónir Bandaríkjadala á einu ári, sem er tæp 40% lækkun. Hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda á móti EBITDA nam 1,8 í lok júní en var 2,3 um áramótin. Jón segir að með því að fara undir hlutfallið tvo lækki vaxtakjör Össurar. Á sama tíma átti fyrirtækið 65 milljónir Bandaríkjadala í handbæru fé. „Við eigum mikið reiðufé og það er í rauninni of mikið. Eftir reynslu síðusta ára finnst okkur það borga sig um sinn að vera íhaldssöm í okkar fjárreiðum.“ Þetta hafi líka þau áhrif að arðsemi eiginfjár lækki.

Eiginfjárlutfallið var 54% í lok fjórðungsins samanborið við 50% um áramótin. Heildareignir félagsins drógust saman um 8% á fyrri hluta ársins, sem er beinlínis rakið til mikillar veikingar evrunnar gagnvart dollari í júní. Að sama skapi drógust langtímaskuldir félagsins í evrum saman.

var 62% af sölu sem er yfir 60% langtíamarkmiðum félagsins.

Vöxtur yfir fyrri áætlunum

Þegar litið er til landssvæða kemur í ljós að Ameríka er stærsta markaðssvæði Össurar með um 52% sölunnar og jókst salan þar um 18% á milli ára mælt í staðbundinni mynt. Innri vöxtur var einnig góður eða um 12%. „Við

ársfjórðunga í fyrra þegar sala á stoðtækjum tók verulegan kipp og reikna með því að innri vöxtur verði lægri á seinni hluta ársins en þeim fyrri.

Félagið hefur uppfært afkomuáætlun fyrir árið. „Við reiknuðum með 4-6% innri vexti á árinu og gáfum út [eftir uppgjör 2. ársfj.] að vöxturinn yrði í efri mörkum og jafnvel yfir.“

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



GRÆDDU OG GRILLAÐU

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 50 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skattar Starfshópur skipaður af fjármálaráðherra skoðar breytingar á skattkerfinu

Auðlegðarskattur greiddur í fyrsta sinn

Auðlegðarskattur er einn af nýjum sköttum sem fjármálaráðherra lagði á fyrir ári. Auðlegðarskattur, sem er í raun eignaskattur, leggst einna helst á hjón sem eru eldri en 51 árs og einstaklinga sem eru eldri en 67 ára.

SIGRÍÐUR DÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
sigridur@vb.is

Þann 1. ágúst næstkomandi verða í fyrsta sinn sendir út álagningaseðlar vegna auðlegðarskatts. Reiknað er með að 496 einstaklingar og 1410 hjón eigi eignir umfram þau mörk hreinnar eignar sem lagaákvæði um auðlegðargjald

segja til um. Langflestir þeirra einstaklinga sem greiða munu auðlegðarskatt eru 67 ára og eldri, um 47%. Í hópi hjóna sem munu greiða auðlegðarskatt eru flestir 51 árs eða eldri, eða um 76%. Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Tryggva Þórs Herbertssonar á Alþingi.

Auðlegðarskattur er í raun nýtt heiti á eignaskatti. Þeir einstaklingar sem eiga hreinar eignir sem nema meira en 90 milljónum króna, og hjón sem eiga hreinar eignir sem nema meira en 120 milljónum króna, falla í hóp skattgreiðenda sem ber að greiða auðlegðarskatt. Auðlegðarskattur er 1,25% og skattstofninn eru allar eignir að frádregnum skuldum.

Breytingar á skattkerfinu

Fjármálaráðherra hefur nú skipað starfshóp sem mun koma með tillögur um breyt-

ingar á skattkerfinu. Starfshópurinn er meðal annars að skoða hvaða skatta komi til greina að hækka og eru

allir skattar til skoðunar, þar á meðal auðlegðarskattur. Aðspurð vildi þó María Jónasdóttir, formaður starfshópsins, ekki staðfesta að hækking auðlegðarskatts væri hluti af tillögum starfshópsins og sagði að umræður um hækking auðlegðarskatts hefðu ekki átt sér stað innan hópsins.

Villandi heiti


Auðlegðarskattur er villandi heiti á eignaskatti. Eignaskatturinn, sem var afnuminn árið 2004, lagðist helst á fullorðin fólk sem hafði greitt skuldir sínar að mestu leyti. Svo virðist sem sömu sögu megi segja um auðlegðarskattinn en áætlað er að hann leggst einna helst á einstakl-

Auðlegðarskattur á einstaklinga og hjón

Einstaklingar, samtals 1.410



Hjón, samtals 496



Heimild: Alþingi





Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp sem mun koma með tillögur að breyttu skattkerfi í lok ágúst.

inga sem eru 67 ára og eldri og á hjón sem eru 51 árs og eldri. Upphaflega var áform-

að að auðlegðarskattur myndi skila ríkissjóði um 3 milljörðum króna í tekjur.

Tillögur að breyttu skattkerfi Starfshópur var skipaður af fjármálaráðherra í apríl til

að móta heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu. Starfshóp-

urinn átti upphaflega að skila áfangaskýrslu 15. júlí næstkomandi. Við hlið starfshópsins á að starfa samráðsnefnd skipuð fagaðilum. Sú nefnd kom hins vegar í fyrsta sinn saman síðastliðinn þriðjudag og því hafa fagaðilar ekki verið boðaðir á fundi hingað til. Vegna þess hve erfiðlega nefndinni hefur gengið að vinna með starfshópnum hefur fjármálaráðherra ákveðið að fresta skilum á áfangaskýrslu til 31. ágúst. Nefndin hefur nú tök á að funda oft og vera í betri samskiptum við samráðsnefndina.

Auðlegðarskattur ársgamall Fyrir rúmu ári lagði fjármálaráðherra fram tillögur að breytingum á skattkerfinu. Breytingarnar fólu í sér aukna þátttöku skattgreiðenda við að brúa fjármálahalla ríkissjóðs. Breytingarnar fólu ekki einungis í sér að hækka skatta heldur einnig tilkomu nýrra skatta. Meðal nýrra skatta sem fjármálaráðherra kom á var auðlegðarskattur.

Arion banki býður *hagstæð* framkvæmdalán til góðra verka

„Allir vinna“ er hvatningarátak sem miðar að því að hleypa krafti í atvinnulífið á Íslandi. Þeir sem ráðast í framkvæmdir við eigið íbúðarhúsnæði eða sumarhús eiga rétt á 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á verkstað. Að auki fæst lækkun á tekjuskattstofni, sem getur numið allt að 300.000 krónum.

Arion banki býður nú viðskiptavinum sínum hagstæð lán til að styðja við átakið.*

- * Engin lántökugjöld.
- ** 5,75% óverðtryggðir vextir.**
- * Fjárhæð allt að 2 milljónum kr. til allt að fimm ára.
- * Umsóknarfrestur er til 1. desember 2010.

* Lánin eru veitt til einstaklinga með góða greiðslugetu
** 3% lægra en óverðtryggðir kjörvextir Arion banka skv. vaxtatöflu



Þrátt fyrir upplýsingagjöf umfram lagaskyldu vill hluti kröfuhafa aukið vægi í ákvörðunartöku skilaneftndanna.

Bankakerfi Hluti kröfuhafa gömlu bankanna lítur á kröfur sínar sem fjárfestingu og vilja aukið vægi í ákvörðunartöku

Kröfuhafar vilja aukin völd

Stór hluti krafna er á höndum fárra kröfuhafa sem flestir eru erlendir vogunarsjóðir. Margir líta á fjárfestinguna til lengri tíma. Þeir vilja hafa meira að segja um ákvarðanir skilaneftndanna, en til þess þarf lagabreytingar.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Hluti kröfuhafa gömlu bankanna vill aukið vægi í ákvörðunartöku skilaneftndanna. Kröfuhafarnir eiga í dag 87% í Arion banka, 95% í Glitni og tæp 20% í Landsbanknum í gegnum eignarhlut sinn í gömlu bönkunum. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins vill sá hluti kröfuhafa sem um ræðir breytingar á íslenskum lagaákvæðum, sér í lagi þeim er snúa að jafnræði kröfuhafa. Nú sé það túlkað of bókstaflega.

Kröfuhafarnir komu flestir að gömlu bönkunum eftir bankahrun og eru þeir flestir erlendir vogunarsjóðir. Þeir sjá hag sinn fyrst og fremst í að endurheimtur og rekstur bankanna verði betri en talið

var við hrun. Kröfuhafar bankanna eru fjölmargir, til dæmis eru kröfuhafar Kaupþings um 30 þúsund. Hins vegar er stór hluti krafna á höndum fárra og líta þeir eign sína öðrum augum en þeir kröfuhafar sem eignuðust kröfur við fall bankanna. Á bilinu 20-40% núverandi kröfuhafa bankanna keyptu kröfurnar á eftirmarkaði.

Vilja lagabreytingar

Íslensk gjaldþrotalög segja að gæta skuli jafnræðis meðal kröfuhafa. Því hafa allir kröfuhafar rétt á sömu upplýsingum. Þrátt fyrir að upplýsingagjöf skilaneftnda til kröfuhafa sé talin nokkuð góð miðað við önnur þrotabú þá telur hluti kröfuhafa að henni sé ábótavant. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins fer sá hluti kröfuhafa sem um ræðir ekki fram á stórvægilegar breytingar á lögum. Þeir vilja koma að rekstrinum til langs tíma og líta svo á að þeir ættu að fá frekari aðgang að upplýsingum og meira vald en þeir sem ekki líta á kröfur sínar með þessum hætti. Jafnræðisreglan, og túlkun á henni, kemur í veg fyrir það.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa kröfuhafar beint óánægju-

röddum sínum til skilaneftndanna en undirtektir verid dræmar. Því vilja þeir reyna að ná fram laga-breytingum til að rétta hlut sinn. Innan skilaneftndanna er þó talið að slíkt sé afar erfitt, bæði af verklegum og lagalegum ástæðum. Nú þegar séu veittar upplýsingar umfram það sem lög kveða á um.

almennt um þrotabú þurfa breytingar á þeim að vera almennar. Þær þurfa því að geta náð yfir öll þrotabú, ekki einungis þrotabú bankanna.

Telja upplýsingagjöf góða

Skilaneftndirnar líta svo á að upplýsingagjöf til kröfuhafa sé góð.

Fjölmargar kröfur fyrir dómstóla

Frá Kaupþingi fengust þær upplýsingar að búið sé að taka afstöðu til rúmlega helmings krafna, bæði er varðar fjölda þeirra og magn. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á þessu ári, fyrir kröfuhafafund 3. desember næstkomandi. Nokkrar stórar forgangskröfur sem á eftir að taka afstöðu til geta haft mikið að segja um framvindu mála. Ljóst þykir að margar kröfur muni fara fyrir dómstóla og skilaneftndirnar hafa áður bent á að dómstólar þurfi að vera reiðubúnir fyrir aukinn fjölda mála.

Sumar trúnaðarupplýsingar sé ekki hægt að veita kröfuhöfum því hagsmunir þeirra geta legið þvert á hag þrotabúsins. Má þar nefna upplýsingar er varða afleiðuvíðskipti, þar sem kröfuhafar geta átt hag sinn þvert á hag bankans.

Í ljósi þess að skilaneftndir bankanna starfa eftir lögum sem gilda

Strax árið 2008 var óformlegt ráð kröfuhafa stofnað þar sem forsvaramenn stærstu kröfuhafa sitja. Í skýrslu Kaupþings segir að ráð þeirra var stofnað til að tryggja samskipti við lykilkjöfuhafa og kröfuhafahópa. Kröfuhafaráð hefur engin formleg völd en getur lagt fram tillögur. Til dæmis komu

neftarmenn að borðinu þegar eignarhald á nýju bönkunum var fært frá þeim gömlu. Þá eru gefnar út skýrslur um stöðu mála og kröfuhafafundur haldnir ársfjórðungslega. Öll upplýsingagjöf og samráð hefur þó jafnræði kröfuhafa að leiðarljósi.

Sú leið hefur verið farin að skipta kröfuhöfum í tvo hópa, í almenna og sértæka kröfuhafa. Hinir sértæku fá aukinn aðgang að upplýsingum og hafa skrifað undir trúnaðarskjöl þess efnis. Þegar nýju bankarnir voru færðir í eigu hinna gömlu fengu sértækir kröfuhafar takmarkaðan aðgang að ítarlegri upplýsingum um nýju bankana. Þar fengust ítarlegri upplýsingar en almennir kröfuhafar höfðu aðgang að. Þá er bent á að ekki sé venjan að kröfuhafar stjórni undirliggjandi eignum, kröfuhafar séu ekki hluthafar einstakra eigna þrátt fyrir kröfur sínar. En aðstæður gömlu bankanna eru afar sérstakar og hægt að fullyrða að aðstæður sem þessar hafi ekki áður þekkt héraendis. Kröfuhafarnir líta svo á að þeirra hagsmunir samtvinnist hagsmunum skilaneftndanna og því sé það hagur allra að þeir fái aukin völd.

Gengislán Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur látið reikna nákvæmlega út áhrif gengisdóms á greiðslubyrði og höfuðstól

Greiðslubyrði og höfuðstóll lækka um allt að 60%

Ef miðað verður við samningsvexti gengistryggðra lána mun höfuðstóll þeirra og greiðslubyrði lækka um allt að 60%. Ef miðað verður við tilmæli FME og Seðlabankans mun bæði höfuðstóll og greiðslubyrði lánanna einnig lækka um tugi prósentu.

ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@vb.is

Greiðslubyrði áður gengistryggðra lána lækkar um allt að 61% ef samningsvextir lánanna verða látnir standa. Ef farið verður eftir lægstu verðtryggðu eða óverðtryggðu vöxtum Seðlabanka Íslands, líkt og tilmæli bankans og Fjármálaeftirlitsins (FME) segja til um, mun mánaðarleg greiðsla skuldara lækka um allt að 36%.

Hversu mikið greiðslan lækkar fer eftir því hvenær lánin voru tekin og til hversu langs tíma. Þá mun höfuðstóll lánanna lækka um allt að 60% ef miðað verður við óverðtryggða vexti Seðlabankans, en um allt að 47% ef miðað verður við verðtryggða vexti hans.

Þetta kemur fram í útreikningum sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur látið gera um breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði myntkórfulána. Viðskiptablaðið hefur undir höndum umrædda útreikninga, sem bera heitið „áætlaðar leiðréttingar gengistryggðra lána“.

Miðað við jen og franka

Í dæmunum er einungis skoðuð ein tegund myntkórfulána sem samsætt er til helminga úr japönsku jeni annars vegar og svissneskum franka hins vegar. Langflest gengistryggð bílalan sem tekin voru hérlandis á undanförunum árum voru tekin í þannig myntkórfulána. Sömu sögu er að segja um mörg húsnæðislán en þau voru þó líka oft tekin í dreifðari myntkórfulána sem innihélt einnig evru, pund, dollar eða jafnvel fleiri myntir.

Krónan hefur veikt meira gagnvart jeni og franka en hinum myntunum og því sýna dæmin meiri áhrif á greiðslubyrði og höfuðstól en ætla má að gildi um lán með dreifðari myntkórfulána.

Breytingar á greiðslubyrði

Samkvæmt útreikningunum þá lækkar greiðslubyrði þeirra sem tóku gengistryggð lán gríðalega mikið óháð því hvort farið verði

eftir samningsvöxtum eða lægstu vöxtum Seðlabankans við uppgjör lánanna. Greiðslubyrðin lækkar mest hjá þeim sem tóku myntkórfulána sumarið 2007, þegar krónan var sem sterkust gagnvart þeim gjaldmiðlum sem í myntkórfulánunum voru.

Mánaðarleg greiðslubyrði húsnæðislána sem tekin voru til 40 ára sumarið 2007 mun þannig lækka um 61% ef miðað verður við samningsvexti. Mánaðarleg greiðsla af 20 milljóna króna láni færi úr því að vera 230.420 krónur í 90.200 krónur.

Ef miðað verður við lægstu óverðtryggðu eða verðtryggðu vexti Seðlabankans við uppgjör lánanna mun greiðslubyrðin samt sem áður lækka um 24-34%. Greiðslur verða lægri ef miðað verður við verðtryggða vexti, eða 151.660 krónur á mánuði fyrir þann sem tók 20 milljóna króna lán. Ef miðað verður við óverðtryggða vexti mun greiðsla hans nema um 169.760 krónur á mánuði.

Höfuðstóll lækkar mikið

Í tölum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins kemur einnig fram að höfuðstóll áður gengistryggðra lána muni lækka um allt að 60% ef miðað verður við óverðtryggða vexti Seðlabankans við uppgjör þeirra.

Ef miðað verður við verðtryggða vexti bankans mun höfuðstóll lánanna lækka um allt að 47%.

350 milljarða eignartilfærsla

Viðskiptablaðið greindi frá því fyrir í júlí að ef miðað yrði við samningsvexti gengistryggðra lána muni um 350 milljarða króna eignartilfærsla eiga sér stað frá fjármálaafyrirtækjum yfir til lántakenda. Að minnsta



Staða margra þeirra sem tóku gengisbundin lán, til húsnæðis- eða bílakaupa, mun að líkindum vænkast mikið.

kosti 100 milljarðar króna myndu í kjölfarið lenda á ríkissjóði, og þar með skattgreiðendum, ef sú eignartilfærsla á sér stað vegna endurfjármögnunarþarfar banka í eigu ríkisins sem myndi eiga sér stað í kjölfarið.

Í samræðum Viðskiptablaðsins við fulltrúa kröfuhafa Kaupþings, Glitnis og Landsbanka sem eiga aðild að óformlegum kröfuhafaráðum þrotabúa bankanna þriggja


hefur komið skýrt fram að ekki komi til greina af þeirra hálfu að búin leggi nýju bönkunum til auk- eð eigid fé. Sú innspýting eigin fjár yrði því alfarið á herðum íslenska ríkisins, komi til hennar.

Ríkið telur sig ráða við tilmælin


Ef farið verður eftir tilmælum Fjármálaeftirlits (FME) og Seðlabanka Íslands um að miða við lægstu vexti Seðlabankans við

uppgjör lána sem áður voru gengistryggð verður sú eignartilfærsla um 140 milljarðar króna. Þá mun ríkissjóður að öllum líkindum ekki tapa neinu fé þar sem fjármálaafyrirtæki sem ríkið á hlut í geta þolað það högg miðað við stöðu þeirra í dag. Þetta kemur fram í tölum sem teknar hafa verið saman fyrir þau ráðuneyti sem hafa efnahagsmál landsins á sinni könnu og Viðskiptablaðið hefur undir höndum.


Hlutfall höfuðstóls, eftir leiðréttingu, af núverandi höfuðstól



Afborgun af hverri milljón króna upprunalegs höfuðstóls 40 ára láns




Afborgun af hverri milljón króna upprunalegs höfuðstóls 25 ára láns




Greiðslubyrði sem hlutfall af núverandi greiðslu

Lægstu verðtryggðu vextir Seðlabankans



Greiðslubyrði sem hlutfall af núverandi greiðslu

Lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans



Viðskiptablaðið

Stofnað 1994
Myllusetur ehf., ReykjavíkÚTGEFANDI: Pétur Árni Jónsson
RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson
PRENTUN: Landsprent ehf.

Í pólitískri kreppu

Ágúst Einarsson, fyrrverandi rektor Háskólans á Bifröst og áhrifamaður í íslensku stjórn mála- og atvinnulífi í áratugi, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið í síðustu viku að ríkisstjórnin ætti að fara frá. Orðrétt var haft eftir Ágústi: „Ríkisstjórn sem er með sífellda stjórnarandstöðu í sínum eigin ranni á að fara frá enda er hún í andstöðu við þingræðið og hrindir engu í framkvæmd sem skiptir máli. Hún tefur endurreisnina [...] Ríkisstjórnin er búin að missa tiltrú flestra og tíminn hljóp frá henni. Hún eyddi svo miklum tíma og orku í Icesave án þess að leiða það til lykta. Þar af leiðandi er hún dauð, en það getur tekið nokkuð langan tíma að lagnast endanlega útaf.“

Þessi orð Ágústs eru þungur áfellsdómur fyrir ríkisstjórnina og þær harðvítugu deilur sem átt hafa sér stað innan þingflokka stjórnarflokkanna sem hafa verið öllum ljósar að undanförunu.

Deilumálin eru mörg og ólík. Þau eiga þó eitt sameiginlegt. Þau eru djúpstæð og öll í að því er virðist óleysanlegum hnút, vegna ágreinings og síðan pólitískra ákvarðana sem ekki voru hugsáðar til enda.

Það fór lítið fyrir því þegar stjórn efnahagsmála var færð úr forsætisráðuneytinu í viðskiptaráðuneytið eftir að núverandi ríkisstjórn tók við á vorkvæmum áttunda áttunda. Sá sem heldur um taumana í því ráðuneyti er utanþingsráðherrann Gylfi Magnússon. Verkefni ráðuneytisins hefur öðru fremur verið að breyta leikreglunum eftir bankahrunið, endurreisa bankakerfið og vinna eftir áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tíminn mun leiða í ljós hvernig til hefur tekist. Of snemmt er að fella dóma um störf Gylfa að svo stöddu en hann hefur þó að mörgu leyti haldið skynsamlega á málum og verið samkvæmur sjálfum sér.

Í þessari færslu á stjórn efnahagsmála fólst mikil áhætta sem full ástæða er til þess að ætla að hafi verið vanmetin. Hún var ekki fólgin í því að Gylfi geti ekki valdið starfi sínu. Heldur því að pólitísk kreppa gæti grafið undan verkum og valdið því að utanþingsráðherra – með sjálfa þungamiðju endurreisnar efnahagslífsins á sínu borði – stæði eftir baklands- og áhrifalaus án stuðnings.

„En hún er að a.m.k. mynduð af tveimur flokkum sem eru ósammála um alla meginþætti endurreisnar landsins.“

Einmitt þetta hefur nú gerst. Sundurlyndi stjórnarflokka skilur mikilvæga þætti endurreisnarinnar – eins og erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og stöðugleika á fjármálamarkaði – eftir á köldum klaka og það á versta tíma. Magma-málið er skýrt dæmi um þetta þar sem hvert pólitíska högg- ið frá Vinstrihreyfingunni grænu framboði (VG) hefur dunið óbeint á Gylfa og raunar um leið á Steingrími J. Sigfússyni, sjálfum formanni flokksins og fjármálaráðherra.

Forsætisráðherrann Jóhanna Sigurðardóttir er svo að segja áhrifalaus í þessum deilum, ekki síst vegna fyrrnefndrar færslu á sérfræðipækkingu stjórnvalda á efnahagsmálum úr ráðuneytinu. Hún er hreinlega ekki í aðstöðu til þess að halda um stjórnartaumana.

Þá er ágreiningur um hvort Ísland eigi að vera hluti af Evrópusambandinu (ESB) mun djúpstæðara vandamál en helstu forsvarsmenn stjórnarflokka vilja vera láta. Meirihlutinn sem stóð að baki ákvörðun um að sótt skyldi um aðild að ESB var falskur. Það blásti við frá upphafi og hefur kristallast enn frekar á undanförunum misserum.

VG vill ekki ganga í ESB og er fullkomlega ósammála samstarfsflokkum sínum í ríkisstjórn um hvaða mynt á að nota í viðskiptum til framtíðar, hvar vextir eiga að vera ákveðnir og hvers konar markaðsbúskapur á að vera við lýði. Þetta er með öðrum orðum deila um grundvallaratriði skipulags landsins í pólitísku og efnahagslegu tilliti.

Það er sanngjarn að spyrja – sérstaklega eftir því sem lengra líður frá því að hinn falski meirihluti um ESB-aðildarumsóknina var myndaður – hvort þetta mál eitt og sér geti ekki drepið samstarfið í ríkisstjórn og eigi í raun að gera það ef flokksmenn fara eftir ákvæði stjórnarskrárinnar um að láta stjórnast af sannfæringu sinni.

Vegna þessara atriða sem hér eru nefnd stendur ríkisstjórnin á brauðfótum. Kannski er það ofmælt hjá Ágústi að hún sé dauð. En hún er að a.m.k. mynduð af tveimur flokkum sem eru ósammála um alla meginþætti endurreisnar landsins. Sem skapar dýpstu og augljósustu pólitísku kreppu í manna minnum.

HUGINN & MUNINN

Kristinn Hrafnsson, margverðlaunaður blaða- og fréttamaður, hefur verið rekinn af fréttastofu Rúv eftir að hafa lent í rifrildi við Ingólf Bjarna Sigfússon vaktstjóra. Deilan snérist víst, a.m.k. að einhverju leyti, samkvæmt Pressunni, um það að Kristinn harðneitaði að verða við skipun Ingólfs Bjarna við vinnslu fréttafnis. Samkvæmt heimildum Pressunnar er nákvæmari skýring uppsagnarinnar sú að Kristinn hefði framið agabrot.

Meira af Rúv. Magma-málið hefur enn einu sinni komist á þann stað í umræðunni að vera í brennidepli. Ríkisstjórnarflokkarnir eru ósammála um veigamikil atriði þegar kemur að þessu máli og því helst það lífandi. Rúv hefur flutt



eina og eina frétt um þetta að undanförunu. Í hádeginu á þriðjudaginn sl. var til að mynda löng frétt um það að krónur sem keyptar voru utan gjaldeyrismarkaðar hér á landi hefðu verið notaðar til þess að kaupa hlutinn í HS Orku. Sagt var að erlendir bankar hefðu haft milligöngu um þetta. Það er rétt að benda á í þessu samhengi að lesendur Viðskiptablaðsins gátu lesið allt um þessi viðskipti fyrir rúmlega fjórum mánuðum í Viðskiptablaðinu. Hvers vegna þetta var fyrsta frétt í hádeginu á þriðjudag er ekki alveg ljóst. Ekki var þetta skúbb. Svo mikið er víst.

Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor Háskólans á Bifröst og nú umboðsmaður skuldara, virðist vel að síðarnefnda starfinu kominn ef marka má fréttir DV. Hann stóð í

viðskiptum í gegnum félagið Obduro sem skuldaði ríflega hálfan milljarð í árslok 2008. Runólfur ber því við í DV að viðskipti félagsins hafi verið gerð „að frumkvæði bankans“ hvað sem það nú þýðir. En niðurstaðan var a.m.k. sú að félagið sem Runólfur tengdist gat ekki borgað Sparisjóðnum í Keflavík til baka féð sem það fékk til þess að kaupa bréf í Icebank. Hugsanlegt er að þetta verði jafnvel til þess að auka trú- ugleika Um- manns skuld- ara!



GAMLA MYNDIN



Óháðir inn fyrir óflokksbundna

Á landsfundinum Verðandi, ungliðahreyfingu Alþýðubandalagsins, í október árið 1995 var undirtitli félagsins breytt í „Samtök ungs Alþýðubandalagsfólks og óháðra“. Breytingin fól í sér að „óháðir“ voru teknir inn fyrir „óflokksbundni félagshyggjufólk“. Á landsfundinum var Róbert Marshall, núverandi alþingismaður, kosinn formaður. Varaformaður var Stefán Pálsson, sem farið hefur fyrir Samtökum hernaðarandstæðinga, og meðal meðstjórnenda var Katrín Júlíusdóttir, sem nú er iðnaðarráðherra, og Þorkell Máni Pétursson, útvarpsmaður. Stjórn Verðandi réð sér starfskraft og varð Björgvin G. Sigurðsson fyrir valinu. Myndin birtist í Vinstra blaðinu í október 1995.

TIL Á PRENTI

Vilja þeir úrsögn úr EES?

Landsmönnum er eflaust í fersku minni sá ótrúlegi hamangangur sem varð á Alþingi veturinn 1992-93 þegar samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahags- svæðinu var til afgreiðslu. Á ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar dundu vikum og mánuðum saman ásakanir frá stjórnarandstöðunni um stjórnarskrárbrot og ólögmett framsal á fullveldi landsins, sem í daglegu tali er kallað landráð. Að auki var því haldið fram að samningurinn myndi leiða stóraukið atvinnuleysi yfir þjóðina, opna allar gáttir fyrir erlent fjármagn og ódýrt vinnuafli og síðast en ekki síst verða til þess að útlendingar keyptu upp landareignir, laxveiðiar og hlunnindajarðir í stórum stíl.

Flokkarnir sem héldu fram þessum og ótal öðrum fjarstæðukennd-

um fullyrðingum um EES-samninginn hafa lítið á hann minnst nú í kosningabaráttunni. Verður að teljast nokkuð sérkennilegt að þeir skuli ekki heita því nú fyrir kosningar að segja honum upp komist þeir til valda. Það má gera með árs fyrirvara. Samningurinn var nefnilega aldrei hættulegri en það.

Hvernig ber að skilja þögn Alþýðubandalagsins, Kvinnalistas og Framsóknarflokksins um EES-samninginn? Var þeim ekki alvara með andstöðu sinni við þetta mál? Vilja þeir að Ísland gangi úr EES? Eða er þögnin til marks um að þeir virðist ekki að hafa haft rangt fyrir sér og vilji nú að Ísland verði áfram aðili að EES? Kjósendur eiga rétt á að fá skýr svör við þessum spurningum.

GEIR H. HAARDE
MORGUNBLAÐINU
5. APRÍL 1995.

HJARTARPILLAN



Hjörtur undrast hvernig fjármálaráðherra geti tekið peninga sem eru ekki til úr ríkissjóði ætli hann sér að pína skattgreiðendur til að kaupa aftur hlut erlends aðila í HS Orku. „Sósíalísminn er dýru verði keyptur,“ muldraði Hjörtur á meðan hann las í gegnum ársreikninga þeirra opinberu félaga sem tapað hafa töluverðu fjármagni undanfarin ár.

NEÐANMÁLS

HALLDÓR BALDURSSON



SKOÐUN

Fjárfest í orku?

RAGNAR ÖNUNÐARSON



Íslendingar eiga rúmlega 550 milljarða króna í erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða. Fjárfest er í öllum atvinnugreinum, þ.m.t. auðlindum annarra þjóða. Öllum finnst okkur þetta sjálfsgott og eðlilegt, rétt eins og að við fáum aðgengi að vinnumörkuðum og háskólum erlendis, svo dæmi séu tekin. Þessi eign átti sinn þátt í að verja lífeyrissjóðina í hrúninu og um leið heildarstöðu landsins gagnvart umheiminum og þar með sjálfstæði þess.

Þörf er á að auka þessar fjárfestingar. Nú hefur 35% hámark á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða verið hækkað í 50%. Þetta hámark er í orði kveðnu sett til að verja sjóðina gegn gjaldreyrisáhættu. Hlutunum er snúið með þessu á haus, því krónan er einn áhættusamasti gjaldmiðill heimsins. Fremur ætti að lögbinda lágmark á erlendar fjárfestingar sjóðanna.

Tvöfalt síðgæði

Er sjálfsgott að við fáum að fjárfesta erlendis að vild en bönnum öðrum þjóðum að fjárfesta hjá okkur? Varla. Er sjálfgefið að Evrópubúar séu betri erlendir fjárfestar en aðrir? Varla. Erú Kanadamenn ekki ágætir líka? Jú, ekki verður annað séð. Þeir hafa m.a. lengi verið okkur vinveittir og veitt okkur atvinnu- og dvalarleyfi, að því er virðist án takmarkana. Ekki verður séð að þeir séu okkur síður vinveittir en Evrópubúar, t.d. Bretar og Hollendingar upp á síðkastið eða þá Þjóðverjar, sem hafa gert okkur skiljanlegt að þeir ætli að ráða því hvort við veidum hval á okkar heimamíðum. Við erum búin að aðgreina auðlind frá rekstri á orkusviðinu. HS Orka leigir afnotin til þess tíma sem lögin leyfa. Vilji menn stytta þennan lögleyfða tíma, þá gera menn það með breytingum á lögum. Svo einfalt er það. Menn ættu ekki að ásaka erlenda fjárfesta fyrir að nota sér

lögbundin ákvæði sem eru einmitt sett þeim til viðmiðunar.

Okkar elskulega Björk skreppur heim til að hjálpa okkur að verja íslenska náttúru fyrir ásælni erlendra aðila. Hún hefur verið harðdugleg og hefur vist ekki þurft að glíma við atvinnuleysi. Við sem erum að basla hérna heima við að skapa störf og fá hjól atvinnulífsins til að snúast á ný erum samt svolítið hissa á þessari hjálp. Af hverju borgar hún ekki skatta hér heima? Það væri raunveruleg hjálp í því. Það væri líka sómi að því að vera meðal hæstu skattgreiðenda. Hvar borgar hún skattana sína? Hvar er hennar lögheimili annars? Hvar fjárfestir hún og í hverju? Er hún þá „útlendingur“?

Pólitík ríkisfjölmiðlanna

Umræðunni er stillt upp sem andstöðu við Magma Energy. Það er vinstri pólitík starfsmanna ríkisfjölmiðlanna. Andstaða VG er í raun við að útlendingar fái að fjárfesta í auðlindum landsins. Óánægja og ótti flokksmanna með að þurfa að bera ábyrgð á landstjórninni kraumar undir. Magma og forsvarsmönnum þess er stillt upp sem eins konar andstæðingum okkar. Það er rangt og skaðlegt. Ross Beaty og Ásgeir Margeirsson eru menn með áfallalausann feril að baki og þeir eru kunnáttumenn á sínu sviði. Þeir virða lög og reglur og hafa stefnu sem er til þess fallin að efla atvinnulíf landsins og nýta sérstaka kosti þess. Magma og HS Orka geta orðið lykilyfirtæki í viðsnúningi atvinnulífsins til nýrrar sóknar.

Fjárfestingarfélag Magma í Svíþjóð er nefnt „skúffufyrtæki“. Ætli nokkur þjóð hafi notfært sér eignarhaldsfélög í ríkari mæli en Íslendingar á síðustu árum? Erú slík félög ekki alþekkt og notuð hvarvetna? Aðalatriðið er að menn séu ábyrgir í sínum fjárfestingum og rekstri. Séu að gera alvöru hluti. Við vorum ekki barnanna best í þeim efnum. Við skulum því ætla öðrum heilindi á meðan ekki gefst tilefni til annars.

Áhugaverð atvinnugrein

Orkugeirinn er eftirsóknarverður fyrir lífeyrissjóðina af ýmsum ástæðum. Fjárfestingar í orku eru langtímafjárfestingar og lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar. Þetta passar saman. Orkuframleiðslan er líka stöðug, sjóðfélagar kunna einmitt að meta stöðugleika lífeyris síns til langs tíma. Orkufyrirtækin tengjast útflutningsiðnaði, við þurfum augljóslega að afla okkur aukinna erlendra tekna á næstu árum til að borga af okkar miklu erlendu skuldum. Orkufyrirtækin hafa tekjur tengdar erlendum gjaldmiðlum. Fjárfesting í þeim getur því verið ígildi erlendar fjárfestingar. Orkufyrirtækin skapa ný störf. Ný störf skapa fjárstreymi og vöxt í lífeyrissjóðina, sem gerir þá að hagkvæmari rekstrareiningum. Almennt er því æskilegt að lífeyrissjóðir eigi í orkufyrirtækjum. Sjóðirnir fara með almannafé. Vel fer á þessu.

“

Er sjálfsgott að við fáum að fjárfesta erlendis að vild en bönnum öðrum þjóðum að fjárfesta hjá okkur?

Landsvirkjun hefur lengi liðið fyrir pólitískt afskipti og pólitíkusa í stjórn. Sjóðir almennings ættu að koma til liðs við ríkið og gerast með-eigendur. Til greina kæmi að skuldbinda sjóðina á móti, t.d. til að bjóða ríkinu forkaupsrétt. Vegna eðlis starfsmannar gætu sjóðirnir greitt fyrir eignarhluti sína með erlendum gjaldeyri. Vantar ríkið nokkuð peninga núna?

Lífeyrissjóðirnir ættu að kaupa myndarlegan hlut í Magma Energy. Félagið er þegar skráð á markaði í Toronto og því auðvelt um vik. Með þessu væru sjóðirnir að leggja íslensku atvinnulífi lið og að efla þróun umhverfisvænnar orku. Þá væri einnig komið til móts við sjónarmið um íslenskt eignarhald á fyrirtækjum sem starfa í orkuiðnaðinum. Með þessu væri almannafé nýtt til að efla atvinnulífið og skapa störf og vöxt á ný og skapaður grundvöllur sáttar um erlendar fjárfestingar í íslenskum orkuiðnaði. Þá gætum við líka hætt að rífast.

Höfundur er varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

ÓÐINN

Gott uppgjör

Uppgjör Össurar sem birtist í upphafi vikunnar var gott. Hagnaðarstig fyrirtækisins er að aukast, fyrst og fremst vegna tekjuaukningar um 10,7% frá sama ársfjórðungi árið áður, það skilar sér í betri nýtingu á föstum kostnaði. Hagnaður Össurar fyrir fjármagnsliði var 17,8% af veltu en var 14,5% árið áður. Þessi bæting á framlegð upp á 3,3 prósentustig skýrist af því að sölu og markaðskostnaður minnkar um 2,1% sem hlutfall af veltu, þrátt fyrir að hann aukist um 2,3% í raun. Rannsóknar- og þróunarkostnaður lækkar um 0,6% sem hlutfall af veltu en lækkar um 1,6% í raun og annar stjórnunarkostnaður lækkar um 0,4% sem hlutfall veltu en eykst um 7%.

★★★

Það er því ekki að sjá að Össur sé að skrúfa upp arðsemina með því að svelta reksturinn. Hagnaður sem hlutfall veltu eykst úr 2,9% í 15,1%, hagnaðurinn tæplega sexfaldast fer úr 2,4 milljónum dollara á sama tímabili í fyrra í 13,6 milljónir dollara. Stóru liðirnir í uppgjörunu er hagnaður af innbyrðis breytingu gjaldmiðla, en sá liður er jákvæður um 6,3% sem hlutfall af veltu nú en var neikvæður um 5,5% árið áður. Við mat á rekstri fyrirtækisins er eðlilegt að líta framhá þessum lið og gera ráð fyrir að yfir lengri tíma bil jafnist hann út. Afskriftir óefnislegra eigna lækka á milli tímabila úr 4% af veltu í 2% var 3,3 milljónir dollara er nú 1,8.

★★★

Það beinir sjónum að efnahagsreikningi félagsins. Kreddutrúarmenn sem halda að óefnislegar eignir séu rót alls ills í reiknisskilum verða áreiðanlega hissa þegar þeir heyra að óefnislegar eignir Össurar eru 319 milljónir dollara en eigið féð 310 milljónir. Ástæðan er hins vegar sú að Össur hefur stækkað með kaupum á fyrirtækjum og ef arðbær fyrirtæki eru keypt þá þarf að greiða herra verð en sem nemur eigin fé þeirra og það er fært sem óefnislegar eignir.

★★★

Efnahagur Össurar er feykisterkur. Langtímaskuldir félagsins eru 190 milljónir dollara, þar af eru langtíma bankalán 170 milljónir dollara. Á móti þeim á félagið bankainnstæður að upphæð 65 milljónir dollara en afborganir næsta árs eru 25 milljónir dollara, nettó vaxtaberandi skuldir eru því 130 milljónir – aðeins 1,7 sinnum 75 milljón dollara EBITDA síðustu tólf mánaða. Félagið hefur greitt niður langtímaskuldir um 40 milljónir dollara frá áramótum, þar af voru 10 milljónir sem það greiddi hraðar en því bar.

★★★

Miðað við lok síðasta fjórðungs var heildarvirði félagsins deilt með EBITDA um 10,3. Uppgjör síðasta fjórðungs gefur til kynna að félagið geti staðið undir því verði þótt ekki megi mikið útaf bregða. Sé hins vegar litið til þess að stjórnendur félagsins búist við að tekjur aukist einungis lítilliga yfir áður útgefinni spá um 4-6% vöxt að þá reynist mun erfiðara að réttlæta núverandi verð.



Flugstjórinn T.J. „King“ Kong fer áhyggjulaus að kanna ástandið í mynd Kubricks um dr. Strangelove, enda hefur hann gott tak á bombunni.

Evrópa Álagspróf evrópskra banka sefar lítt áhyggjur manna af stöðu bankakerfisins

Ekkert stress

Aðeins sjö bankar af 91 féllu á álagsprófi evrópskra fjármálaeftirlitsstofnana, en nær er að segja að prófið sjálft hafi fallið á prófinu. Bankakreppan er ekki afstaðin en tíminn af æ skornari skammti.

ANDRÉS MAGNÚSSON
andres@vb.is

Álagspróf evrópskra banka, sem gefið var út um liðna helgi, átti að slá á áhyggjur manna af bankakerfi Evrópusambandsins (ESB), en þegar upp er staðið virðist það litlu hafa breytt. Sjálft álagsprófið var enda rækilega gagnrýnt meðan það stóð yfir og nú þegar niðurstöðurnar liggja fyrir hafa þær síst dalað.

Fyrst og síðast horfa menn til þess að af 91 evrópskum banka, skuli aðeins sjö þeirra hafa talist fallið á

álagsprófinu, þannig að þeir þurfi úr að bæta. Það þykir mönnum með nokkrum ólíkindum. Bankakreppan er ekki liðin hjá, millibankamarkaður er enn frosinn, útlán banka eru enn í lágmarki og margir óttast að önnur efnahagslægð – jafnvel kreppa – vofi yfir. Markmið álagsprófsins var að auka traust á milli-bankamarkaði og koma í veg fyrir nýja lánsfjárekreppu, en enn sem komið er bendir fátt til þess að það lukkist.

Álagsprófið var þó ekki fullkomlega til einskis nýtt. Nú hafa menn fleiri tölur að vinna úr en áður og geta lagt þær til grundvallar öðrum útreikningum á stöðu evrópskra banka, þar sem meira raunsæis er gætt. Þá hafa niðurstöðurnar orðið til þess að menn átta sig betur á stöðu bankakerfa einstakra landa ESB og það hefur endurspeglast í hlutabréfaverði og skuldtryggingaálagi evrópskra banka í vikunni. Öfugt við það sem sumir bjuggust við

hefur traust á spænskum bönkum aukist, en ríkari efasemda gætir um þýska banka en áður. Ástæðan er helst sú að þýskir bankar hafa verið tregir til þess að láta uppi hversu mikið af ríkisskuldum af evrusvæðinu þeir hafa í fórum sínum.

Álagslaust álagspróf

Gagnrýnin á álagsprófið hefur helst falist í því að í því hafi sáralítið álag fólgið. Þar munar mestu um að ekki var reynt að segja fyrir um atburðarásina ef evruríki lenti í greiðslufalli, eins og alls ekki er ósennilegt að gæti gerst. Þess í stað var látið nægja að kanna hvað gerst gæti ef ríkisskuldur á evrusvæðinu lækkuðu í verði um 8,5% að jafnaði, hinar grísku mest, um 23,1%.

Það lýsir óneitanlega nokkurri bjartsýni. Komi ekki beinlínis til greiðslufalls gera helstu greinendur ráð fyrir því að samið verði um grískar ríkisskuldur á næsta eða þar-næsta ári með 30% afföllum.

Þá er gagnrýnt að jafnvel ýtrasta áreynsla prófsins hafi einkenst af fráletri óskhyggju á ótal sviðum. Í mestu þolrauninni fólst t.d. athugun á því hvað gerðist ef húsnæðisverð á Grikklandi félli um heil 2%! Margir héldu fyrst að um prentvillu væri að ræða, nær væri að gera ráð fyrir 20% falli þess. Í Austurríki var versta sviðsmyndin á fasteignamarkaði sú að verðið hækkaði um 2,7%. Þá var gert ráð fyrir því að í nýrri efnahagslægð myndu hagvöxtur allra evruríkja dragast jafnt saman, sem hver maður veit að er firra.

Ekki þótti það heldur traustvekjandi, að sjálft viðmiðið um hvort bankar væru í hættu eða ekki, var hvort eiginfjárlutfallið næði 6%. Eðli máls samkvæmt er eiginfjárlutfall bankayfirleitt í lægra lagi, en menn seilast sjaldan svo lágt. 8-10% þykir nær lagi. Er enda á það bent að fjöldi banka, á borð við Allied Irish, Deutsche Post Bank, Espirito Santo, Monte dei Paschi og Piraeus, hefði



Álagsprófið

Hið evrópska álagspróf var gert meðal 91 fjármálastofnunar af ýmsum stærðum og gerðum. Eiginfjárlutfall þeirra var reiknað út miðað við almennar (hóflega bjartsýnislegar) horfur árin 2010 og 2011, en síðan var það einnig reiknað út ef ástandið versnaði og loks miðað við verulega mótdræga þróun, þar sem áhætta vegna ríkisskuldna ykist mikið.

Í álagsprófinu var lítið svo á að eiginhlutfallið mætti ekki fara niður fyrir 6%, en almennt er lítið svo á að æskilegt eiginfjárlutfall banka sé 10-12%. Niðurstöðurnar voru þær að 84 bankar og sparisjóðir stóðust það, margir þó mjög naumlega og í trausti um opinberan stuðning ef á bjátaði.

Bankarnir sem féllu voru **Hypo Real Estate** í Þýskalandi, **ATEbank** í Grikklandi, **Banca Civica**, **Diada**, **Espiga**, **Unnim** og **Cajasur** á Spáni.






fengið falleinkunn ef miðað hefði verið við 7% eiginfjárlutfall. Eins var lítið hjá ýmsum kúntum við mat á eignum og af bönkunum 84, sem þó töldust hafa staðist álagsprófið, reiddu 38 sig á ríkisstuðning til þess!

Uppgjör í aðsigi

Vandi Evrópusambandsins minnkadi ekki við birtingu álagsprófsins, en á móti kemur að hann jókst ekki heldur. En það er sífellt minni tími til þess að greiða úr honum. Þó hann lýsi sér sem efnahagsvandi er rötin ekki síður pólitísk og lausnin verður það óhjákvæmilega líka, eigi evran ekki að liðast í sundur.

Þar takast á Frakkar og Þjóðverjar, hinir fyrrnefndu vilja auka efnahagslega miðstýringu ESB, meðan hinir síðarnefndu vilja aukið aðhald, bæði á markaði og gagnvart einstökum ríkjum, þar fari út af beinu brautinni. Þjóðverjar hafa sjálfsgagt nauman meirihluta að baki stefnu sinni meðal ESB-ríkjanna 27, en Frakkar aftur nauman meirihluta meðal evru-ríkjanna 16.

Hvernig sú tröllaglíma fer er ómögulegt að segja, en þar geta ör-lög sjálfs Evrópusambandsins ráðist. Fáum blandast enda hugur um að ESB þarf tilfinnanlega að endurnýja erindi sitt, umboð og forystu eftir hremmingar undanfarinna missera. Þar dugi ekki lengur óskhyggja og ótti við óþægilegar staðreyndir líkt og álagsprófið álagslausa einkenndist óneitanlega af.



Íslenskt hugvit

Hópvinnukerfi

Skjala- og upplýsingastjórnun

Öflug leit

Rafræn vistun

Fundargerðir

Tölvupóstur

Innri / ytri vefir

Landupplýsingar



Teikningar

Vefstjórnun

Málaskrá

Myndbönd

Verkefnastjórnun

Aðgangsstýring

Form

Skönnun

Sameiginlegt drif

Eyðublöð

Vinnusvæði

Ljósmyndir

Sniðmát

Allar upplýsingar á einum stað

Heildarlausn til hagræðingar

- Skjala- og upplýsingakerfið Core² (Enterprise content mangagement)
- Ráðgjöf í stefnumótun, verkefnastjórnun og skjalastjórnun
- Sérfræðingar í skönnun og skráningu
- Varðveisla í öruggu húsnæði
- Hugbúnaðarlausnir
- Rafræn vistun



Grénásbraut 720 • 235 Reykjanesbæ
Bæjarhrauni 22 • 220 Hafnarfirði
Sími 5531000

www.gagnavarslan.is



“

Eitt best geymda leyndarmálið í þessu öllu saman er að það var mjög stirt á milli mín og stjórnenda Landsbankans.

Ég vil gera hreint fyrir mínum dyrum

Björgólfur Thor Björgólfsson, athafnamaður og fjárfestir, er umdeildur maður og hefur, gegn sínum vilja, verið settur undir sama hatt og þeir sem hvað mest voru áberandi í íslensku viðskiptalífi fyrir hrun. Í viðtali við Viðskiptablaðið fer Björgólfur Thor yfir mörg þeirra mála sem hafa snúið að honum sl. ár. Þar má til dæmis nefna hlut hans í Landsbankanum, samskiptin við stjórnendur Landsbankans, umræðuna um hann sjálfan, fall Straums og margt fleira.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Eins og tilkynnt var um í síðustu viku hefur Björgólfur Thor komist að samkomulagi við kröfuhafa um að greiða upp skuldir sínar. Nánar er fjallað um samkomulagið í sérdálki hér til hliðar en í samtali blaðamanns við Björgólf Thor má greina að það skipti hann miklu máli að klára sín mál.

Björgólfur Thor kemst í því samhengi þannig að orði að honum finnst miður að allir þeir sem hafa verið áberandi í viðskiptalífinu hér á landi síðustu ár séu settir undir sama hatt. Það hafi verið gert bæði fyrir hrun og þannig sé það ennþá í dag.

„Ég legg áherslu á að klára mín mál með sóma og aðskilja mig frá þeim sem voru í miklum þykjustu viðskiptum hér síðustu ár fyrir hrun,“ segir Björgólfur Thor aðspurður um þetta.

„Menn gera ráð fyrir að allir hafi hagað sér eins og geri það enn. Það þarf hins vegar að skoða hlutina í réttu ljósi. Ég kom heim með milljónir dala í reiðufé þegar ég byrjaði að fjárfesta hér á landi. Ég var á allt öðrum stað en nokkur annar gerandi eða fjárfestir hér á landi. Það sem ég er að reyna að segja er að ég er á allt öðrum stað en flestir þeir sem hafa verið áberandi í viðskiptalífinu síðustu ár, ég byrjaði á öðrum stað og verð á öðrum stað en þeir sem eru að forðast það í lengstu lög að gera upp sínar skuldir og forðast alla ábyrgð.“

Þér líkar þá væntanlega illa að vera settur undir sama hatt og hinir svokölluðu útrásarvíkingar?

„Já, enda er ég ekki útrásarvíkingur. Ég var ekki að flytja út peninga. Ég kom með töluvert fjármagn inn í landið síðustu ár, raunar í svipuðum mæli og aðrir töldu sér sæmami að flytja fé úr landi,“ segir Björgólfur Thor.

„Þegar ég tók Actavis af markaði [haustið 2007] mokaði ég inn milljórdum evra frá erlendum bönkum inn í kerfið hér heima. Einhvern veginn kjósa menn alltaf að horfa framhjá því. Heildarverðmæti viðskiptanna voru um 5,3 milljarðar evra og þar lagði Novator fram um einn milljarð evra sem eigið fé.“

Í yfirlýsingunni í síðustu viku talaðir þú um að viðskipti þín einkenndust

af raunverulegum viðskiptum með raunverulegar eignir, en ekki mála-myndaviðskiptum með ímyndaðar eignir sem hefðu verið ríkjandi í íslensku viðskiptalífi á undanförunum árum. Hvað áttu við með því?

„Ég hef í gegnum tíðina keypt fyrirtæki og selt þau aftur til óskyldra aðila. Ég kem að fyrirtækjum, kaupi þau af þriðja aðila og sel þau aftur til fjórða aðila fyrir hærra verð. Mismunurinn er raunverulegur hagnaður,“ segir Björgólfur Thor.

„Hér heima gengu hlutir kaupum og sölum á milli tengdra aðila í einhvers konar hringrás. Þetta var algjört bull. Þetta var einhvers konar eignabóla sem þandist út og var blásin upp af skuldsetningu. Hérna heima seldu menn aldrei neitt í alvörunni. Menn voru

kannski að selja niður til tengdra aðila en það var aldrei skorið á nein eignartengsl. Þegar ég seldi félög seldi ég aðilum sem ég þekkti ekki eftir að hafa keypt þau af aðilum sem voru ekki skyldir mér. Mörkin voru skýrari, það voru kaupendur og seljendur. Hér heima voru menn að selja félög innan samstæðna, gefandi út víkjandi lán, framvirka samninga og hitt og þetta. Sterling-bullið er besta dæmið um þetta. Þetta var fátíðlegt. Menn gortuðu sig af því að búa til mesta hagnað Íslandssögunnar á meðan þeir voru bara að byggja spilaborg.“

En staðreyndin er samt sú að þú ert settur undir sama hatt og aðrir áberandi aðilar í viðskiptalífinu.

„Já já, það er líklega langeinfaldast að setja alla undir sama hatt.“



Það tekur tíma að leiðrétta það og ég þarf að sýna þolinmæði.“

Nýtur engra sérréttinda

Sumir hafa haldið því fram að þú njótir einhverra sérréttinda við skuldauppgjör þitt, hverju svarar þú því?

„Ég nýt engra sérréttinda, ég legg allar eignir á borðið og borga allar skuldir,“ segir Björgólfur Thor.

„Bankarnir eru með samningum við mig að komast í miklu betri aðstöðu en þeir hefðu gert ella. Ég er vissulega að fá tíma, en það er enginn afsláttur gefinn og það eru engin sérréttindi fölgín í þessu. Ég átti gríðarlegar eignir, miklu meiri eignir en aðrir hér heima. Ég var með mjög stórt eiginfjárlutfall þegar ég skoðaði mitt eigið uppgjör áður en þetta ferli hófst. Það kemur því ekki á óvart að ég skuli eiga fyrir skuldum, hins vegar má lítið út af bregða.“

Björgólfur Thor segist hafa byrjað snemma að hugsa fyrir þessum hlutum. Þannig hafi hann árið 2007 selt töluvert af eignum til að losa um fjármagn.

Það einkennið einmitt viðskipti þín það ár, að þú seldir mikið. Sástu fyrir hvað var að fara að gerast?

„Ég tók eftir því þegar ég var að skoða eignir til að kaupa að það voru allt í einu margir aðilar að skoða þær eignir á meðan einn til tveir aðilar höfðu verið í þeim hugleiðingum skömmu áður. Ég hugsaði með mér þá að ef það voru svona margir um hituna sem vildu kaupa þá væri frekar ráð að selja,“ segir Björgólfur Thor.

„Eins og ég sagði áðan þá voru menn sífellt að skuldsetja sig hér heima, keyptu og keyptu en seldu aldrei neitt. Mönnum var klappað á bakið og hrósað í fjölmiðlum fyrir

að kaupa hin og þessi fyrirtæki og það voru taldar góðar fréttir. En það getur hver sem er keypt fyrirtæki ef hann borgar bara nægjanlega hátt verð. Kaupin eru ekki góðar fréttir, það er salan sem er góð frétt. Á þessu ári vorum við byrjaðir að losa til okkar fjármagn og töldum rétt að innleysa hagnaðinn. Ég hef alltaf talið að alvöru fjárfestar eigi ekki að sitja of lengi á hlutum heldur selja þá. Menn þurfa að selja reglulega til að greiða niður skuldir.“

Björgólfur Thor segir að þær ráðstafanir séu að skila sér í dag. Það breyti því þó ekki að hann hafi ekki séð bankahrunið fyrir, enda hafi það verið mun alvarlega og skelfilegra en nokkurn mann gat grunað.

„Mig grunaði ekki hvað var að fara að gerast fyrr en það gerðist. Mér datt ekki í hug að þetta gæti endað svona,“ segir Björgólfur Thor.

Hrunið verði sett í alþjóðlegt samhengi

Þá viku sögunni að bankahruninu í október 2008 og birtingu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sl. vor. Björgólfur Thor hefur áður tjáð sig um innihald skýrslunnar og meðal annars gagnrýnt það að hafa ekki fengið kost á því að tjá sig við rannsóknarnefndina í ljósi þess hve oft hans er getið í skýrslunni.

Um hrunið sjálf og hvort mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir það segir Björgólfur Thor að erfitt sé að segja til um slíkt. Auðvelt sé að vera vitur eftir á en hann hafi lítið velt sér upp úr „ef og hefði“ spurningum varðandi hrunið þó svo að slíkar hugsanir leiti eðlilega á hann.

„Kerfið var orðið mjög þanið en það sem mér finnst verst við alla nálgun á hruninu hér heima er að það er sjaldan sett í alþjóðlegt samhengi. Menn tala stundum eins og fjárhagslegar hörmungar hafi bara átt sér stað á Íslandi og við höfum verið einir í þessu og heimurinn haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist,“ segir Björgólfur Thor.

„Það varð fjárhagsleg flóðbylgja í heiminum og íslensku flóðgarðarnir voru því miður ekki nógu háir þannig að við förum verr út úr því en aðrir. Við förum hins vegar ekki svo miklu verr út úr því en aðrir, horfum á Írland og Grikkland, og þetta er alls ekki búið. Það eru margar þjóðir enn í vandræðum. Það er mjög villandi hvernig menn sleppa því sífellt að setja þetta í alþjóðlegt samhengi.“

Það eru samt nokkrar spurningar sem hefur ekki verið svarað. Hvað varst þú t.d. að gera með bankastjórnendum í Ráðherrabústaðnum helgina fyrir bankahrunið (1. okt. 2008), og varst þó ekki í stjórn Landsbankans?

„Ég var þar sem fulltrúi hluthafa enda var ég stærsti hluthafinn. Þarna var meðal annars verið að ræða um mögulega sameiningu banka og ég var kallaður á fund sem fulltrúi hluthafa og spurður að því hvort ég myndi styðja slíkt,“ segir Björgólfur Thor.

„Exista-menn biðu hinum megin við götuna enda stærstu hluthafar í öðrum banka. Menn spurðu okkur

hvort við myndum styðja sameiningu bankanna. Ef við hefðum allir gert það hefðu aðrir hluthafar, s.s. lífeyrissjóðirnir, mögulega samþykkt það líka. Tíminn var naumur og menn þurftu að vera upplýstir um stöðu mála og til staðar að taka mikilvægar ákvarðanir.“

Leit á Sigurjón sem Svarta Pétur

Annað sem haldið hefur verið fram er að þú hafir verið skuggastjórnandi í Landsbankanum fyrir hrun. Hverju svarar þú því?

„Það er bara bull, ég réði engu í Landsbankanum. Það eru mörg

dæmi sem sýna fram á það,“ svarar Björgólfur Thor.

„Eitt best geymda leyndarmálið í þessu öllu saman er að það var mjög stirt á milli mín og stjórnenda Landsbankans. Sumir þeirra græddu rosalega á viðskiptum við mig, en þoldu mig illa af því að mér fannst þeir vera of einsleitir í útlánastefnu sinni og ekki endilega hæfustu menn til að stjórna erlendu starfseminni. Ég gagnrýndi þá meðal annars mikið fyrir að vera of einsleitir við val á stjórnendum, t.d. fyrir að velja bara Íslendinga, en sú gagnrýni bar ekki mikinn árangur. Auk þess var ég

stjórnarformaður hjá samkeppnisaðila þannig að lögin leyfðu ekki að ég skipti mér af stjórn Landsbankans.“

Talandi um samskipti þín við stjórnendur Landsbankans. Sagan segir að þú hafir lítið á Sigurjón Þ. Árnason sem nokkurs konar Svarta Pétur í bankanum og verið ósáttur með gífurlegar lánveitingar hans til Baugs. Er það rétt?

„Já, það er alveg rétt. Hann hafði ráðið í lykilstjórnunarstöður bankans samstarfsmenn sína úr gamla Búnaðarbankanum og hafði því mikil völd í bankanum.



„Mönnum var klappað á bakið og hrósað í fjölmiðlum fyrir að kaupa hin og þessi fyrirtæki og það voru taldar góðar fréttir. En það getur hver sem er keypt fyrirtæki ef hann bara borgar nægjanlega hátt verð. Kaupin eru ekki góðar fréttir, það er salan sem er góð frétt,“ segir Björgólfur Thor.

Allar eignir lagðar undir í skuldauppgjöri

Fjallað var um skuldauppgjör Björgólfs Thors í Viðskiptablaðinu í síðustu viku en í stuttu máli felur það í sér að allur arður af eignum hans mun á næstu árum renna beint til kröfuhafa þang að til skuldarnar eru uppgreiddar.

Aðspurður um uppgjörið og hvaða eignir verða áfram á hendi Björgólfs Thors segir hann að í raun muni hann halda áfram öllum sínum eignum og fara fyrir þeim. Kröfuhafar muni hafa forgang að eignunum, það eigi við um allt hans eignasafn. Sú breyting hafi hins vegar orðið á, frá því sem áður var, að einstaka kröfuhafar hafi haft veð í einstökum eignum en eftir því sem Björgólfur Thor lýsir sjálfur má líkja þessu við að búið hafi verið til nokkurs konar samsteypa eigna sem kröfuhafar hafi aðgang að eftir vægi krafna. Inni í þessu eignasafni má einnig finna persónulegar eignir, s.s. sumarbústaðajörð á Íslandi, fjölskylduhúseign í Reykjavík og fleira. Það eru að sögn Björgólfs Thors skuldausar eignir og því lagðar inn sem eigið fé.

„Þarna eru allar mínar eignir undir,“ segir hann.

„Í raun má segja að þarna sé orðið til eignahlutafélag og kröfuhafarnir eru stærstu hluthafarnir. Það sem hins vegar er ólíkt öðrum hlutafélögum er að ákveðnum forsendum uppfylltum munu þeir með tímanum hverfa sem „hluthafar“ og ég gæti fengið aftur full yfirráð yfir þessum eignum.“ Björgólfur Thor áætlað að uppgjörið muni taka þrjú til sex ár, það séu raunhæf tímamörk, þótt hann útiloki ekki að það gæti klárast fyrr.

En augljós spurning er, hvernig kemstu hjá því að verða persónulega gjaldþrota?

„Með því að semja við alla mína kröfuhafa með sanngjörni, gagnsæi og fullt uppgjör að leiðarljósi. Ég tefdi öllum mínum eignum fram,“ svarar Björgólfur Thor að bragði.

„Ég hef ekki búið á Íslandi í rúm tuttugu ár og á því lítinn líf-

eyri inni hér á landi. Hins vegar hef ég fært þá peninga sem ég hef ætlað fyrir mig og fjölskyldu mína í framtíðinni inn í erlenda eignarsjóði, svokallaða trust funds. Þetta eru töluverðar eignir. Ég setti þetta upp á sínum tíma því það hefur verið talsvert um gjaldþrot í minni fjölskyldu í gegnum tíðina og ég hef verið markaður af því. Þannig að ég hef alltaf hugsað fyrir því og sett til hliðar pening ef erfiðleikar kæmu upp. Ég hef hins vegar opnað þetta fyrir lánardrottnum núna og lagt þetta undir í skuldauppgjörinu. Þetta er eitthvað sem kröfuhafar hafa aldrei haft aðgang að áður. Þetta átti að verða fjölskyldusjóður en ég hef opnað það.“

Er ekki áhætta fölgín í því persónulega?

„Jú, það er það vissulega en ef ég hefði ekki gert það hefði ég líklega orðið persónulega gjaldþrota og samt setið á mikið af eignum,“ segir Björgólfur Thor.

„Ég er enn ungur maður og ég gat ekki hugsað mér annað en að gera hreint fyrir mínum dyrum. Ég get sagt hreint út, að ég hefði getað látið banka ganga að mér og lýst mig gjaldþrota, en haldið háum fjárhæðum í sjóðum. Ég hefði getað lifað áfram í vellystingum á því fé. En þá hefði ég verið á stöðugum flóta frá samfélaginu. Slíkt líf hlýtur að vera algjörlega óþolandi og ég get ekki sett mig í spor þeirra sem berjast um á hæl og hnakka til að forðast að gera upp sín mál. Mér tókst að semja með því að leggja allar eigur á borðið og ávinna mér þannig traust viðsemjendanna. Þegar þeir höfðu fullvissað sig um að ég hefði ekkert að fela voru þeir reiðubúnir að semja. Ef þeir hefðu haft ástæðu til að tortryggja mig, þá er alveg víst að þeir hefðu knúið mig í gjaldþrot. En með því að leggja öll spilín á borðið tókst mér að viðhalda traustu viðskiptasambandi við lánardrottina mína. Menn sem hafa farið í gegnum svona þrængingar og sýnt að þeir séu borgunarmenn geta knúið dyra hvar sem er.“

Ég gat sagt það og lýst því yfir en það var ekkert farið eftir því,“ segir Björgólfur Thor.

„Það sem mér fannst um íslenska kerfið er að það tók mikla áhættu hér innanlands. Ég lagði áherslu á annað í þeim banka sem ég var í stjórn, Straumi. Ég réði til mín erlenda sérfræðinga til að stjórna bankanum og lagði aðrar áherslur á útlánastarfsemi hans. Enda kom á daginn að Straumur lifði hrúnið af.

Baug s eða bara af því að þau voru til eins aðila?

„Á sínum tíma vissi ég að Baugur var stór viðskiptavinur Landsbankans en ég vissi ekki hversu stór og alls ekki hversu gríðarlega há lánin til Baugs og tengdra aðila voru. Ég mátti ekki vita það. En mér fannst og finnst þessi miklu lán einkennileg,“ segir Björgólfur Thor.

„Mér fannst Baugur bara vera með eitt viðskiptamódel á þess-

um tíma; að auka við skuldir. Þeir voru sífellt að auka við skuldirnar, alltaf að kaupa og kaupa en ég sá þá aldrei selja einn einasta hlut. Mín aðal gagnrýni var sú að ég sá þá aldrei selja neitt. Það voru mín áhyggjuefni.“

Sér eftir því að hafa keypt Landsbankann

Oft hefur því verið haldið á lofti að einkavæðing bankanna hafi verið

mislukkað að því leyti að þeir hafi verið seldir aðilum sem ekki kynnu með banka að fara, svo vitnað sé í margendurtekna orðræðu. Það liggur því við að spyrja Björgólf Thor, sem keypti annan ríkisbankanna ásamt föður sínum í lok árs 2002, hvað honum finnst um þessa umræðu.

„Einkavæðingin snerist að miklu leyti um það að það vantaði erlent fjármagn inn í landið,“ segir Björgólfur Thor.

„Við lýstum yfir áhuga og sögðumst vera reiðubúnir að koma með erlent fjármagn til landsins. Við höfðum áætlanir um að ráða vana íslenska bankamenn til starfa og það er það sem við gerðum. Með tíð og tíma ætluðum við að fá reynslubolta erlendis frá sem ég síðan gerði með Straum.“

Björgólfur Thor segir þó að einkavæðingarferlið hafi breyst mjög mikið frá því að hann kom fyrst að því, það hafi nánast stökkbreyst.

„Allt í einu kom einhver S-hópur að ferlinu, fékk að kaupa VÍS út úr Landsbankanum og keypti annan bankann sem var bara hálfgerð grín,“ segir Björgólfur Thor.

„Þeir komu ekki með neitt erlent fjármagn inn í landið og það var enginn erlendir fjárfestir. Allt í einu voru búnir til einhverjir skuldásúpeningar til að rétt pólitískt tengdir menn gætu eignast bankann. Þetta var bara algjört bull. Við höldum að við fengjum einhvern tíma til að koma Landsbankanum á ról áður en hinn bankinn yrði seldur. Forskotid sem við hefðum mögulega fengið var tekið af okkur.“

Þá segir Björgólfur að eðlilegast hefði verið að selja Landsbankann og Búnaðarbankann með tveggja ára millibili líkt og gert var með FBA tveimur árum áður. Þannig hefði mögulega fengist hærra verð fyrir Búnaðarbankann og þá hefði ekki hlapið þessi mikli og skyndilegi vöxtur í bankakerfið eins og raunin varð með yfirtöku Kaupþings á Búnaðarbankanum.

Sérðu eftir því að hafa keypt Landsbankann?

„Já, þú getur rétt ímyndað þér. Ég hef verið að kaupa og selja fyrirtæki úti um allan heim og ég hef aldrei tapað eins miklu og á Landsbankanum,“ segir Björgólfur Thor.

„Við komum með milljarða í reiðufé til landsins sem við töpuðum. Fyrir utan það fór allur arður úr úr Landsbankanum og ríflega það í að kaupa hluti í bankanum. Alls fékk Samson um 4,5 milljarða í arð út úr Landsbankanum. Einn milljarður var greiddur út til hluthafa. Við tókum hins vegar þátt í öllum hlutafjárukningum fram til 2006 og greiddum alls um 30 milljarða fyrir hlutinn sem við áttum við fall bankans. Þetta er allt tapað í dag. Þetta var hörmuleg fjárfesting, við töpuðum tugum milljarða á henni.“

Aðrir vildu fá að vera með

Björgólfur Thor var sem kunnugt er stærsti hluthafinn og stjórnarformaður Straums þegar bankinn var tekinn yfir af stjórnvöldum vorid 2009. Nánar er fjallað um hrún, eða yfirtöku eftir því hvernig á það er litið, bankans hér til hlíðar en þó er ýmislegt sem gagnrýnt hefur verið við stjórn og útlánastarfsemi bankans. Þannig segir í nýlegri skýrslu PricewaterhouseCoopers, sem kynnt var á kröfuhafafundi í júní sl., að viðskipti bankans við Björgólfsfedga hafi farið yfir mörk um stórar áhættuskuldbindingar. Það er hins vegar rétt að taka fram að slitastjórn bankans hefur enn ekki séð ástæðu til að rifta gjörningum sem tengjast Björgólfi Thor eða föður hans.

Aðspurður um lánasafn Straums tengt Björgólfi Thor segir hann að ekki hafi átt sér stað óeðlilegar lán-

„Mín stefna hefur alltaf verið sú að vera lítill fiskur í stórrí tjörn en ekki stór fiskur í lítilli tjörn. Ég brá einu sinni út af því, með því að fjárfesta hér á landi. Það var óheillaspor, ég hef lært af þeirri reynslu og ég hygg að ég geri það ekki aftur. Ég held að það sé best fyrir mig að búa og starfa erlendis.“

Það er ekkert launungarmál að mín hugmynd var sú að sameina Straum og Landsbankann og láta þessa erlendu reynslubolta taka við. Ég náði því hins vegar ekki í gegn, það ætti að segja til um hversu góður „skuggastjórnandi“ ég var í Landsbankanum.“

En hafðir þú ekki, sem stærsti hluthafinn í Landsbankanum, tök á því að skipta um stjórnendur ef þú varst ósáttur við þá?

„Það var ekki svo einfalt. Ég kvartaði mikið undan Sigurjóni en það þýddi ekki að ég gæti komið honum úr starfi ef ég vildi,“ segir Björgólfur Thor.

„Ég var auðvitað ekki eini hluthafinn, Landsbankinn var almenningshlutafélag og samkvæmt til mælum var Samson með aðeins tvo menn í bankaráði og því í minnihluta. Líklega hefði komið mörgum spáskt fyrir sjónir ef skipt hefði verið um stjórnendur þegar allt gekk vel á yfirborðinu. Hagnaðurinn var góður og bankinn var að mörgu leyti vel rekinn. Menn hefðu hiklaust spurt hvort verið væri að taka einhverjar geðþóttaákvæðanir, þar sem ekki væri tekið tillit til hagsmuna almennra hluthafa. Það þarf að færa sterk rök fyrir því að skipta um stjórnendur. Þetta var flókið mál.“

En varðandi lánin til Baugs. Varstu ósáttur af því að þetta voru lán til

FME keyrði Straum niður með handafli

Nokkuð hefur verið deilt um og margar meiningar verið um fall Straums í mars 2009. Rétt er að geta þess að í október 2008 leituðu allir viðskiptabankarnir að fyrra bragði til Fjármálaeftirlitsins (FME) og báðu það um að taka yfir starfsemi bankanna. Í tilfalli Straums var því öfugt farið enda var að FME sem tók yfir starfsemi bankans snemma morguns þann 9. mars 2009. Í nýlegu uppgjöri skilanefndar bankans kemur fram að hann eigi um 60% upp í kröfur. Aðspurður um þetta segir Björgólfur Thor að málið í heild sé mjög skrýtið og að hann sé enn afar ósáttur við það hvernig Straumur hafi verið „keyrður niður“ eins og hann kemst að orði.

„Við vorum með mjög sterkan efnahagsreikning en þurftum aðstoð með lausafé. Við höfðum í um tvö ár reynt að fá gengi bankans skráð í evrum til að komast út úr íslensku krónunni og laða frekar að erlenda fjárfesta til að standa með bankanum við aðstæður sem þarna höfðu skapast. Sú heimild var af undarlegum pólitískum ástæðum aldrei veitt,“ segir Björgólfur Thor.

„Þegar þarna var komið sögu hafði fjármálaráðuneytið lýst vilja til að koma að þessu, ráðuneytið taldi að það myndi styrkja hagkerfið ef Straumur héldist öflugur. Við vorum í sambandi við kröfuhafa sem voru tilbúnir til að vinna með okkur í þessu. Kröfuhafar báðu um að ég legði fram aukilið hlutfé, sem ég gerði með því að leggja fram nánast allt það reiðufé sem ég átti viku áður en bankinn var tekinn yfir. Við gerðum allt sem við sögðumst ætla að gera. Seðlabankinn var búinn að gefa ákveðið viljandi fyrir þessu öllu saman.“

Björgólfur Thor segir að nokkrum dögum áður en bankinn hafi fallið hafi verið haldinn stjórnarfundur í bankanum þar sem fram kom að gengi bankans væri um 0,14 sinnum eigið fé. Þá hafi stjórn bankans litið svo á, miðað við efnahagsreikning bankans og miðað við að um 80% af innkomu

hans kæmi til af erlendri starfsemi, að bankinn væri aðeins að litlu leyti háður íslensku niðursveiflunni.

„Þegar ljóst var að Straumur fengi ekki fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum, af ástæðum sem mér eru enn ekki skiljanlegar, ákváðum við að óska eftir greiðslustöðvun. Á þeim tíma gerðum við ráð fyrir því að geta greitt kröfuhöfum 100% og átt afgang fyrir hluthafa,“ segir Björgólfur Thor

„Við höfðum samband við lögfræðinga til að undirbúa beiðni um greiðslustöðvun, sem er í takt við lög landsins. Þá greip FME inn í og beitti sér með handafli til að taka bankann yfir á grunni neyðarlaganna. Neyðarlögin voru sett vegna viðskiptabanka, til að vernda inneignir almennra borgara. Straumur var ekki viðskiptabanki í þeim skilningi, það voru 25 innistæðueigendur og allir fagfjárfestar. Það að beita neyðarlögunum, tæpu hálfri ári eftir bankahrúnið, var alveg út í hött. Straumur hafði sýnt fram á að hann gæti komist af í alþjóðlegu umhverfi.“

Björgólfur Thor segir að það að meina stjórninni að sækja um greiðslustöðvun hafi skadað bæði kröfuhafa og hluthafa bankans. Þannig hefðu heimturnar orðið mun meiri ef bankinn hefði fengið að fara í tímabundna greiðslustöðvun. Aðspurður segist Björgólfur Thor ekki kunna skýringar á aðgerðum FME í þessu máli. Hann vonast þó til að einhver fari yfir málið síðar, hann sé líklega ekki besti maðurinn til þess. Þá segir Björgólfur Thor, aðspurður, að til greina hafi komið að flytja bankann úr landi eftir bankahrúnið haustið 2008. Hann segir að þörf hafi verið á því að fá gengi bankans skráð í evrum en ekki krónum, ekki hafi dugað að uppgjör bankans væri í evrum.

Björgólfur Thor segir að stjórn bankans hafi verið langt komin í viðræðum við bresku félag og gerðar hafi verið áætlanir um að sameina bankann bresku félagi, sem þó var minna en Straumur, sem þegar var skráð í kauphöllina í Lundúnum. Af augljósum ástæðum gengur þær fyrirætlanir aldrei eftir.

veitingar frá bankanum til sín og enn hafi ekkert komið fram sem sýnir fram á að svo hafi verið.

Eitt sem hefur þó verið bent á, og gagnrýnt, er að Straumur átti hlut í pólsku símafyrirtækjunum Netia og P4. Hlutirnir voru geymdir í fjárfestingarsjóði í 100% eigu bankans, Novator One LP. Sjóðurinn var síðan rekinn af Novator Partners, félagi í eigu Björgólfs Thors.

Félag í þinni eigu rak því sjóð sem var í fullri eigu almenningshlutfélagsins Straums þar sem annað félag í þinni eigu var langstærsti eigandinn og þú sjálfur stjórnarformaður. Telur þú að þetta séu eðlilegir viðskiptahættir?

„Það var ekkert óeðlilegt við þetta, þvert á móti,“ segir Björgólfur Thor.

„Ég var búinn að vera í verkefnum erlendis sem bæði Landsbankinn og Straumur höfðu tekið þátt í og grætt á. Það komu ýmsir aðilar til mín sem lýstu yfir áhuga á því að „fá að vera með“ í því sem ég var að gera erlendis. Ég sagði, gott og vel, þá er best að búa til eitthvert kerfi í kringum þetta. Best var að setja upp sjóð sem þeir gætu fjárfest í og ég myndi reka.“

Björgólfur Thor bendir á að hann hafi ráðið til sín færa erlenda aðila, meðal annars frá Merrill Lynch og Deutsche Bank, til að stjórna sjóðnum frá Lundúnum og þeir stjórn honum enn. Þarna hafi verið komið tækifæri fyrir aðra til þess að vera með í verkefnum hans erlendis.

„Burðarás, sem ég átti hlut í þá, vildi vera með og sagði já. Straumur, þar sem ég átti aðeins 2% þá, lýsti sömuleiðis yfir áhuga. Þarna söfnuðust um 200 milljónir evra,“ segir Björgólfur Thor.

„Glitnir sagði hins vegar nei takk og það gerði Landsbankinn líka. Ég sagði þá við stjórnendur Landsbankans að þarna gætu þeir fjárfest og fengið gert upp við sig ársfjórðungslega. Þeir höfnuðu því samt og vildu einbeita sér að útlánum. Það pirraði mig og olli mér vonbrigðum að þeir skyldu ekki sýna þessu áhuga.“

Björgólfur Thor segir að hann hafi hins vegar ekki haft nein tók á því að breyta ákvörðun stjórnenda Landsbankans og vísar því þannig enn á bug sem rætt var um hér fyrir, að hann hafi verið skuggastjórnandi að Landsbankanum.

„Svona varð Novator One til og gekk mjög vel. Við högnuðumst á fjárfestingum í Englandi, Grikklandi, Finnlandi og Póllandi svo dæmi sé tekið. Þessi sjóður gengur enn mjög vel og er meðal stærstu eigna Straums í dag. Sjóðurinn er enn rekinn af Novator Partners. Þetta eru mjög eðlilegir viðskiptahættir, allt upp á borðum og allar nauðsynlegar upplýsingar í ársreikningum sjóðsins.“

Lítið spenntur fyrir fjárfestingum á Íslandi

Blaðamaður heyrir fljótt að Björgólfur Thor er lítt fánlegur til að tjá sig um þjóðfélagsmálin hér á landi, t.d. um stjórnsmál, gengismál og svo frv. Hann segist ekki fylgjast mikið með umræðunni en þó sé augljóst að endurreisnin gangi hægar en menn höfðu vonað.

EKKI VERÐUR ÞÓ HJÁ ÞVI KOMIST AÐ

spyrja Björgólf Thor um mögulega uppbyggingu íslensks hlutabréfamarkaðar og þátttöku hans í íslensku atvinnulífi í framtíðinni. Um hlutabréfamarkaðinn segist Björgólfur Thor lítið getað spáð, það sé þó ljóst að hann verði ekki þátttakandi í honum.

Hefur þú þá ekki áhuga á því að starfa á Íslandi í framtíðinni?

„Ég vil ekki fullyrða um það en

Hins vegar sé því öðruvísi farið með NOVA. Það félag sé í raun sú fjárfesting sem sé hvað „íslenskust“ af fjárfestingum Björgólfs Thors.

„Ég er afskaplega stoltur af því fyrirtæki. Þar er frábært rekstrarteymi og þeim hefur tekist vel til. Með tilkomu NOVA lækkaði verð til neytenda töluvert,“ segir Björgólfur Thor.

Björgólfur Thor vill þó ekki láta

vinir eru hér heima. Mannorðið skiptir mig mjög miklu máli,“ segir Björgólfur Thor.

Aðspurður hvort hann verði fyrir áreiti hér á landi eða finnst hann óvelkominn svarar hann því neitandi, fyrir utan það að unnar hafi verið skemmdir á eignum hans í skjóli nætur.

„Auk þess hafa nafnlausir aðilar sagt ýmislegt um mig og rangfærslur sífelldur endurteknar. En það

Thor Jensen sem einstaklingi. Ég ber mikla virðingu fyrir honum,“ segir Björgólfur Thor.

„Hans saga er stórmerkileg. Hann, einn og sér, er góð fyrirmynd. Hann byrjaði með tvær hendur tómar, varð tvisvar gjaldþrota en hann borgaði samt allar skuldir sínar. Hann er þekktur fyrir það núna 100 árum seinna. Það er nokkuð sem ég tek mér til fyrirmyndar enda er ég að vinna nú



„Ég get sagt hreint út, að ég hefði getað látið banka ganga að mér og lýst mig gjaldþrota, en haldið háum fjárhæðum í sjóðum. Ég hefði getað lifað áfram í vellystingum á því fé. En þá hefði ég verið á stöðugum flóttu frá samfélaginu. Slíkt líf hlýtur að vera algjörlega óþolandi.“

“

Ég hef verið að kaupa og selja fyrirtæki úti um allan heim og ég hef aldrei tapað eins miklu og á Landsbankanum.

ég er búinn að tapa gífurlegu fjármagni hér á landi. Ég er umdeild persóna hérna, hef búið erlendis í rúm 20 ár og líður vel þar,“ segir Björgólfur Thor.

„Mín stefna hefur alltaf verið sú að vera lítill fiskur í stórrri tjörn en ekki stór fiskur í litilli tjörn. Ég brá einu sinni út af því, með því að fjárfesta hér á landi. Það var óheillaspor, ég hef lært af þeirri reynslu og ég hygg að ég geri það ekki aftur. Ég held að það sé best fyrir mig að búa og starfa erlendis.“

Sem kunnugt er þá er Björgólfur Thor engu að síður með mörg járn í eldinum hér á landi, s.s. ráðandi hlut í Actavis, CCP, Verne Holding, Nova og fleiri fyrirtækjum. Aðspurður um þær fjárfestingar segir Björgólfur Thor að Actavis, CCP og Verne Holding séu í raun alþjóðleg fyrirtæki byggð á íslensku hugviti. Þau séu ekki íslensk að því leyti að þau eigi ekki allt sitt undir íslenskum neytendum og líklega ekki á leiðinni á íslenskan hlutabréfamarkað.

skilja sig sem svo að hann ætli sér að selja allt og fara héðan í fússi, eins og hann orðar það.

„Ég held hins vegar að minn vettvangur sé ekki Ísland. Hann hefur aldrei verið það og verður líklega ekki í framtíðinni.“

„Það er ekkert neikvætt gagnvart Íslandi heldur persónulegt hjá mér, ég þrífst líklega betur erlendis. Ég útiloka auðvitað ekki frekari fjárfestingar hér á landi en mínar áherslur liggja á nýmörkuðum, t.d. í A-Evrópu þar sem markaðir eru að byrja að fara í gang. Þar liggur mín reynsla og ég mun reyna að nýta hana. Ef ég sé eitthvert alþjóðlegt tækifæri fyrir Ísland sem á ekki allt sitt undir íslenskum neytendum eða markaði hér heima þá mun ég skoða það. Ég mun hins vegar stíga varlega til jarðar.“

Lítur mikið upp til Thors Jensen

Þér er samt mjög annst um mannorðið þitt hérna heima, af hverju er það?

„Já, öll fjölskylda mín og bestu

hefur enginn sagt neitt beint við mig. Ég á kunningja í öðrum löndum sem hafa lent í verri hlutum en ég. Miðað við þær sögur getur maður ekki kvartað,“ segir Björgólfur Thor.

En umræðan um þighlýtur að snerta eitthvað við þér, sbr. áramótaskaupið, blaðagreinar, blogg og fleira?

„Já, já, hún gerir það. Ég hef hins vegar ekki séð áramótaskaupið, ég les voða lítið greinar um mig hérna en engu að síður þá meitlast þetta alltaf inn. Þetta er mjög þreytandi og niðurdrepandi. Þetta hefur verið ömurlegur tími frá hruninu,“ segir Björgólfur Thor og það má heyra að honum er ekki sama um umræðuefnið.

„Það er búið að vera erfitt að halda fókusi, taka til, búa til verðmæti og koma í veg fyrir að önnur tapist og upplifa á sama tíma mjög neikvæða umræðu. Ég hef hins vegar reynt að vera ekki upptekinn af því. Það kemur að því að maður fær að tjá sig og svara fyrir sig.“

Nú er Björgólfur Thor sem kunnugt er af hinni svokölluðu Thorsara-ætt en Thor Jensen, athafnamaður, var langafi Björgólfs. Aðspurður um ætt sína og þá stöðu sem henni kann að fylgja segist Björgólfur Thor ekki leggja mikið upp úr því að vera Thorsari.

„Hins vegar hef ég mikið álit á

í því að greiða upp mínar skuldir. Eftir nokkur ár, jafnvel áratugi, þá getur vel verið að menn muni eftir því sem ég gerði.“

Þannig að þú ert ekki með ættarveldi Thorsaranna í huga í þínu dagsdaglega lífi?

„Nei, alls ekki. Ég verð meira að segja að viðurkenna að ég er ekki mjög ættfróður maður og þekki frændur mína ekki alla, enda er þetta risastór ætt,“ segir Björgólfur Thor.

„Mér finnst karlinn hins vegar mjög merkilegur.“

Sagðar hafa verið fréttir af því að Björgólfur Thor hafi lagt áherslu á að fá að halda Fríkirkjuvegi 11, húsi sem Thor Jensen lét reisa, inni í persónulegu eignasafni sínu. Björgólfur Thor segir að af augljósum ástæðum hafi lítið gerst með það hús frá því að það var keypt en hins vegar liggja fyrir áætlanir um endurbætur og starfsemi í húsinu.

„Þetta hús er rúmlega 100 ára gamalt og það er ekki eins og það hafi ekki orðið einhverjar hörmungar eftir að það var byggt, t.d. tvær heimsstyrjaldir. En það mun koma tími þar sem hægt verður að gera eitthvað úr þessu húsi. Ég hef hug á því að gera safn fyrir Thor Jensen en það þarf að bíða í bili,“ segir Björgólfur Thor.

Sundlaugar Það eru fjölbreytt verkefni sem laugarverðir í Laugardalslaug sinna

Á sundlaugarbakknum í Laugardalslauginni



Benedikt kennir íþróttir í Fjölbrotarskólanum í Garðabæ en hefur síðastliðin tólf sumur eytt sumarfrínu sínu á sundlaugarbakknum í Laugardalslauginni.

VB MYND/HG

Margir flykkjast í Laugardalinn á sumrin til að fara í sund. Viðskiptablaðið gerði slíkt hið sama á dögunum. Í þetta sinn héldu blaðamaður og ljósmyndari sig á sundlaugarbakknum og fylgdust með laugarverði að störfum.

SIGRÍÐUR DÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
sigridur@vb.is

Það var örlítið skritið að mæta í Laugardalslauginna án þess að hafa sundfötin meðferðis. Í þetta sinn voru blaðamaður og ljósmyndari mætt í laugina í vinnustaðaheimsókn til að kynna starfi laugarvarðar ögn betur. Benedikt Bogason laugarvörður hafði fengið að bregða sér úr turninum og tók á móti okkur í nýrri afgreiðslu sundlaugarinnar.

Benedikt þurfti að byrja á að veita ljósmyndaranum leyfi til að taka myndir á sundlaugarbakknum en það er almennt bannað að taka myndir í lauginni. Benedikt sagði að eitt af verkefnum laugarvarðar væri að sjá til þess að reglur um ljósmyndabann á sundlaugarbakknum væru virtar. Það eru þó aðallega erlendir ferðamenn sem vilja taka myndir í sundlauginni enda er það sérstök upplifun fyrir þá að fara í sund á Íslandi. Benedikt sagði þó að erfiðast væri að útskýra ljósmyndabannið fyrir japönskum ferðamönnum og líkti því við að taka mjólkurpela af ungum barni.

Benedikt þótti erfitt að lýsa hefðbundnum starfsdegi laugarvarða því verkefnið eru margvísleg. Þennan daginn hafði hann til að mynda byrjað á því að spúla stéttina fyrir utan móttökuna. Það þarf ekki að gera oft en í þetta sinn höfðu gestir sundvöku, sem borgaryfirvöld efndu til dagana 21.-26. júlí, skilið eftir sig ummerki.

Það var ekki að sjá að lauginni hefði ekki verið lokað í 5 sólarhringa. Benedikt var sjálfur á vakt aðfaranótt föstudags, þegar hvað mest mæddi á starfsfólkinu, en sagði þó að sundvakan hefði verið skemmtilegt framtak og það kæmi honum ekki á óvart ef hún yrði endurtekin. Hann var þó ekki einn um að hafa gaman af sundvökunni því gríðarlegur fjöldi fólks hefur sótt laugina að næturlagi og að sögn Benedikts var aðsóknin frá fimmtudegi til sunnudags svipuð og á góðum sólardegi.

Benedikt varð skemmt þegar stúkan barst í tal. Hann sagði að þrátt fyrir lítið notagildi í dag þá hefði hún svo sannarlega gert sitt gagn í gegnum tíðina. Stúkan þótti finasta sólbaðsaðstaða og áður fyrir kepptist fólk við að ná besta staðnum í stúkunni til að liggja í sólbaði. Nú er stúkan við og við notuð af iðkendum Boot Bamp í líkamsræktarstöð World Class. Hugmyndir hafa verið um að rífa stúkana og byggja hótél en að mati Benedikts er hún þó eitt af sérkennum sundlaugarinnar.

Margir halda að starf sundlaugarvarðar felist í því að vera í sólbaði á sundlaugarbakknum. Benedikt vildi ekki játa að það væri mýta, starfið fælist vissulega í því að vera úti á bakka og í góðu veðri er það bara plús að verða sólbrúnn. Blaðamaður og ljósmyndari sáu að Benedikt hafði í nógu að snúast og hann þurfti fljótlega að koma sér aftur fyrir í turninum. Þau þökkudu honum því fyrir góðar móttökur. Líklega verður næsta heimsókn þeirra í Laugardalslaugina með öllu hefðbundnara sniði.

Pað eru margir sem mæta í Laugardalslaugina á hverjum einasta degi. Benedikt segist vera farinn að þekka helstu fastagesti laugarinnar. Hann lýsti meðal annars fullorðnum karlmanni sem mætir yfirleitt fyrstur manna á morgnana, syndir kaf sund og rennir sér þrjár ferðir í rennibrautinni.



05:45

MÆTTI TIL VINNU, fór í pottinn og rappaði við samstarfsmenn mína sem voru að ljúka síðustu næturvaktinni vegna sundvöknunar.

06:30

FASTAKÚNNARNIR fóru að streyma að. Við laugarverðirnir gengum einn rúnt um svæðið, mældum klór, pH- gildi og hitastig í laugum og pottum.

08:00

SPÚLAÐI framan við anddyri laugarinnar, enda var aðkoman eins og við (aðra) skemmtistaði borgarinnar eftir feikna teiti.

10:00

STARFSFÓLKI AFGREIÐSLUNNAR var bent á bíl á bílastæðinu sem var í lausagangi en mannlaus og eigandi hvergi sjáanlegur. Ég svipaðist um og reyndi að átta mig á afdrifum eigandans. Nokkru síðar kom eigandinn sem reyndist hafa farið í sund en gleymt bílnum í gangi.

12:00

GESTUM FARIÐ AÐ FJÖLGA og barnaskarinn að stækka. Þá er líklegt að í kallkerfinu hafi heyrst frasar eins og „krakkar, leikið ykkur í barnalauginni“ - „bíðið eftir græna ljósinu í rennibrautinni og rennið ykkur niður eitt og eitt í einu“ auk hinnar sígildu línu „ekki hanga á línunni“.

14:00

GEKK UM BAKKANN og tók saman armkúta og annað rusl sem endar á laugarbakkannum. Sinnti seinni klórmælingu vaktarinnar auk þess að fylla á klórtunnur til að nægu magni af klór sé dælt í lauginna.

15:00

VAKTASKIPTI og vinnudeginum lokið hjá mér.

Flestir krakkar hafa mjög gaman af því að fara í sund. Í Laugardalslauginni er margskonar afþreying fyrir börnin. Margir hafa gaman af því að spila körfubolta við brúna. Nýlega var nokkrum minigolf-brautum komið fyrir á sundlaugarbakkannum og Benedikt segir að krakkarnir spili minigolf í hvaða veðri sem er. Svo má ekki gleyma sjálfri rennibrautinni. Hún var endurnýjuð fyrir tæpu ári og er 8 metrar á hæð og 80 metrar á lengd og lokuð alla leið.



Stúkan nýttist vel fyrir áhorfendur á smáþjóðaleikunum sem haldnir voru á Íslandi árið 1997. Þá voru gerðar breytingar á lauginni og byggður veggur sem aðskildi djúpu lauginna frá barnalauginni svo hún væri gild keppislaug. Nú er komin innilaug þar sem keppt er í sundi.



Þegar dýrið gengur laust

Já, nú er verslunarmannahelgin framundan. Blanda af eftirvæntingu og áhyggjum. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að útskýra verslunarmannahelgina, sérstaklega fyrir útlendingum. Einhverntíma heyrði ég brandara, það má vel vera að þetta hafi verið í einhverri auglýsingu. „You know, shopping people weekend. When nobody is working but shopping people!“ Þessi frídagur verslunarmanna á rætur sínar í Danmörku eins og svo margt í okkar borgaralegu menningu. Það voru Danir sem lögðu grunninn að íslenskri bæjar- og borgarmenningu. Þau áhrif voru alls ekki eins slæm eins og margir vilja meina. Meira að segja allt það besta er frá Dönnum komið í raun og veru. Hugmyndin að frídegi verslunarmanna kemur frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur í gegnum Dani. Fyrsti frídagurinn var alls ekki fyrsti mánudagur í ágúst heldur var hann fimmtudaginn 13. september 1894 en hann var fluttur nokkrum árum síðar í byrjun ágúst. Hann var hugsaður sem orlof starfsólks en þá voru engin sumarfrí eða orlof. Það er þess vegna sem brandarinn er fyndinn því eins og dagurinn lítur út í dag er ekkert fjarri hinum upprunalega tilgangi þessa frídags.

Það var svo 1931 að fyrsti mánudagurinn í ágúst var valinn. Arið 1935 var haldin útihátíð á Þingvöllum á þessum degi og er talið að allt að fimm þúsund manns hafi sótt hátíðina. Oftast var þó haldin útihátíð í nágrenni við Reykjavík, uppi við Ártúnsbrekku eða úti í Gufunesi. Hún var meira að segja haldin í Tívoliinu í Vatnsmýrinni í ein tíu ár eða frá 1947-1957. Flest eldra fólk man vel eftir Tívoliinu en sumir kannast bara við Vatnsmýrartívolið í gegnum plötu Studmanna. Síðar voru aðrar sumarhátíðir felldar að þessum degi. Þjóðhátíðin í Eyjum var felld að þessum degi þar sem hún trónir enn sem stærsta útihátíðin. Það voru hátíðir víða um land, í Bjarkarlundi, Húnaveri, Vaglaskógi, Atlavík, Galtalæk og Húsafellsskógi en þar var hún frægust á hipparunum. Á síðustu árum hefur hátíðin færst inn í smábæina, Akureyri, Neskaupstað og Siglufjörð. Þessi fyrsta ágústnótt markar endalok hinna björtu náttu. Síðsumar er að hefjast. Það er viss eftirsjá í loftinu sem oft hefur snúist upp í martraðir. Það eru margir sem líta á þessa helgi sem hina einu og sönnu djammhelgi. Helgin er þekkt fyrir mikla áfengisneyslu landsmanna. Íslensk náttúra og áfengi er göldrótt blanda þar sem auðvelt er að missa titið, tapa áttum, síðgæði og vakna svo upp við þann vonda draum að dýrið



Guðmundur
Oddur

„Já, þegar dýrið gengur laust. Hvað er átt við með því? Þessi viðskilnaður mannsins við náttúruna er auðvitað dauðans alvörumál.“

hafi gengið laust með mannsgrímu.

Já, þegar dýrið gengur laust. Hvað er átt við með því? Þessi viðskilnaður mannsins við náttúruna er auðvitað dauðans alvörumál. Innbyggt í okkur mannverurnar eru nefnilega einhverjar leifar af dýrslugu hvata- og kenndakerfi sem virðist margfalt sterkara fyrirbæri en skynsemis- og vitsmunalífíð sem við teljum okkur þó

trú um að geri okkur æðri öðrum dýrum. Þetta dýr virðist vakna til lífsins ef því er gefið að drekka. Við þekkjum öll þessa tilfinningu þegar við erum á öðru eða þriðja glasi. Það er eins og að lífið sé fullkomlið, við skiljum allt og ekki nóg með það. Við getum farið á „trúnó“ og tjáð þessa vísu okkar á hömlulausan en „eðlilegan“ hátt að okkar eigin mati. Áður en við vitum af hefur þetta „ástand“ oftast en ekki dregið okkur þangað sem við ætludum alls ekki að fara. Til dæmis talið okkur trú um að eina titið sé að finna ástina sönnu og hana sé einmitt að finna á Neistaflugi og ekið síðan af stað með stút undir stýri. Annað eins hefur gerst. Hvata- og kenndalíf okkar er auðvitað fullkomlega eðlilegt fyrirbæri þangað til ... þið skiljið.

Í fornum menningarheimum var talið sjálfsagt mál að skemmta sér með dýragrímur og allir skildu leikinn. Þarna var andi dádýrsins, þarna andi úlfins o.s.frv. Það var hins vegar ekki fyrir en menn upp-götvuðu göröta drykki að þetta snerist við. Menn settu manns-hausa á dýr og þar með var fjandinn eða dýrið laust í mannslíki. Sfinxinn í Egyptalandi er gott dæmi um þetta. Andi mannsins er merki-legt fyrirbæri. Það er ekki tilviljun að spiritus heitir spiritus. Þetta er efniskenndur andi. Ef hann er notaður koma alltaf borgunardagar – hefnd. Þetta kemur fram í lík-

amlegum og andlegum þjáningum. Bullandi þunglyndi. Margir hafa upplifað vikuna á eftir verslunarmannahelgina sem sína verstu viku ársins ... kannski á eftir fyrstu viku ársins. Alla vega þessar tvær eru þær verstu.

Auðvitað eru hæðir og lægðir eðlilegar í andlegu lífi en öfgar eru það ekki og alls ekki bara í aðra áttina. Í raun og veru er bara ein grunn-ástæða fyrir öllum tegundum af óeðlilegu þunglyndi. Það er að missa hæfileikann til þess að vera náttúrulega „spiritual“. Maður er ekki lengur náttúrulega „high“ Það eru ýmsar ástæður fyrir því að það gerist. Ein er skólakerfið og oftrú manna á vísindum, ein getur verið persónuleg áföll önnur getur verið oftrú á eigin ágæti. Það er meira að segja til fólk sem telur sig geta stjórnað eigin lífi – flestir finna það reyndar út að það er ekki hægt nema að hálfu leyti. Lyfjanotkun og oftrú manna á vestrænum læknavísindum er samt að verða aðalástæðan fyrir langvarandi þunglyndi. Það er almennt kunnugt að ekki er hægt að lækna nokkurn skapaðan hlut af tilfinningalegum, sálrænum eða andlegan toga með efnisinntöku – þið getið sossam kallað það lyfjagjöf. Þessar lyfjagjafir slá á einkenni, það er allt og sumt. „Sjúklingarnir“ verða „flatliners“ eða verða með flatt tilfinningalíf – fresta aftöku... ekki ósvipað afréttara, bara í þurru formi. Enginn er hamingju-

samur en aðstandendum er létt. Hugsíð ykkur að geðraskanir er helsta skýring örorku hjá Íslendingum. Hugsíð ykkur að raunverulega skýringin er sú að byrjað var að hleypa dýrinu út með spíra, oft í formi léttvína eða bjórs, og endað í þunglyndislyfjum. Stærstur hluti þeirra sem sækja útihátíðir í ár nota þær í þessum tilgangi. Hugsíð ykkur að ef alkóhól væri nýtt efni yrði það stranglega bannað og flokkað sem lífshættulegt eiturlyf. Hugsíð ykkur að þeir sem aldrei neyta þess eru líklega hamingjusamari en þeir sem byrjuðu á því. Hugsíð ykkur að stærstur hluti landsmanna sér þetta ekki og er í allsherjar afneitun gagnvart þessum staðreyndum. Heilbrigðisapparatið og löggjafarvaldið líka. Hugsíð ykkur að leiðin út úr ógæfunni sem hellist yfir fólk að lokinni stærstu útihátíð landsins er andleg hreinsun án hjálparefna ásamt hugleiðslu. Að fara til heimilislæknisins og lýsa yfir andlegum þungslum eftir verslunarmannahelgina getur reynst stórhættulegt. Þeir gætu ávísað á þig þunglyndislyfjum sem gerir fólk að kálhausum á örfáum árum. Ótrúlega margir hafa aldrei náð sér á strik eftir að sá vítahringur er farinn í gang. Það er ósk mín til allra að helgin framundan verði góð sem lengst frá smábæjaútihátíðunum. Njóttum náttúrunnar ómengið - helst upp á fjöllum...heilögum fjöllum!

VIKA Í FJÖLMIÐLUM

Fréttir á skotspónum

SIGRÍÐUR DÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
sigridur@vb.is

Fyrirhuguð kaup Magma Energy á hlut í HS Orku hafa verið eitt fyrirferðarmesta fréttafnið síðastliðna viku. Í Kastljósinu á Rúv í fyrrakvöld tók Þóra Arnórsdóttir á móti Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra.

Þóra krufði niðurstöðu ríkisstjórnarinnar með Steingrími, sem var alveg harður á því að hann kærdi sig ekki um að orkufyrirtæki væru í meirihluta-eigu einkaaðila. Þóra benti honum á að nefndin, sem ríkisstjórnin hefur nú skipað, gæti komist að þeirri niðurstöðu að kaupin væru með öllu lögleg. Það kemur þó ekki til með að vera viðunandi niðurstaða að mati Steingríms. Ríkisstjórnin hefur sem sagt komist að þeirri niðurstöðu að ýta vandamálinu á undan sér.

Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm sinn í máli Lýsingar gegn skuldara síðastliðinn föstudag. Hafsteinn Hauksson, fréttamaður á Stöð 2, fylgdist með þegar dómur var upp kveðinn. Hann var með góða yfirferð um niðurstöðu héraðsdóms og hvernig vaxtagreiðslurnar gætu breyst ef Hæstiréttur kæmist að annarri niðurstöðu. Í kjölfarið leitaði hann svo viðbragða hjá ýmsum aðilum, meðal annars splunkunýjum umboðsmanni skuldara.



Áhugavert í vikunni

- » **Ríkisstjórnin skoðar hvort rannsaka eigi Magma-málið**
Einar Þorsteinsson
- » **Óf seint að stöðva kaupin en Magma opið fyrir forkaupsrétti Þorbjörn Þórðarson**
- » **Allt að 21% vextir Hafsteinn Hauksson**
- » **Birting á trúnaðarskjölum Wikileaks gæti stytt stríðið í Afgħ-anistan**
Andri Ólafsson
- » **Government Spin FAIL**
Haukur S. Magnússon

Það fréttafni sem hefur eflaust vakið hvað mesta athygli almennings síðastliðna viku eru nágrannaerjur í Garðabæ. Nágrannaerjurnar hafa fengið gífurlega mikla umfjöllun í fjölmiðlum en Pressan hóf að fjalla um málið fyrir viku. Þrátt fyrir að almenningur hafi gríðarlegan áhuga á að lesa fréttir um nágrannaerjur verða fjölmiðlar þó að átta sig á því að þeir eru oft komnir á verulega hálan í þegar fjallað er um persónulegar deilur manna á milli. Ástæðan er að það er mikill vandi að varpa ljósi á allar hliðar málsins. Niðurstaðan verður því yfirleitt sú að fæstir átta sig á því um hvað málið snýst en það virðist einmitt vera tilfellið hvað varðar nágrannaerjurnar.

Vefmiðillinn Grapevine virðist vera að marka sér sess meðal netmiðla. Í annað sinn á stuttum tíma hefur birst stórfrétt á vefsíðu þeirra. Í þetta sinn hafði vefurinn frétt það á skotspónum að Elías J. Guðjónsson, aðstoðamaður Katrínar Jakobsdóttur, hefði sent aðstoðarmanni Steingríms J. Sigfússonar áhugaverðan tölvupóst. Elías skilur þó hvorki upp né niður í því hvernig pósturinn barst í hendur rangra aðila og finnst líklegast að sonur hans hafi verið að gera grín. Samkvæmt fjármálaráðherra er þetta þó ekkert alvarlegt, bara stráklingar að sprella.

FJÖLMIÐLARÝNI

ANDRÉS MAGNÚSSON
andres@vb.is

Prjónaskapur og eltihrellar

Tölvupóstur fór á flakk í fyrradag, en þar ræddi Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, hvernig hann vildi „prjóna“ úr efni blaðamannafundar ríkisstjórnarinnar um Magma-málið áður en fundurinn var haldinn til þess að reyna að hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun. Pósturinn vakti raunar ekki síður athygli fyrir óheflað orðbragð, en ýmsum varð prjónaskapur aðstoðarmannsins að umfjöllunarefni. Það er eðlilegt, slík vinnubrögð velja ávallt athygli þegar upp komast.

Efni fundarins kom Elías á framfæri við Þórð Snæ Júlíusson, blaðamann okkar á Viðskiptablaðinu. Þeir voru vinnufélagar á 24 stundum sællar minningar og kom fram í póstinum að Þórður hefði nokkuð ýtt á hann um að fá smjörþefinn af fundarefninu á undan öðrum. Úr varð að Elías gerði það, enda taldi hann það henta hagsmunum ríkisstjórnarinnar, sem verið hefur í nokkurri úlfakreppu vegna Magma-málsins. Þórður Snær skrifaði svo um það frétt á vef Viðskiptablaðsins, vb.is.

Við þetta er í sjálfu sér ekkert að athuga. Eða kemur einhverjum á óvart að blaðamenn reyni að fréttá hlutina á undan öðrum til þess að verða fyrstir til að greina frá þeim? Og kemur einhverjum á óvart að aðstoðarmannaher ráðherra reyni að haga umfjölluninni eins og þeim kemur best?

Það er sífellt starf blaðamanna að rækta heimildamenn og þeir eru einatt hagsmunaaðilar. Af því leiðir að blaðamenn þurfa einnig að vera á varðbergi gagnvart þeim og gæta þess að þeir notfæri sér ekki fjölmiðlana til þess að halla röngu máli eða dulbúi málflytning í klæði staðreynda. Ekkert bendir til þess að Þórður Snær hafi ekki gætt þess í hvívetna. Fréttin var rétt og hún var ekki endurprentun á prjónaskap Elíasar heldur sjálfstæð frétt. Og, svo það sé nú á hreinu, þá verður ekki séð að Elías hafi reynt að afvegaleiða umræðuna um málið, þó vissulega hafi hann reynt að halda henni í tilteknum farvegi.

★ ★ ★

Morgunblaðið birti síðastliðinn fimmtudag athyglisverða forsiðufrétt undir fyrirsögninni „Kreppan bitnar á körlum“. Þar (og í fréttaskýringu í viðskiptakálf Mogga) rakti Bjarni Ólafsson hvernig atvinnubrúun frá hrúni hefði komið mismikið niður á kynjunum. Gunnþórunn Jónsdóttir fylgdi málinu svo eftir með annari fréttaskýringu daginn eftir, þar sem grafið var nánar fyrir um orsakir þessa ólíka hlutskiptis kynjanna.

Allt var þetta vafalaust rétt athugað og athyglisvert, en á því eru fleiri hliðar. Þegar haft er í huga, að um ríflega 35% íslensks vinnuafis er í þjónustu hins opinbera og þar af eru um

2/3 hlutar konur, hlýtur að vakna sú spurning hvort það hafi ekki sitt að segja. Uppsagnir hjá hinu opinbera hafa nær engar verið, víða raunar fjölgað stöðugildum. Í framhaldinu mætti svo velta fyrir sér hvort raunverulegt atvinnuleysi kunni að vera dulið með þessum hætti. Ef atvinnuleysi er einvörðungu í einkageiranum þarf síðan að auka tekjurnar til þess að viðhalda atvinnustiginu í opinbera geiranum. Og svo framvegis. Hér í er urmull forvitnilegs efnis, sem varðar almenning miklu. Samt er látið duga að horfa á málið með kynjagleraugunum.

★ ★ ★

DV hefur að undanfögnu sagt ýmsar fréttir af helstu meisturum bóluhagkerfisins. Þær eru upp og ofan eins og gengur, en einn slíkur fréttaflokkur er þó öðrum sérkennilegri. Það eru „fréttir“ af því að sést hafi til hins eða þessa hér og þar. Þannig mátti lesa um það í liðinni viku að Steini í Kók væri á ferli í Austurbænum og æki um á Range Rover, sem síðan var birt mynd af þannig lesa mætti númerið. Önnur mynd var svo sýnd af svipuðum bíl, sem sagður var skráður á Hannes Smáráson, einnig þannig að lesa mætti númerið. Til þess að ekkert færi milli mála voru heimilisföngin látin fylgja í þessari „frétt“ Adalsteins Kjartanssonar.

Sama dag birtist „frétt“ um að Björgólfur Thor hefði sést á gangi „við Óðinstorg um klukkan hálf fimm í gær, miðvikudag, að sögn sjónarvotts sem vill ekki láta nafn sitt getið. Bílstjóri, sem þeir kölluðu Kjarra, ók burt á svörtum bíl sem leit út fyrir að vera finn, að sögn sjónarvotts. Númerið á bílnum var HZ P00.“ Fyrir utan hvað þetta eru kjánalegar og fáfengilegar „fréttir“ er ástæða til þess að staldra við tilganginn. Ef það á á annað borð erindi við lesendur að tiltekni menn hafi sést einhverstaðar, af hverju fara heimilisföng og bílnúmer að skipta mestu máli?

Nú má vel finna að því að flestir fjármálafakirar liðanna ára gefi sjaldan kost á því að fjölmiðlar spyrji þá út úr, en þó ekki allir. Björgólfur Thor var þannig í viðtali við DV í liðnum mánuði. Með fyrrgreindum „fréttum“ hefur DV hins vegar tekið sér stöðu sem eltihrellir fremur en fréttaflytjandi.

★ ★ ★

Fyrirsögn vikunnar var á Vísi á þriðjudag: „Geðklofi slapp tvisvar út af lokaðri deild sömu nóttina“ en þó fréttin hafi verið alvörumál er eitt-hvað geníalt við fyrirsögnina. Enn betri hefði hún þó verið ef tekið hefði verið fram að þarna hefði sami geðklofi verið á ferð.

FJÖLMIÐLAR

Blaðamannafundur eða gjörningur?

ARNA SCHRAM



Blaða- og fréttamenn mættu gera meira af því að lýsa og greina frá aðstæðum, umhverfi og andrúmslofti í fréttaumfjöllun sinni – því slíkar lýsingar segja svo margt. Þær geta bætt svo miklu við fréttina. Þær geta til dæmis útskýrt hvers vegna grundvallaratriði eru ekki í fréttinni eða hvers vegna augljósar spurningar voru ekki spurðar.

Gott dæmi um þetta er þegar blaðamaður Morgunblaðsins, Eyrún Magnúsdóttir, tiltók sérstaklega í frétt sinni um blaðamannafund Bjarkar á dögunum um Magma Energy að söngkonan hefði ekki leyft neinar spurningar. Þessar upplýsingar voru að minnu viti mikilvæg viðbót við fréttina – en samt höfðu ekki allir fjölmiðlar fyrir því að segja frá þeim.

Með þessu fékkst skýring á því hvers vegna Björk var ekki spurð nánar út í einstök atriði yfirlýsingar sinnar og um leið kom fram hvernig söngkonan umgengst „blaðamannafundi“.

Hefði kannski frekar mátt kalla þetta gjörningur?

Þá var fróðlegt að lesa frásögn blaðamannsins á því hvernig fundurinn fór fram: Að Björk hefði gengið inn, lesið upp það sem hún hafði um málið að segja og gengið út að því búnu.

Annað dæmi sem ég ætla að nefna í þessu sambandi er frétt mbl.is um að Capacent væri búíð að þrengja hóp umsækjenda um bæjarstjórstólinn á Akranesi niður í fimm. „Fimm hæfastir í bæjarstjórstól“ var fyrirsögnin og þar með var búíð að velja vonir forvitinna lesenda um að nöfn þeirra hæfustu kæmu fram í sjálfri fréttinni. En því var ekki að heilsa.

Aðeins var ítrekað að búíð væri að finna þá fimm hæfustu og að ráða ætti nýjan bæjarstjóra fyrir mánaðamót. Bæjarstjóraefnin fimm voru hvernig nefnd á nafn og það sem verra var: Engin tilraun var gerð til að útskýra hvers vegna.

Að lokum vil ég nefna frétt Stöðvar 2 sem flutt var fyrir nokkrum dögum um 500 milljóna skuld Þorgils Óttars Mathiesen og ósk hans um að hún verði afskrifuð. Þessi svo til nákvæmlega sama frétt var nefnilega sögð í DV 22. febrúar sl. og endurflutt í Ríkisútvarpinu degi síðar.

Frétt Stöðvar 2 hófst á þeim orðum að Íslandsbanki þyrfti VÆNTANLEGA að afskrifa fyrrgreinda skuld en þær sömu upplýsingar mátti lesa úr gömlu DV-fréttinni. Til að glæða fréttina nýju lífi hefði fréttamaðurinn þurft að koma með öruggari heimildir en orðið „væntanlega“ gefur til kynna.

Þær heimildir virtust ekki vera fyrir hendi og því átti að sleppa því að flytja eldgamla frétt.

Höfundur er blaðamaður.

Afram Island - Veljum Íslenskt

Pú færð límmiðana hjá okkur

Íslensk framleiðsla!

Hafðu samband við sölumann í 567 88 88

pmt
Plast, miðar og tæki - www.pmt.is

TILBOÐSFRESTUR

29. júlí 2010.	Reykjavíkurborg og OR - Reiðstígar Almannadal.	10. ágúst 2010.	Reykjavíkurborg - Viðhald á Austurbæjarskóla
29. júlí 2010.	Reykjavíkurborg - Hjólástígar í Fossvogi.	12. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Forval vegna Varnamálastofnunar.
29. júlí 2010.	Reykjavíkurborg - Gluggar og hurðir.	19. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Hraðamyndavélar.
4. ágúst 2010.	Reykjavíkurborg - Höpferðaakstur.	24. ágúst 2010.	Hafnarfjarðarbær - Forval vegna hjúkrunarheimilis.
4. ágúst 2010.	Reykjavíkurborg - Lýðræðisverkefni 2010	26. ágúst 2010.	Landsvirkjun - Búðarhálsvirkjun.
5. ágúst 2010.	Reykjavíkurborg - Hraðahindranir	26. ágúst 2010.	Orkuveita Reykjavíkur - Þurrvara.
9. ágúst 2010.	Reykjavíkurborg - Rekstarvörur fyrir prentara ofl.	26. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Prentun.
10. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Tungusíða 24 á Akureyri.	31. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Einkennisfatnaður lögreglu.
10. ágúst 2010.	Ríkiskaup - Gamli lönskólinn á Akureyri.	1. sept. 2010.	Ríkiskaup - Lyf í ATC flokkum.

INNKALLANIR

1. ág. VITS ehf.,	kt. 520905-0650,	Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.	23. ág. Eldisstöðin Fellsmúla ehf.,	kt. 511104-2380,	Jasonar Guðmundssonar hdl.
1. ág. Veggurinn ehf.,	kt. 431203-3240,	Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.	23. ág. Rthor ehf.,	kt. 451007-0410,	Unnar Steinn Bjarnald hdl.
1. ág. TS Hús ehf.,	kt. 661007-1250,	Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.	23. ág. OTJ flut./Bílaþaðið/Helluþryði ehf.,	kt. 631003-2730,	Unnar Steinn Bjarnald hdl.
1. ág. Mlg ehf.,	kt. 691205-1500,	Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.	23. ág. Multikerfi ehf.,	kt. 530104-2490,	Unnar Steinn Bjarnald hdl.
1. ág. Arentsstál ehf.,	kt. 580305-1130,	Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.	23. ág. Brot ehf.,	kt. 550302-3060,	Unnar Steinn Bjarnald hdl.
1. ág. Kistukot ehf.,	kt. 480207-0170,	Ingi Tryggvason hdl.	23. ág. Rör og tæki ehf.,	kt. 461100-2360,	Jón Eysteinnsson hrl.
1. ág. Sogverk ehf.,	kt. 470808-0120,	Þórður Bogason hrl.	24. ág. Skinnar ehf.,	kt. 480208-0130,	Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.
1. ág. 911 Tæknibjónustan ehf.,	kt. 621204-3780,	Þórður Bogason hrl.	24. ág. Prex ehf.,	kt. 450504-2030,	Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.
1. ág. 4l ehf.,	kt. 590290-1309,	Þórður Bogason hrl.	24. ág. Ljósaberg ehf.,	kt. 640992-2479,	Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.
2. ág. Viðskiptahöllin ehf.,	kt. 661006-0560,	Þorsteinn Einarsson hrl.	24. ág. Ál-Kerfi ehf.,	kt. 610202-3570,	Berglind Svavarsdóttir hrl.
2. ág. Teknikum ehf.,	kt. 510705-1730,	Þorsteinn Einarsson hrl.	24. ág. Halli parket ehf.,	kt. 550508-1330,	Christiane L. Bahner hdl.
2. ág. Stofn ehf.,	kt. 470802-2190,	Þorsteinn Einarsson hrl.	24. ág. Norðurfell ehf.,	kt. 660508-1040,	Sigmundur Guðmundsson hdl.
2. ág. Nýsír þróunarfélag ehf.,	kt. 590506-0520,	Þorsteinn Einarsson hrl.	24. ág. Norðurbrún ehf.,	kt. 610808-1310,	Sigmundur Guðmundsson hdl.
2. ág. Nýsír Services ehf.,	kt. 520105-2630,	Þorsteinn Einarsson hrl.	24. ág. M15 fjárfestingar ehf.,	kt. 440907-1720,	Sigmundur Guðmundsson hdl.
2. ág. Mörkín eignarhaldsfélag ehf.,	kt. 620705-1520,	Þorsteinn Einarsson hrl.	25. ág. Fasteignafélagið Artún ehf.,	kt. 651005-1160,	Lúðvík Örn Steinarsson hrl.
2. ág. Hosma fh.,	kt. 670607-1940,	Þorsteinn Einarsson hrl.	25. ág. Kristrún Sif ehf.,	kt. 701205-3320,	Guðmundur St. Ragnarsson hdl.
2. ág. Fasteignafélag Austurbæjar ehf.,	kt. 661006-0210,	Þorsteinn Einarsson hrl.	29. ág. Heiði rekrstarfélag ehf.,	kt. 551001-3420,	Arnar Kormákur Friðriksson hdl.
2. ág. Sjúkravörur ehf.,	kt. 550690-1019,	Erlendur Þór Gunnarsson hdl.	29. ág. Orlofsdvöl hf.,	kt. 710767-0179,	Þórdís Bjarnadóttir hrl.
2. ág. Sandkassi ehf.,	kt. 701294-8589,	Erlendur Þór Gunnarsson hdl.	29. ág. Glugga og hurðasmíða Selfoss ehf.,	kt. 481106-1330,	Daði Ólafur Elíasson hdl.
2. ág. J1 ehf.,	kt. 700306-0620,	Erlendur Þór Gunnarsson hdl.	29. ág. Sólarhús ehf.,	kt. 690107-0820,	Þórdís Bjarnadóttir hrl.
2. ág. Græðandi ehf.,	kt. 431006-0730,	Erlendur Þór Gunnarsson hdl.	29. ág. Skógarnes ehf.,	kt. 521104-2280,	Þórdís Bjarnadóttir hrl.
2. ág. Núll komma einn ehf. (Atómstöðin núlleinn ehf.),	kt. 420106-1140,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.	29. ág. Guffi ehf.,	kt. 690102-2930,	Jón Haukur Hauksson hdl.
2. ág. Lækjargljúfur ehf.,	kt. 480906-1520,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.	29. ág. G2666 ehf.,	kt. 691200-5660,	Jón Haukur Hauksson hdl.
2. ág. Háuklettur ehf.,	kt. 661103-3450,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.	30. ág. Bilverk G.J. ehf.,	kt. 491202-2970,	Ingi Tryggvason hdl.
2. ág. BGL ehf. eignarhaldsfélag ehf.,	kt. 441007-1830,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.	30. ág. Steinöld ehf.,	kt. 450106-0890,	Arnór Halldórsson hdl.
2. ág. BK68 ehf.,	kt. 530669-0179,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.	30. ág. Guðborg ehf.,	kt. 670208-1250,	Arnór Halldórsson hdl.
2. ág. B.M. Vallá hf.,	kt. 620269-1079,	Lúðvík Örn Steinarsson hrl.	30. ág. Fjarðarmúr ehf.,	kt. 410605-0310,	Arnór Halldórsson hdl.
2. ág. Státtak hf.,	kt. 610188-1099,	(félagsslit), skilanefnd.	30. ág. Gamla salan ehf.,	kt. 680102-4220,	Arnór Halldórsson hdl.
2. ág. Kjöttbankinn ehf.,	kt. 600802-3050,	Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.	30. ág. Atlatæðafiskur ehf.,	kt. 620797-2199,	Arnór Halldórsson hdl.
3. ág. VB Raf ehf.,	kt. 550502-8440,	Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.	30. ág. Drúði ehf.,	kt. 610104-3550,	Jóhann Baldursson hdl.
3. ág. NBMA byggingaverktakar ehf.,	kt. 491208-0230,	Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.	1. sept. Presley ehf.,	kt. 450302-2440,	Þorsteinn Einarsson hrl.
3. ág. Hafbjörg ehf.,	kt. 440786-1119,	Arnar Sigfússon hdl.	1. sept. Haukdal ehf.,	kt. 440703-2160,	Andrés Valdimarsson hrl.
3. ág. Roka ehf. (áður TM Software ehf.),	kt. 610105-0410,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.	1. sept. Lambeyri ehf.,	kt. 511203-2440,	Andrés Valdimarsson hrl.
3. ág. Byggingafélagið ehf.,	kt. 530594-2629,	Steinn S. Finnbogason hdl.	5. sept. NP Aviation ehf.,	kt. 440195-2459,	Einar Sigurjónsson hdl.
3. ág. Breiðhella ehf.,	kt. 470206-1010,	Steinn S. Finnbogason hdl.	6. sept. Særeki ehf.,	kt. 570506-1020,	Guðni A. Haraldsson hrl.
3. ág. BEL ehf.,	kt. 690999-2939,	Steinn S. Finnbogason hdl.	6. sept. Plutus ehf.,	kt. 690102-2710,	Grimur Hergeirsson hdl.
4. ág. Spuni ehf.,	kt. 670804-3050,	Andrés Valdimarsson hrl.	6. sept. Kraftafl ehf.,	kt. 690402-3860,	Ólöf Heiða Guðmundsdóttir hdl.
4. ág. Effector ehf.,	kt. 420807-1040,	Andrés Valdimarsson hrl.	6. sept. Motel 101 ehf.,	kt. 670306-1430,	Ágúst Þórhallsson hdl.
4. ág. E E Afl ehf.,	kt. 450209-1390,	(félagsslit), skilanefnd.	6. sept. Múrvaktin ehf.,	kt. 440599-2309,	Ágúst Þórhallsson hdl.
4. ág. Icelandic Capital Management hf.,	kt. 560600-3640,	(félagsslit), skilanefnd.	6. sept. Konny ehf.,	kt. 580607-1600,	Ágúst Þórhallsson hdl.
4. ág. Gizmó ehf.,	kt. 681207-2870,	(félagsslit), skilanefnd.	6. sept. THSV ehf.,	kt. 570203-3710,	Þorsteinn Hjaltonson hdl.
4. ág. Straumur Funds UK ehf.,	kt. 560600-3640,	(félagsslit), skilanefnd.	6. sept. Örvir ehf.,	kt. 580706-1420,	Benedikt Sigurðsson hdl.
4. ág. Gizmó ehf.,	kt. 690402-2540,	Freyr Ófeigsson hdl.	6. sept. Kaupness ehf.,	kt. 450706-1240,	Benedikt Sigurðsson hdl.
7. ág. Icelandic Capital Management hf.,	kt. 450209-1390,	(félagsslit), skilanefnd.	6. sept. Sættoppur ehf.,	kt. 651095-2559,	Benedikt Sigurðsson hdl.
8. ág. FS1 ehf.,	kt. 540706-0340,	Þórður Bogason hrl.	6. sept. Yllis ehf.,	kt. 641104-3290,	Benedikt Sigurðsson hdl.
8. ág. Hólmur ehf.,	kt. 681288-1049,	Bjarni G Björgvinsson hrl.	6. sept. Bilabjónustan Afl ehf.,	kt. 511016-1130,	Benedikt Sigurðsson hdl.
11. ág. Miðvörður ehf.,	kt. 441206-1350,	Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.	6. sept. H-gæðalína ehf.,	kt. 480108-1080,	Benedikt Sigurðsson hdl.
14. ág. TH verkstæði ehf.,	kt. 630894-2399,	Eggert B. Ólafsson hdl.	6. sept. Hornhúsið ehf.,	kt. 610406-0170,	Benedikt Sigurðsson hdl.
14. ág. Þrjúðverk ehf.,	kt. 460607-0430,	Eggert B. Ólafsson hdl.	6. sept. Kraninn ehf.,	kt. 681196-2349,	Benedikt Sigurðsson hdl.
14. ág. Plus hús ehf.,	kt. 660207-1390,	Eggert B. Ólafsson hdl.	6. sept. Liprar lagfir ehf.,	kt. 480805-0460,	Benedikt Sigurðsson hdl.
14. ág. IH-10 ehf.,	kt. 430707-0780,	Eggert B. Ólafsson hdl.	9. sept. Straumsýslan ehf.,	kt. 430805-0610,	Börkur Hrafnsson hdl.
14. ág. Höldar ehf.,	kt. 611204-3020,	Eggert B. Ólafsson hdl.	9. sept. S.V.G. raflagnir ehf.,	kt. 550107-2790,	Börkur Hrafnsson hdl.
14. ág. Özkan ehf.,	kt. 610103-2190,	Eggert B. Ólafsson hdl.	9. sept. Rannveig Rafnsdóttir,	kt. 221262-2479,	Börkur Hrafnsson hdl.
14. ág. Kaniko ehf.,	kt. 521202-2110,	Eggert B. Ólafsson hdl.	9. sept. Krydd í tilveruna, v og v ehf.,	kt. 590405-1750,	Börkur Hrafnsson hdl.
14. ág. Bjarmaland ehf.,	kt. 650803-2210,	Eggert B. Ólafsson hdl.	9. sept. Fiskislið 45 ehf.,	kt. 640203-3740,	Börkur Hrafnsson hdl.
14. ág. Alli ehf.,	kt. 430907-1310,	Eggert B. Ólafsson hdl.	13. sept. Rafgengi ehf.,	kt. 690605-1040,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.
16. ág. Turninn Ísafirði ehf.,	kt. 671102-4440,	Tryggvi Guðmundsson hdl.	13. sept. Tower Reykjavík ehf.,	kt. 430504-3390,	Bragi Björnsson hdl.
16. ág. Patti ehf.,	kt. 630503-3610,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. Karelson ehf.,	kt. 450207-0470,	Bragi Björnsson hdl.
16. ág. Palladium ehf.,	kt. 431007-1850,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. Ibiza ehf.,	kt. 530505-0140,	Bragi Björnsson hdl.
16. ág. HBH Framkvæmdir ehf.,	kt. 601299-2839,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. Hringborgir ehf.,	kt. 460502-7050,	Bragi Björnsson hdl.
16. ág. G. Halldórsson ehf.,	kt. 420905-1490,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. GP ráðgjöf ehf.,	kt. 480205-0570,	Bragi Björnsson hdl.
16. ág. Fabulus ehf.,	kt. 490707-0930,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. Staðurinn ehf.,	kt. 501006-1060,	Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.
16. ág. Hensley ehf.,	kt. 550705-0280,	Magnús Guðlaugsson hrl.	13. sept. Stock á Íslandi ehf.,	kt. 601103-3890,	Bjarni S. Ásgeirsson hrl.
16. ág. North Bygg ehf.,	kt. 480708-0670,	Ásdís J. Rafnar hrl.	13. sept. Lyst ehf.,	kt. 520293-2569,	Jóhann H. Hafstein hdl.
16. ág. H.Sig ehf.,	kt. 570599-3139,	Ásdís J. Rafnar hrl.	13. sept. Avak ehf.,	kt. 491007-0360,	Ingi H. Sigurðsson hdl.
16. ág. Nordica Spa ehf.,	kt. 540403-2520,	Guðrún Helga Brynleifsdóttir hrl.	13. sept. Yllis ehf.,	kt. 641104-3290,	Benedikt Sigurðsson hdl.
16. ág. OTSE ehf.,	kt. 660901-2480,	Andrés Valdimarsson hrl.	14. sept. Stund ehf.,	kt. 680793-2639,	Karl Jónsson hdl.
16. ág. Meinvarnir ehf.,	kt. 640898-2089,	Andrés Valdimarsson hrl.	14. sept. Fasteignastofan ehf.,	kt. 451196-2869,	Karl Jónsson hdl.
16. ág. Litla Rós ehf.,	kt. 480207-0920,	Andrés Valdimarsson hrl.	14. sept. N9 ehf.,	kt. 471265-0129,	Auður Hörn Freydsdóttir hdl.
16. ág. Nordic Workers á Íslandi ehf.,	kt. 500303-3360,	Birgir Tjörvi Pétursson hdl.	14. sept. G-70 ehf.,	kt. 691008-0100,	Jóhannes S. Ólafsson hdl.
16. ág. IV Verk ehf.,	kt. 660707-0340,	Birgir Tjörvi Pétursson hdl.	14. sept. Reebok Island ehf.,	kt. 410605-0740,	Guðmundur Ómar Hafsteinnsson hdl.
16. ág. Byggingafélagið Þyrnir ehf.,	kt. 600407-1470,	Birgir Tjörvi Pétursson hdl.	14. sept. Mótörval ehf.,	kt. 640407-0420,	Guðmundur Ómar Hafsteinnsson hdl.
16. ág. A & B Invest ehf.,	kt. 460607-1400,	Birgir Tjörvi Pétursson hdl.	14. sept. Kranamenn ehf.,	kt. 590207-0980,	Guðmundur Ómar Hafsteinnsson hdl.
16. ág. Rapöl á Íslandi ehf.	kt. 700499-4489,	(félagsslit), skilanefnd.	15. sept. Impregilo SpA Island, útibú,	kt. 530203-2980,	Bragi Björnsson hdl.
18. ág. Kristrún Sif ehf.,	kt. 701205-3320,	Guðmundur St. Ragnarsson hdl.	15. sept. Dúkbak ehf.,	kt. 530206-0760,	Bragi Björnsson hdl.
18. ág. Rósars ehf.,	kt. 411099-3429,	Jóhann H. Hafstein hdl.	15. sept. 1899 ehf.,	kt. 580491-1549,	Bragi Björnsson hdl.
18. ág. IceCell ehf.,	kt. 420407-0330,	Jóhann H. Hafstein hdl.	15. sept. Roman ehf.,	kt. 570903-2170,	Þurður Halldórsdóttir hdl.
18. ág. Harðarhóla ehf.,	kt. 551096-2549,	Jóhann H. Hafstein hdl.	15. sept. Farmáun ehf.,	kt. 471106-1510,	Þurður Halldórsdóttir hdl.
18. ág. Matur og kaffi kaupþúni ehf.,	kt. 680907-1450,	Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.	15. sept. Popp ehf.,	kt. 420204-3370,	Börkur Hrafnsson hdl.
18. ág. Eignarhaldsfélagið Nonni ehf.,	kt. 680907-1100,	Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.	15. sept. Kjarakorn ehf.,	kt. 640172-0379,	Börkur Hrafnsson hdl.
18. ág. Á. Hallbertsson ehf.,	kt. 591297-3339,	Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.	15. sept. JS fasteignir ehf.,	kt. 681205-2090,	Börkur Hrafnsson hdl.
21. ág. Polystone ehf.,	kt. 530508-0720,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.	16. sept. Hliðarberg ehf.,	kt. 440401-2790,	Bjarni G. Björgvinsson.
21. ág. Orkuþrif ehf.,	kt. 590207-0470,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.	16. sept. Merkjalist ehf.,	kt. 520503-2340,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.
21. ág. H.E.A.D.S. ehf.,	kt. 440209-0760,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.	16. sept. Klettur verktakar ehf.,	kt. 410802-2280,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.
21. ág. Gengi ehf.,	kt. 660704-2560,	Jónas Þór Guðmundsson hrl.	16. sept. FS ehf.,	kt. 430506-3230,	Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.
22. ág. Ingólfrur Hjalmarsson ehf.,	kt. 670707-0320,	Guðmundur H. Pétursson hdl.	19. sept. AG ehf.,	kt. 480698-2589,	Karl Jónsson hdl.
22. ág. Esekjel ehf.,	kt. 621106-0310,	Guðmundur H. Pétursson hdl.	19. sept. Austurstræti 7 ehf.,	kt. 520509-0380,	Karl Jónsson hdl.
22. ág. HVST ehf.,	kt. 410908-1580,	Sigurður I. Halldórsson hdl.	19. sept. Fágun ehf.,	kt. 660601-2950,	Karl Jónsson hdl.
22. ág. AB2009 ehf.,	kt. 650682-0179,	Sigurður I. Halldórsson hdl.	19. sept. H.B. Heilsa og lífstíll ehf.,	kt. 460906-1050,	Karl Jónsson hdl.
22. ág. Sólararkitekt-Hugverkshúsið ehf.,	kt. 590704-2020,	Birgir Már Björnsson hdl.	19. sept. C22 ehf.,	kt. 460404-2660,	Lára Sverrisdóttir hdl.
22. ág. SHG ehf.,	kt. 430108-0850,	Birgir Már Björnsson hdl.	19. sept. G14 ehf.,	kt. 520202-2340,	Lára Sverrisdóttir hdl.
22. ág. PBS fasteignir ehf.,	kt. 581007-2990,	Birgir Már Björnsson hdl.	21. sept. KM kvóta ehf.,	kt. 590897-2219,	Ágúst Þórhallsson hdl.
22. ág. Íslandsgisting ehf.,	kt. 590402-3110,	Birgir Már Björnsson hdl.	21. sept. Tré og skilti ehf.,	kt. 590201-2270,	Ágúst Þórhallsson hdl.
22. ág. Hlut ehf.,	kt. 520907-0680,	Birgir Már Björnsson hdl.	22. sept. AEG Fjárfesting ehf.,	kt. 650507-1340,	Lára Sverrisdóttir hdl.
22. ág. Bohill ehf.,	kt. 480107-1520,	Birgir Már Björnsson hdl.	23. sept. Hryðjuverk ehf.,	kt. 480605-1360,	Jón Jónsson hrl.
22. ág. Vatnsrúm og 4you ehf.,	kt. 550506-1220,	Birgir Már Björnsson hdl.	23. sept. Geimur ehf.,	kt. 490107-1420,	Berglind Svavarsdóttir hrl.
22. ág. Iceland Data Services ehf.,	kt. 520905-2430,	Birgir Már Björnsson hdl.	23. sept. Haraldur Helgason ehf.,	kt. 500101-2020,	Sigmundur Guðmundsson hdl.
22. ág. Hellingur ehf.,	kt. 520500-2940,	Birgir Már Björnsson hdl.	26. sept. BK-fasteignir ehf.,	kt. 641104-2990,	Ingi Tryggvason hdl.
22. ág. Gáma ehf.,	kt. 670295-2819,	Birgir Már Björnsson hdl.	1		

FÓLK Á FERÐINI



Ásthildur ráðin bæjarstjóri

Ásthildur Sturludóttir hefur verið ráðin bæjarstjóri Vesturbyggðar. Ásthildur er uppalin í Stykkishólmi. Hún er með BA-próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu frá PACE University í New York. Hún starfar nú sem verkefnisstjóri á Rektorsskrifstofu og Markaðs- og samskiptasviði Háskóla Íslands. Ásthildur var ekki meðal umsækjanda um starfið. Hún sótti aftur á móti um starf bæjarstjóra á Ísafirði, svo það má segja að þetta sé næsti bær við.

Framkvæmdastjóri í Árborg

Mikil spenna er um ráðningu framkvæmdastjóra í Árborg en alls 44 sóttu um starfið eftir að það var auglýst. Það er ekki að furða að það myndist spenna í kringum ráðningu framkvæmdastjórans því margir þjóðþekktir einstaklingar sóttu um stöðuna. Þar ber helst að nefna Ingu Jónu Þórðardóttur, fyrrverandi oddvita sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur og eiginkonu Geirs H. Haarde.



Róbert bæjarstjóri í Grindavík

Róbert Ragnarsson stjórnmaðlafræðingur hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Grindavík. Róbert hefur starfað sem bæjarstjóri í Vogum síðastliðin fjögur ár. Nýr meirihluti í Vogum ákvað hins vegar að auglýsa bæjarstjórastöðuna eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Róbert hófst þá handa við að sækja um bæjarstjórastöður víðs vegar um landið, meðal annars í Sandgerði og Árborg.



Róbert er 34 ára og starfaði í félagsmálaráðuneytinu áður en hann settist í bæjarstjórastól.

Runólfur umboðsmaður skuldara

Runólfur Ágústsson hefur verið skipaður umboðsmaður skuldara. Runólfur er lögfræðingur að mennt og hefur meðal annars starfað sem rektor Háskólans á Bifröst 1999-2006 og framkvæmdastjóri Keilis 2007-2009. Vískiptablaðið leiddi líkur að því fyrir viku að Runólfur Ágústsson yrði skipaður umboðsmaður skuldara. Það leið ekki á löngu þar til tilkynnt var um ráðningu hans.



Nýr spyrill í Gettu betur

Ung stúlka, Edda Hermannsdóttir, mun að öllum líkindum prýða sjónvarpsskjá landsmanna í vetur sem spyrill í spurningabættinum Gettu betur. Hún tekur við starfinu af Evu Maríu sem verður í fæðing-arorlófi. Edda á reyndar sjálf von á barni en hún ætlar þó ekki að láta þetta tækifæri sér úr greipum renna. Margir munu eflaust binda miklar vonir við Eddu í þessu hlutverki. Hafi hún erft sjónvarps-



hæfileikana frá föður sínum er ekkert að óttast því hann er sjálfur Hemmi Gunn.

LEIKLIST Áhugamannaleikhópur sýnir barnaleikrit fjórða árið í röð

Leikhópurinn Lotta á fullri ferð

Anna Begga er áhugaleikari og er í forsvari fyrir leikhópinn Lottu. Leikhópurinn hefur frá árinu 2007 ferðast um landið og sett upp útileikrit. Nú sýnir hann leikritið Hans klaufi eftir Ljóta hálfvitann, Snæbjörn Ragnarsson.

Leikhópurinn Lotta er sumarleikhópur og starfar bara á sumrin. Fyrsta sumarið, 2007, setti hann upp sýninguna Dýrin í Hálsaskógi. Fyrsta hugmynd leikhópsins var að setja upp barnaleikrit úti. Því voru Dýrin í Hálsaskógi fyrir valinu og þannig færði leikhópurinn dýrin í sitt rétta umhverfi. Síðan þá hefur verið samið nýtt leikrit fyrir hvert sumar. Ármann Guðmundsson skrifaði árið 2008 Galdrakarlinn í Oz. Samhliða þeirri sýningu tók leikhópurinn jafnframt upp geisladisk með öllu leikritinu og lögnum og hefur haldið því áfram síðustu tvö árin. Snæbjörn Ragnarsson skrifaði verkið í fyrra, sem var Rauðhetta, og Hans klaufa í ár.

Anna Begga segir að leikritið Hans klaufi fjalli um það þegar Aron prins og aðstoðarmaður hans, Hans klaufi, koma heim úr ferðalagi. Þegar heim er komið komast þeir að því að ekki er allt með felldu. Norn hefur komið þangað í fjarveru þeirra, lagt álög á kóngsríkið og svæft alla þegna þess. Þá eru góð ráð dýr og er það undir Hans klaufa komið að aflétta álögunum og bjarga kóngsríkinu. Anna Begga segir að það sé bara verst hvað Hans sé mikill klaufi.

Leikhópurinn Lotta hefur farið víða um landið með leiksýningarnar. Anna Begga segir að viðkomustöðunum hafi fjölgað á hverju ári. „Í ár höfum við farið á yfir fimmtíu staði á landinu og með öllum atriðum eru þetta yfir 100 sýningar,“ segir Anna Begga.

Aðspurð segir Anna Begga að um hálf-



gert tólmundaleikhús sé að ræða. Allir í leikhópnum eru áhugaleikarar og þetta er þeirra áhugmál. Leikhópurinn hefur náð að standa undir bæði útgáfu á diskum og öllum þessum ferðalögum. Aðspurð um rekstur leikhópsins segir Anna Begga að það sé ekkert sérstaklega ódýrt að reka sex manna leikrit sem ferðast á dísilskrifjód um

landið en segir að þetta hafi þó staðið undir sér.

Leikararnir koma úr öllum áttum. Sjálf rekur Anna Begga eigið fyrirtæki sem er vinnan hennar, líka á sumrin. Innan leikhópsins eru einnig tónlistarmenn sem starfa allan ársins hring, leikkona sem var að útskrifast úr kvikmyndaskólanum og frömuður sem rekur eigið fyrirtæki. Anna Begga telur því óhætt að segja að leikararnir komi úr öllum áttum.

» „Í ÁR HÖFUM VIÐ FARIÐ Á YFIR FIMMTÍU STAÐI Á LANDINU OG MEÐ ÖLLUM ATRIÐUM ERU ÞETTA YFIR 100 SÝNINGAR.“

Pólitísk leiktjöld

„Mér sýnast þetta vera pólitísk leiktjöld [...]“

Síðan er mjög sérstakt að ríkisstjórnin er alltaf að koma fram með mál sem eru að teyja

það að hér geti farið í gang alvöru hagvöxtur.“



VILHJÁLMMUR EGILSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS, AÐSPURÐUR UM ÁLIT SITT Á FYRIRHUGAÐRI RANNSÓKN STJÓRNVALDA Á MAGMA-MÁLINU.



Hollasta funda- og veitingaþjónustan utan Evrópubandalagsins

- segja gárungarnir



www.avaxtabillinn.is



Endahnúturinn

Sýning Bjarkar

GISLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Björk Guðmundsdóttir áttaði sig fyrir löngu á því að Ísland væri of lítið fyrir sig og ákvað því að hefja starfsemi erlendis. Í raun má segja að hún hafi verið einn af fyrstu útrásarvíkingunum, nema hvað að hún greiðir auðvitað ekki skatta á Íslandi og hefur í raun sáralítið „gert fyrir“ land og þjóð annað en að draga neikvæða athygli að landinu (hvernig á maður annars að útskýra fyrir erlendum vinum sínum að Íslendingurinn hafi mætt í svansbúningi á Óskarinn?)

En þótt auðkýfingurinn Björk lifi af erlendu fjármagni getur hún ekki hugsað sér að aðrir Íslendingar geri það. Þannig hélt hún sýningu (sem hún kallaði blaðamannafund til að spara auglýsingakostnað) í síðustu viku þar sem hún lýsti yfir andstöðu sinni við því að erlendir aðilar fjárfestu í íslenskum orkuiðnaði. Sýning Bjarkar kom í kjölfar þess að vænissjúkur bloggari í Svíþjóð „afhjúpaði“ það sem allir vissu, að umræddur fjárfestir væri ekki með umfangsmikla starfsemi í Svíþjóð. Í kjölfarið hefur málið verið rætt á tilfinningaþrepi ofstopalegra ríkissinna.

En sýning Bjarkar var þó að mörgu leyti áhugaverð. Um leið og hún fullyrði að málið snerist ekkert um „vinstri-hægrri“ pólitík lagði hún til að öll orkusala væri í höndum ríkisins. Þannig er betra í hennar augum að ríkið einoki markaðinn þannig að kaupendur á raforku þurfi ekki lengur að krefja þá fimm aðila sem nú dreifa raforku um lægra verð.

Til að auka enn á dramatíkuna (við furðulega mikla hrifningu þeirra fjölmiðlamanna sem sóttu sýninguna) spurði Björk hvort börn okkar og barnabörn yrðu ánægð með þá samninga sem nú liggja fyrir. Þeirri einföldu spurningu er auðsvarað; já, að sjálfsgöðu, enda munu þau njóta þess.

Nú er bara að biða eftir því að Lára Hanna, Teitur Atla, Silja Bára og allir þessir snillingar leggi það til að söngródd Bjarkar verði þjóðnýtt þannig að hún verði ekki flutt úr landi.



Svíf þú inn í svefninn



RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0397 rum@rbrum.is www.rbrum.is

Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

congress
REYKJAVÍK



»» MIKIL SKERÐING Á
KVÓTA Í KOLATEGUNDUM
RÁÐHERRA FER EFTIR RÁÐGJÖF
HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

» 9



Vískaþingablaðið

Fiskir FRÉTTIR

FIMMTUDAGUR

29. JÚLÍ 2010

30. tbl. 17. árg.



Flúðu gullkarfann

Óvenjugóð veiði er í gullkarfa fyrir vestan og hafa togarar þurft að flýja miðin vegna þess. » 2

Sjávarútvegurinn og skuldirnar

Einar Kr. Guðfinnsson minnr á að heildarskuldir sjávarútvegs séu aðeins 2-3% af heildarskuldum atvinnulífsins. » 5



Góðar söluhorfur fyrir makríl

Gott útlit er í sölumálum fyrir makríl að sögn sölustjóra hjá Iceland Seafood. » 3

VERÐ Á LÚÐU LÆKKADI HRATT

» 4



MYND/KRISTINN BENEDIKTSSON

Eins og skreytt jólatré

Makrílbáturinn Blíða KE hefur gert það gott á handfæraveiðum undanfarnar vikur. Fáeinir smábátar hafa stundað þessar veiðar síðustu tvö til þrjú árin en Blíða KE er aflamarksbátur með átta handfærarúllum. Búnaðurinn er ansi tilkomumikill að sjá og

hafa menn gjarnan á orði að báturinn líti út eins og skreytt jólatré. Rúllurnar, sem stýra taumunum, bera hátt við himin og hvíla á rennum sem standa út frá skipinu. Fljótt á litni virðist hér um mikið kraðak að ræða en öllu er þó haganlega fyrirkomnið. Fiskifrétt-

ir brugðu sér í róður með Blíðu KE um síðustu helgi. Á myndinni hér að ofan er Sigurpáll Hjörvar Árnason vélstjóri að ganga úr skugga um að allt sé í lagi þegar veiðar voru að hefjast á Búðargrunni í Faxaflóa.

» Sjá nánar bls. 6-8.



Vökvakerfislausnir


Vökvadælar
Vökvamótorar
Stjórnþúnaður



Danfoss hf

Skútuvoigi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Veiðar á gullkarfa



FISKMARKAÐIR

Allir markaðir*

Slægdur fiskur = S/Óslægdur = Ó

Tegund	Ó/S	Kg	Kr/kg	Alls
BLÁLANGA	Ó	1.419	195	276.185
BLÁLANGA	S	6.624	189	1.251.285
DJÚPKARFI	Ó	722	176	127.073
GRÁLÚÐA	S	8.562	344	2.945.418
GRÁSLEPPA	Ó	27	5	144
GULLKARFI	Ó	48.462	138	6.672.259
HLÝRI	Ó	378	220	83.198
HLÝRI	S	14.228	224	3.183.310
HVÍTASKATA	S	8	15	120
HÁMERI	S	138	702	96.876
KEILA	Ó	4.744	107	508.355
KEILA	S	5.175	125	647.220
LANGA	Ó	2.206	161	354.290
LANGA	S	16.964	195	3.304.773
LANGLÚRA	Ó	1.869	31	57.762
LANGLÚRA	S	93	49	4.590
LÚÐA	S	2.551	990	2.524.623
LÝR	S	9	93	837
LÝSA	Ó	633	106	66.877
LÝSA	S	2.270	66	150.621
MAKRÍLL	Ó	968	76	73.524
NÁSKATA	Ó	2	30	60
NÁSKATA	S	124	52	6.391
SANDHVERFA	S	3	799	2.397
SKARKOLI	Ó	11	116	1.275
SKARKOLI	S	26.122	188	4.898.619
ÞYKKVALÚRA	S	51	211	10.761
SKATA	S	530	193	102.471
SKÖTUSELUR	Ó	12	447	5.364
SKÖTUSELUR	S	11.319	440	4.981.482
STEINBÍTUR	Ó	7.820	137	1.073.185
STEINBÍTUR	S	63.319	206	13.023.448
STÓRKJAFTA	S	2.721	29	77.877
SÍLD	Ó	9.060	6	51.503
UFSI	Ó	74.091	130	9.613.479
UFSI	S	139.194	156	21.646.722
UNDUFSI	Ó	71	26	1.841
UNDÝSA	Ó	15.395	117	1.802.506
UNDÝSA	S	8.888	142	1.260.637
UNÐÞORSKUR	Ó	19.323	168	3.249.542
UNÐÞORSKUR	S	3.987	183	730.321
ÝSA	Ó	210.887	258	54.304.718
ÝSA	S	73.081	232	16.986.019
ÞORSKUR	Ó	268.660	285	76.669.301
ÞORSKUR	S	120.505	297	35.845.547
ÞYKKVALÚRA	Ó	792	193	152.856
ÞYKKVALÚRA	S	5.424	252	1.366.665
Samtals:		1.179.442	229	270.194.327



Hrafn Sveinbjarnarson GK á siglingu.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

Stígandi í gullkarfaveiðum

Flúðu karfann fyrir vestan

Í síðustu viku millilandaði frystitogarinn Hrafn Sveinbjarnarson GK í Grindavík og var aflinn um 300 tonn upp úr sjó eftir 17 daga á veiðum. Aflaverðmæt- ið var um 90 milljónir. Bæði þurfti að létta á skipinu en einnig urðu þeir að hverfa af miðunum fyrir vestan vegna of mikils meðafla í gullkarfa.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Það hefur verið stígandi í karfaveiðum á Vestfjarðamiðum síðastliðin 3 ár. Fyrir miðja síðustu öld var mikil karfaveiði á þessum slóðum en síðustu áratugina hefur karfinn ekki veiðst nema fyrir ofan 100 faðmana. Nú heldur gullkarfinn sig í hitaskilunum í kantinum alveg frá Víkuráli og norður fyrir Hala. Við



KARLINN Í BRÚNNI

Hilmar Helgason,
skipstjóri á Hrafn
Sveinbjarnarsyni GK.

fáum karfa í miklum mæli á 130-180 föðmum og niður á 200 faðma. Ég hef stundað þessar veiðar í nokkuð mörg ár og hef aldrei lent í þessu fyrr," sagði Hilmar Helgason, skipstjóri á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK, í samtali við Fiskifréttir.

Óhagstæð blanda

Hilmar sagði að þeir hefðu verið að sækjast eftir ufsa og ýsu í túrn- um. Aflaheimildir í karfa væru það litlar að þeir yrðu að taka karfann sem meðafla. Góð ufsaveiði hefði verið á 40 mílna löngu svæði frá Blönku að Menju en aflinn var blandaður karfa og þorski. Blandan var mjög óhagstæð því karfinn gat verið um helmingur á móti öðrum afla. Einnig var um tíma

góð ýsuveiði bæði á Straumnesbanka og Deildargrunni. „Ýsan er eitthvað farin að sýna sig fyrir utan línu. Hún hefur ekki veiðst mikið á togaraslóð á þessu ári," sagði Hilmar.

Eftir að þeir höfðu létt á sér var haldið austur á Lónsbugt og höfðu þeir tekið eitt hol, 5 tonn af ufsa, þegar rætt var við Hilmar á fimmtudaginn í síðustu viku. „Minna hefur verið um ufsa á grunnunum meðfram suðurströndinni en aftur á móti hefur meira veiðst af honum vestur af landinu," sagði Hilmar.

Góð grálúðuveiði fyrir austan

Hrafn Sveinbjarnarson GK var á grálúðuveiðum í maí og júní; fyrri mánuðinn á Grænlandssundi vestur af Halanum en seinni mánuðinn úti fyrir Austfjörðum. Hilmar sagði að veiðin hefði verið þokkaleg á heildina litið þótt hefðbundin grálúðuslóð á Hampiðjutorginu væri ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. „Austursvæðið hefur hins vega lagast mikið. Nú er æti þar meðfram öllum köntum; makríll, síld og gulldeplan fór norður með Austfjörðum í vetur, alveg norður fyrir Seyðisfjarðardýpi. Gulldeplan var til skamms tíma aðeins staðbundinn fiskur á grunnum frá Hornafirði að Reykjanesi," sagði Hilmar.

Fiskgengd færst norðar

Hilmar gat þess að hlýnun sjávar undanfarin ár og áratugi hefði leitt til þess að flestar fisktegundir hefðu fært sig norðar. „Fyrir um 20 árum svo dæmi

„Við fáum gullkarfa í miklum mæli á 130-180 föðmum og niður á 200 faðma. Ég hef stundað þessar veiðar í nokkuð mörg ár og hef aldrei lent í þessu fyrr.“

sé tekið kom hrygningarþorskurinn upp í kantana suðvestur af Reykjanesi á veturna. Núna kemur hann upp fyrir austan Víkurál. Hann hefur því fært sig norður um einar 180 sjómí- lur á þessum tíma. Þetta er í samræmi við þróunina í Norðursjó. Á árabílinu 1975-2000 færðust fiskimiðin þar fyrir þorsk og ýsu svipað langt til norðurs. Skýringin er sú að með hækkan- di sjávarhita hefur ætíð færst norðar og fiskurinn fylgir á eftir," sagði Hilmar.

Hann bætti því við að þorskur á Íslandsmiðum veiddist í meiri mæli og á stærra svæði en áður. „Það er stígandi í þorskstofninum og ég tel að óhætt sé að veiða meira en fiskifræðingur leggja til.“

Stefnir í stórvandamál

Fram kom hjá Hilmar að eftir þennan túr færi Hrafn Sveinbjarnarson GK á makrílveiðar en togarinn má veiða um 230 tonn af makríl. Síðan eiga þeir eftir heimildir í ýsu og ufsa.

Á yfirstandandi fiskveiðiári er karfakvótinn 50 þúsund tonn í heild fyrir gullkarfa og djúpkarfa. Á næsta ári verður heildarkvótinn 40 þúsund tonn og er honum nú skipt þannig að veiða má 30 þúsund tonn af gullkarfa og 10 þúsund tonn af djúpkarfa. „Hér er um mikla skerðingu að ræða, sérstaklega hjá skipum sem eingöngu veiða gullkarfa. Svona mikil skerðing á einni tegund leiðir til aukinnar sóknar í aðrar tegundir sem kannski þola það ekki. Miðað við hvað mikið veiðist nú af gullkarfa stefnir í stórvandamál á næsta fiskveiðiári. Menn eru mjög ósáttir við ákvörðun ráðherra um úthlutun í karfa og ráðgjöf fiskifræðinga. Þetta er ekki í neinu samræmi við það sem er að gerast á miðunum. Ég hafði ekki mikla trú á fiskifræðingum fyrir en nú hafa þeir kórónað vitleysuna," sagði Hilmar Helgason.

■ Íslendingar þurfa að selja mikið magn af makríl á stuttum tíma

Góðar söluhorfur fyrir makríl

Gott útlit er í sölumál- um fyrir makríl að sögn sölustjóra hjá Iceland Seafood ehf. Makríl er vinsæll í Austur-Evrópu og Asíu. 20% tollur leggst á makrílafurðir sem seldar eru héðan til ríkja innan ESB.

VILMUNDUR HANSEN
vilmundur@fiskifrettir.is

Teitur Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood ehf., sagði í samtali við Fiskifrétir að hann væri almennt bjartsýnn um markaðmál fyrir frystan makríl. „Makríl er tiltölulega ný afurð hér og við vitum ekki allt af hvert stefnir. Fram til þessa hefur nánast allur aflinn verið frystur, hausaður og slógdreginn, enda mikil áta í honum. Ég hef þó heyrt um skip sem hafa fundið makríl með tóman maga og þá er náttúrulega sjálfsgaet að heilfrysta hann.“

20% tollur inn í ESB

„Makríl er vinsæll fiskur og markaður fyrir hann er víða í Evrópu. Hann er gríðarlega vinsæll í Austur-Evrópu; Rússlandi, Úkraínu og Hvíta Rússlandi og markaðurinn er líklega stærstur þar. Makríl er líka eftirsóttur í löndunum í kringum Norðursjó. Vandamálið sem við Íslendingar eigum við að stríða er það að 20% tollur er á flestum makrílafurðum sem fluttar eru héðan inn til ríkja Evrópusambandsins.“

Auk þess eru góðir markaðir í Asíu og er Japansmarkaður þar langstærstur. Sennilega er einnig góður markaður í Kóreu og víðar. Kaupendur í Asíu vilja fá makrílinn heilan, átulausan og þéttan í holdinu. Makrílinn nær þessum svokölluðu Japansgæðum yfirleitt seint í ágúst og byrjun september. Í fyrra var kvótinn að mestu búinn á þeim tíma en ég reikna með því að flestir geymi talsvert af honum til haustsins að þessu sinni til að kanna hvort makríl sé þá enn í veiðanlegu magni innan lögsögunnar,“ segir Teitur.



Makríl frystur um borð í íslensku vinnsluskipi.

MYND/PORBJÖRN VÍGLUNDSSON

Á von á að verð lækki

„Miðað við aðstæður tel ég að vel gangi að selja makrílinn. Við erum að selja mikið magn á stuttum tíma og erum nýir á markaðnum enda ekki nema tvö ár frá því að við fórum að veiða makríl í þessu magni. Það er því viðbúið að tíma taki að vinna markaði og að ekki seljist allt samdægurs. Ég á því von á að menn verði eitthvað fram eftir hausti að selja makrílinn og að verð gefi eitthvað eftir frá því sem þau voru hæst. Fyrir tveimur til þremur árum fengust 2500 dollarar fyrir tonnið af hausuðum makríl en í dag fást um 2000 dollarar.“

Makrílkvóti til uppsjávarfyrirtækja er 112 þúsund tonn. Ég tel að ef við höldum þessum veiðum áfram komi markaðurinn til með að búast við mak-

“

Vandamálið sem við Íslendingar eigum við að stríða er það að 20% tollur er á flestum makrílafurðum sem fluttar eru héðan inn til ríkja Evrópusambandsins.

ríl frá okkur á hverju ári eftir það. Allur makríl sem Íslendingar veiddu í fyrra seldist og engar birgðir eru til í landinu. Ég hef heyrt sögur um að einhverjar birgðir séu til í Noregi án þess þó að ég hafi kannað það nánar.

Ég tel að við getum verið bjartsýn á sölumál makrils í framtíðinni. Það er náttúrulega mikið átak að komast inn á nýja markaði og byggja þá upp og slíkt gerist ekki í einu vetfangi,“ segir Teitur Gylfason hjá Iceland Seafood.

Írland

Áætlun um 600 ný störf í sjávarútvegi

Írsk stjórnvöld kynntu nýlega áætlun um að skapa 600 ný störf í sjávarútvegi á næstu þremur árum og auka virði sjávarafurða um 50 milljónir punda, eða um 9,5 milljarða ISK.

Írskur sjávarútvegur veltir um 700 milljónum punda á ári (132 milljörðum ISK) en til samanburðar má nefna að eftirspurn eftir sjávarafurðum í Evrópu er um 12 milljónir tonna og verðmæti þeirra er 60 milljarðar punda (um 11.300 milljarðar ISK).

Nú starfa um 11 þúsund manns í sjávarútvegi í Írlandi. Talið er að unnt verði að fjölga störfum í fiskvinnslu og í fiskeldi.

Heimild: Irish Examiner


Norsk-ísl. síld

Tæplega 30% kvótans veidd

Búið er að veiða um 48 þúsund tonn af norsk-íslensku síld á vertíðinni, eða tæp 30% af rúmlega 165 tonna aflamarki. Reyndar er úthlutaður kvóti rúm 175 tonn en frá dragast 9.600 tonn sem veitt var umfram í fyrra.

Hljótt hefur farið um veiðar á norsk-íslensku síldinni því mestur spenningurinn hefur verið í kringum makrílinn. Ný skip hafa veitt meira en 3 þúsund tonn af síld það sem af er samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu. Aflahæst síldarskipa eru Jón Kjartansson SU með 3.826 tonn og Vilhelm Þorsteinsson EA með 3.818 tonn.

» kjartan@fiskifrettir.is



skip.is

Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg

■ Margir bátar á stórlúðuveiðum í vor og sumar

Verðið lækkaði hratt

Lúðuveiðar gengu vel fyrst í vor að sögn skipstjórans á Kristni SH. Verðið lækkaði þó hratt að hans sögn vegna þess að óvenju-margir bátar stunduðu lúðuveiðar í sumar.

VILMUNDUR HANSEN
vilmundur@fiskifrettir.is

Kristinn SH fór í sinn fyrsta lúðutúr á árinu 30. apríl. Þorsteinn Bárðarson skipstjóri segir í samtali við Fiskifréttir að um tilraunaróður hafi verið að ræða. „Alvöruveiðar hófust svo snemma í maí og við vorum á lúðu þar til um miðjan júní. Við héldum okkur á Hampiðjutorginu og suður af Reykjanes hryggnum sem er ansi stórt svæði,“ segir Þorsteinn.

Verðið lækkaði um helming

„Við vorum viku úti í einu og fyrstu tveir túrarnir voru finir og verðið gott. Í þriðja túrnunum fór að draga úr veiðinni og verðið lækkaði jafnframt vegna þessa að það voru svo margir bátar á þessu. Verðið fyrir kíló í fyrstu túrunum var um 1400 krónur en svo lækkaði það hratt og var komið niður í 700 krónur í þeim síðasta. Að mínu mati þarf verðið að vera í kringum þúsund krónur fyrir kíló svo að veiðarnar borgi sig. Meðalstærð á lúðunni sem við vorum að fá var um 40 kíló en hún fór alveg frá 30 kílóum og upp í 100 kíló og túrinn var að gefa um þrjú tonn,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir að lúðuveiðarnar í ár hafi verið sérstakar að því leyti að bátum á þeim hafi fjölgað mikið. „Þetta ger-



Þrír úr áhöfn á Kristni SH með eina væna lúðu. Talið frá vinstri: Viðar Hafsteinsson, Bárður Guðmundsson og Vignir Már Bárðarson.

ist alltaf annað slagið ef verðið hækkar en þeir týna yfirleitt tölunni fljótt aftur. Lúðuveiðar eru erfiðar að því leyti að það er lítið orðið til af lúðunni, erfið að finna hana og því mikil fyrirhöfn við að ná henni.“

Æskilegt að sleppa smálúðum

„Ég er ekki sammála Hafrannsóknastofnun í því að banna eigi beina sókn í lúðuna. Ég tek aftur á móti undir það að mikið minna er af lúðu núna en áður. Að mínu mati er það smálúðudrápið sem verður að stoppa og koma í veg fyrir að ungvíði sé veitt á uppelldisstöðvunum. Ég hef ekkert við snurvoðina að athuga sem veiðarfæri en ég held að hún sé stór hluti af ástæðunni fyrir smálúðudrápinu. Það var mikið veitt af smálúðu í snurvoð á árum áður og ég held að þegar svona mikil sókn er með snurvoð og línu

á grunnslóð muni lúðan ekki ná sér á strik.

Ég tel að hugmynd Hafró um að sleppa lúðum undir vissri stærð, til dæmis 20 kílóum,

myndi hjálpa mikið til. Menn hafa verið að reyna það í Kanada með góðum árangri og ég er viss um að slíkt gangi hér líka. Þótt aðeins helmingurinn sem

„Ég tel að hugmynd Hafró um að sleppa lúðum undir vissri stærð, til dæmis 20 kílóum, myndi hjálpa mikið til.“

sleppt væri lifði af kæmi það sér vel fyrir stofninn,“ segir Þorsteinn Bárðarson að lokum.

» vilmundur@fiskifrettir.is

MEIRI VEIÐI EN Í FYRRA

» Samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu er búið að veiða 493 tonn af stórlúðu það sem af er yfirstandandi fiskveiðiári. Á sama tíma í fyrra var búið að veiða 430 tonn en á öllu fiskveiðiárinu 2008 til 2009 voru veidd 484 tonn af lúðu. Fiskveiðiárið 2007 til 2008 voru veidd 467 tonn.

» Það sem af er þessu fiskveiðiári er því búið að veiða meira af lúðu en tvö undanfarin ár þrátt fyrir að stofninn eigi undir högg að sækja að sögn fiskifræðinga.



Kristinn SH var á lúðuveiðum frá byrjun maí fram í miðjan júní.

MYND/ALFONS FINNSSON

■ Árlegu flóaralli Hafrannsóknastofnunar lokið

Áberandi lítið fannst af sandkola

Árlegt flóarall Hafrannsóknastofnunar fór fram síðustu tvo dagana í júní. Farið



Jónmundur Pálsson.

var á dragnótabátum Farsæl GK og tekin 10 kóst alls á fyrirfram ákveðnum stöðum í Faxaflóa. Ekki hefur enn verið unnið úr gögnum sem safnað var en Jónbjörn Pálsson leiðangurstjóri sagði í samtali við Fiskifréttir að áberandi lítið hefði fundist af sandkola en þokkaleg veiði hefði verið í skarkola.

„Það kom fátt á óvart í þessum leiðangri.



Frá flóaralli fyrir tveimur árum.

MYND/EINAR ÁSGEIRSSON

Sandkolinn heldur sig aðallega sunnarlega í flóanum og þar var sáralítið að hafa

eins og í flóaralli undanfarin ár. Segja má að ástand sandkolans sé mjög slakt eins

og kemur reyndar fram í veiðiráðgjöf okkar í vor,“ sagði Jónbjörn.

Jónbjörn sagði að skarkolastofninn væri á hægri uppleið þótt stofninn hefði ekki náð sínum fyrri styrkleika enn. „Við fengum töluvert af ungum skarkola að þessu sinni sem bendir til þokkalegrar nýliðunar. Er það reyndar í samræmi við vísitölur skarkola sem mældust í vorralli Hafrannsóknastofnunar,“ sagði Jónbjörn.

Fyrir utan veiðarnar var safnað fæðusýnum og ýmsum öðrum gögnum. Fram kom hjá Jónbirni að talsvert hefði veiðst af steinbít með kolanum og svolítið af þorski á norðursvæðinu eins og svo oft áður.

» kjartan@fiskifrettir.is

Grundvallarvandi Íslendinga er of miklar skuldir

Sjávarútvegurinn og skuldirnar

Einn grundvallarvandi sem við er að glíma hér á landi eru of miklar skuldir. Ríkið sem var orðið skuldlaust, er aftur orðið skuldugt eftir bankahrunið. Sveitarfélögin skulda reiðarinnar býsn. Ekki síst þau sem eru á gömlu þenslusvæðunum og skulda alltof mikið fé í vannýttum götum og öðrum fjárfestingum sem engin þörf er fyrir. Skuldavandi heimilanna hefur verið viðvarandi viðfangsefni stjórnmalanna um árabíl, ekki síst nú eftir hrúnið þegar skuldirnar ruku upp í kjölfar gengishruns og verðbólgu. Og loks er það atvinnulífið sem er þjakað af alltof miklum skuldum, sem hafa keyrt mýmörg fyrirtæki í þrot.

Þetta heildarsambengi viðist oft gleymast þegar rætt er um skuldir sjávarútvegsins. Rétt er það að heildarskuldir sjávarútvegsins eru miklar, en sanngjarnt er þó að setja þær í samhengi við aðrar skuldir í landinu. Ekki síst skuldir annarra atvinnugreina.

Hlutur sjávarútvegs í skuldunum er lítill

Í mikilvægri skýrslu Deloitte endurskoðunarfyrirtækisins um sjávarútveginn kom fram að þó að skuldir sjávarútvegsins séu miklar, þá hafi þær ekki numið nema 2-3% af heildarskuldum atvinnulífsins. Þetta telst furðu lágt hlutfall sé umfang sjávarútvegs í gjaldeyrisssköpun og í efnahagsbúskap okkar haft í huga. Jafnframt er nauðsynlegt að áréttu það, sem einnig kemur fram í þessari skýrslu, að sjávarútvegurinn sé hvað líklegastur til að geta greitt sínar skuldir, sé atvinnulífið í heild sinni skoðað.

Þetta segir allmikla sögu og meðal annars þá að ýmsar ýkjufrásagnir af skuldavanda sjávarútvegsins eru ekki mjög í samræmi við raunveruleikann. Það breytir því hins vegar auðvitað ekki að skuldavandi er líka til staðar í sjávarútvegi, líkt og hjá öðrum atvinnugreinum, ríkissjóði, sveitarfélögum og heimilum í landinu.

Fjárfest í óskyldum rekstri

Meðaltöl segja vitaskuld aldrei alla söguna. Staða fyrirtækja er misjöfn og ástæða skulda fyrirtækja í sjávarútvegi er alls ekki í öllum tilvikum sú hin sama.

Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt er að sjávarútvegsfyrirtæki hafi fjárfest í óskyldum rekstri. En er það endilega gagnrýniveri? Getur það ekki einmitt verið hluti af fjármála-stjórn fyrirtækja að gæta þess að setja ekki öll sín egg í sömu körfu? Sumir hafa örugglega

SKOÐUN



Einar Kristinn Guðfinnsson.

„Í mikilvægri skýrslu Deloitte endurskoðunarfyrirtækisins um sjávarútveginn kom fram að þó að skuldir sjávarútvegsins séu miklar, þá hafi þær ekki numið nema 2-3 % af heildarskuldum atvinnulífsins.“

farið ógætlega og munu súpa af því seyðið, eins og gerist í slíkum tilvikum. Og þetta á sér kunnulegar hliðstæður annars staðar í þjóðfélaginu. En höfum þá í huga að væntanlega hefur ákvörðun um slíka fjárfestingu verið tekin í góðri trú og út frá þeim forsendum sem ríktu, þó einnig þar séu undantekningar til þar sem menn fóru sér óðslega. Pólitísk óvissa sem oft hefur ríkt um framtíð fiskveiðistjórnarkerfisins hefur einnig örugglega hvatt menn í sjávarútvegi til þess að festa fé sitt að einhverju leyti í atvinnugreinum óskyldum sjávarútvegi, til þess að lágmarka áhættu og dreifa henni.

Skuldirnar jukust á árunum fyrir hrun

Í skýrslu Háskólans á Akureyri (RHA), sem var unnin fyrir Endurskoðunarnefnd á fiskveiðistjórnarkerfinu, kemur margt fróðlegt fram og þar með um skuldamála sjávarútvegsins. Meðal þess sem þar kemur fram er að skuldir sjávarútvegsins jukust í erlendri mynt talið (SDR) fyrst og fremst á árunum fyrir hrun. Í tilviki sjávarútvegsins er eðlilegt að nota erlendan gjaldmiðil sem viðmiðun í ljósi þess að tekjur sjávarútvegsins sem útflutningsgreinar taka

mið af verðlagningu gjaldeyrisins. Þróun erlendra skulda og tekna þróast því í grófum dráttum í sömu dráttum. Í grófum dráttum, segi ég vegna þess að tekjur útgerðanna sem selja fisk til vinnslu hér innanlands, fylgja erlendu gengi einungis í grófum dráttum. Þetta breytir því þó ekki að eðlilegast er að skoða þetta með þeim hætti sem RHA gerir.

Skýrslan sýnir fram á að skuldaförnun í sjávarútvegi gerðist, á þennan mælikvarða mælt, einmitt á þeim árum þegar gríðarlegt framboð var af ódýru erlendu lánsfé á lágum vöxtum. Einnig þetta er kunnulegt víðar. Það voru einmitt þessi hagstæðu lánskjör sem löðuðu fólk og atvinnulíf til lántöku og ekki síst gengisþróunin, - æ sterka gengi, - sem menn treystu öðrum þræði á að greiddi niður erlendu skuldirnar. Þetta mikla framboð ódýrs fjármagns jók eftirspurn

jukust skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna. Enn á ný sjáum við að línurnar eru hinar sömu. Ódýrt fjármagn, jafngildir aukinni eftirspurn, eignir hækka, borð skapast fyrir frekari lántökum, það nýta menn sér án mikils hiks. Auðsáhrifin eru í algleymingi.

Hver á að borga - ríkið eða útgerðirnar?

En síðan er það eitt í viðbót þar sem sjávarútvegurinn hefur sérstöðu.

Sú þróun hefur verið ör að fyrirtæki hafa verið að reyna að aðlaga skipastól sinn því sem veiða má. Þetta hefur ekki verið auðvelt þegar við höfum búið við minnkandi aflaheimildir. Hagræðingarmöguleikarnir í útgerðinni hafa falist í því að lækka sóknartengdan kostnað og tryggja að menn geti beitt skipunum sem stærsta hluta ársins. Það hafa menn gert með því að kaupa

hafa reynt að aðlaga stærð fiskiskipastólsins að afrakstursgetunni í fiskistofnunum farið að? Jú. Það hefur verið leitað á náðir ríkissjóða landanna og í tilviki ESB ríkjanna í þá hyljdjúpu sjóði sem þar má finna, að sögn kunnugra. Að sönnu hafa það ekki verið útgerðirnar sem hafa borið byrðarnar af því að draga saman of stóran flota. Það eru skattborgararnir sem hafa borið þær byrðar; og það án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Hér eru það útgerðirnar sem greiða kostnaðinn. Þar eru það skattborgararnir.

Og vilja menn skipta? Væri það betra ef slíkt fyrirkomulag hefði ríkt hér á landi? Ætli það hefði vakið upp meiri ánægju og verið fremur til sátta fallið um sjávarútveg okkar?

Ætli það sé ekki einmitt þetta sem hefur valdið því að þjóðir með svo mikil ríkisafskipti í sjávarútvegi hafa átt svo erfitt



„Þetta heildarsambengi viðist oft gleymast þegar rætt er um skuldir sjávarútvegsins. Rétt er það að heildarskuldir sjávarútvegsins eru miklar, en sanngjarnt er þó að setja þær í samhengi við aðrar skuldir í landinu. Ekki síst skuldir annarra atvinnugreina,“ segir greinarhöfundur.

MYND/EYÞÓR JÓVINNSSON

eftir hvers konar eignum, beinum og óbeinum og hækkaði verðmatið. Íbúðarhúsnæði snarhækkaði í verði, verðmat á fyrirtækjum tók risastökk og var ekki í neinu samræmi við rekstrarafkomuna, jarðnæði í sveitum fylgdi með og hækkaði í verði og fiskveiðirétturinn, kvótinn, hækkaði og þannig

sér aukinn fiskveiðirétt og lagt skipum sem ekki þarf til þess að veiða þær aflaheimildir. Einnig þetta hefur verið gagnrýnt og sagt að eigi sinn þátt í skuldunum í sjávarútveginum. Og mikið rétt. Það á sinn þátt í skuldunum.

En hvornig hefur þetta verið gert hjá öðrum þjóðum sem

með að ná utan um veiðistýringuna? Þar hverfur hvatinn af því að gera vel, mönnum verður slétt sama þótt langtímamarkmiðum sé sópað út af borðunum við veiðistýringu.

Höfundur er alþingismaður og fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi.

Rætt við Albert Sigurðsson, skipstjóra og frumkvöðul, á makrílbátum Blíðu KE 17

Makríllinn er brellið kvikindi

TEXTI OG MYNDIR
KRISTINN BENEDIKTSSON

Ég er alveg ákveðinn að fara yfir Flóann, norður undir Jökul, efst í Jökuldýpið en þar eru hagstæð straumaskilyrði fyrir þessar veiðar og þar hefur oftast gefist fiskur hjá okkur í sumar," segir Albert Sigurðsson, skipstjóri á makrílbátum Blíðu KE 17, og virðir fyrir sér hitakort sem hann fékk sent á netinu frá Rússlandi á meðan báturinn skrífur út úr Njarðvíkurhöfn síðastliðinn laugardagsmorgun í blíðskaparveðri. Kortid sýnir að á Búðargrunninu, efst eða grynnt í Jökuldýpinu er sjórinn um 13 gráðu heitur, mun heitari en á öðrum stöðum í Flóanum, og vill Albert meina að það skapi ákjósanleg skilyrði fyrir makríllinn. Framundan er þriggja tíma stím á miðin.

Átta handfærarúllur

Það er útgerðarfélagið Stormur Seafood ehf. sem gerir Blíðu KE út en félagið hefur verið í umræðunni að undanförunum vegna fréttu um erlenda eignarhlut í félaginu. Blíða KE er útbúin með 8 sænskar handfærarúllur af gerðinni Belitronic BJ5000 sem komið er fyrir í röð aftan við brúna og þaðan liggja síðan taumarnir um allt skip.

Fjórar taumastýringar eru síðan staðsettar á hvort borð. Þeim er raðað upp þannig að tvær eru framan við brúna, en Blíða KE er frambyggður bátur. Tvær stýringar eru síðan miðskips og fjórar aftur á. Stýringarnar eru rúllur, sem taumurinn rennur eftir, og þeim er komið fyrir á rennum sem skotið er út þegar veiðarnar byrja en aftur á eru þær lengri

og virka eins og gálgar þegar þær hafa verið lagðar út. Þetta er gert til að slóðarnir neðst á taumnum gangi á misvíxl svo síður sé hætt á að þeir flækist saman.

Á hverjum slóða eru 48 krókar og neðst fjögurra til sex kílóa sökkur til að halda taumnum strekktum. Á enda hverrar rennu er blikkassi þar sem slóðinn rennur í gegnum slítara og fiskur liggur eftir í kassanum og spriklar út í rennuna og alla leið niður í lest þar sem við honum taka krapafyllt kör til geymslu.

“

Í Míritaníu veiddi Albert makríl í flottroll og sú reynsla kemur að góðum notum við makrílveiðar hér heima því hegðun fisksins er svipuð.

Öllu þessu er haganlega komið fyrir. Báturinn þarf að vera á ferð, 1 til 2 mílur, til að taumurinn myndi ákveðinn halla frá kössunum þegar hann er hífður inn svo fiskurinn rekist ekki utan í og hrynjí aftur í sjóinn. Slíkt kemur þó fyrir en er í svo litlum mæli að ekki tekur því að gera sér rellu út af því.

Reynsla af veiðum við Míritaníu

Albert brosir breitt þegar hann útskýrir fyrir mér gang veiðanna og segir að reynsla hans sé sú að þegar áhugasamir gestir skoði skipið þegar það er í höfn þá finnst öllum fyrirkomulagið ruglingslegt. En þegar útlit að hefur verið hvernig rúllufyrirkomulagið virkar reynist þessi útbúnaður mjög haganlegur og rökréttur enda hafa Norðmenn veitt makríl með þessum hætti í áratugi og þróað þennan veiðiskap.

Albert hefur mikla reynslu til sjós en hann var skipstjóri í nokkur ár á verksmiðjuskipinu Alpha sem Sjólaskip í Hafnarfirði gerðu út í Míritaníu áður en Samherji keypti útgerðina. Þar áður hafði Albert verið á öllum veiðum hér við Ísland. Í Míritaníu veiddi Albert makríl í flottroll og sú reynsla kemur að góðum notum við makrílveiðar hér heima því hegðun fisksins er svipuð.

Unnið fumlaut og örugglega

Á miðunum eru skipverjarnir þrír fljótir að gera allt klárt, koma sökkunum á hverjum slóða út fyrir borðstokkinn og stilla hverja rúllu á sitt vinnulag. Auk Alberts eru í áhöfninni þeir Arngrímur Jónsson, stýrimaður og Sigurpáll Hjörvar Arnason, vélstjóri. Þeir láta vel af veiðiskapnum þessar þrjár vikur sem þeir hafa fengist við hann og eru greinilega komnir með reynslu því þeir ganga að hverju verki fumlaut og örugglega.

Í brúnni fylgist Albert með tækinu, þ.e. astikinu, sem er lykilforsenda fyrir því að einhver árangur náist. Skjárinn er tvískiptur. Efri hlutinn sýnir torfur fram undan bátinum en sá neðri sýnir undir bátinn og



Blíða KE á útleið úr Njarðvíkurhöfn. Báturinn er skrautlegur að sjá með öllum þessum rúllum. Verið er að setja út rennuna fremst en rennur aftast vísa enn upp. Þær eru lagðar út áður en veiðar hefjast.

MYNDIR/KRISTINN BENEDIKTSSON



Albert Sigurðsson skipstjóri stendur við lunninguna. Myndin er tekin síðla kvölds en fiskurinn nánast fiskur á hverjum króki á rúllunni miðskips. Makríllinn fer í gegnum slítara í kassanum. Mannhöndin kemur hvergi nærri nema þegar verið er að ganga frá aflanum niðri í lest.

og erfiður viðureignar



Sigurpáll Hjörvar Árnason vélstjóri hugar að búnaði úti á einni renninni og gefur Albert skipstjóra merki um að allt sé í lagi.

“

Það var ekki fyrr enn á fallaskiptum seinnipart laugardags og síðan í ljósaskiptunum um nóttina sem hann gaf sig vel til. Þá fylltist hvert karið á fætur öðru.

til hliðanna. Án þessa tækis væru veiðarnar algjörlega unnar blindandi.

„Hér er mikið líf eins og mig grunaði,“ segir Albert þar sem hann grúfir sig yfir skjáina en til hliðar er plotter og dýptarmælir sem einnig gefa upplýsingar sem hann þarf að vinna út frá.

Veiddist í fallaskiptum og ljósaskiptum

„Þessi veiðiskapur krefst mikillar þolinmæði,“ segir Albert og áréttar það sem hann hafði sagt mér áður um hegðun makrilsins. „Makrillinn er erfiður viðureignar á krókaveiðum. Þetta er brellið kvikindi, kröftugur

fiskur, sem sýnir sig og er fljótur að hverfa eins og hendi sé veifað. Enginn túr er eins og ekki sjálf-sagt að hann bíti á þótt hann sýni sig. Við teljum okkur hafa fundið aðferðafræði sem gildir um að ná honum,“ segir Albert og reyndust þetta vera orð að sönnu. Þrátt fyrir góðar lóðn-

ingar þá gaf fiskurinn sig lítið til í sólskininu og þurfti því að liggja yfir honum og beita mikilli þolinmæði. Það var ekki fyrr enn á fallaskiptum seinnipart laugardags og síðan í ljósaskiptunum um nóttina sem hann gaf sig vel til. Þá fylltist hvert karið á fætur öðru.

Ný byltingarkennd tækni sem eyðir straumiðum, eykur kraft og bætir stöðugleika hleranna

Apollo
Xstream

POLY-ICE
Toghlerar

Öflugustu flottrollshlerarnir

ALÞJÓÐLEG
EINKALEYFISUMSÓKN

■ Stöðugir á togi og í beygjum ■ 15-20% meiri opunarkraftur ■ 10-15% léttari í togi

Xstream tæknin

HAMPIÐJAN
- fyrir öll heimsins höf

www.hampidjan.is



Áhöfnin á makrílbátum Blíðu KE talið frá vinstri: Sigurpáll Hjörvar Árnason vélstjóri, Albert Sigurðsson skipstjóri og Arngrímur Jónsson stýrimaður.



Taumurinn flækist sjaldan en það gerðist í þessari veiðiferð þegar verið var að eltast við makrílforfu. Hér hafa þeir slóðar flækst saman.

Sunnudagsmorguninn var steindauður og var Albert búinn að leita á svæðinu sunnan við helsta veiðisvæðið í nokkurn tíma þegar hann rakst á feiknaforfu í straum og kuldaskilum og upphófst þá mikill darraðardans við að elta torfunu sem var á fleygiferð um allan sjó. Þegar tókst að hafa torfunu undir bátinum gaf hún vel en það kostaði að tvisvar flæktust saman þrjár taumar með tilheyrandi brasi og veiðitapi. Þegar upp var staðið hafði tekist að fylla rúm tólf kór, um sex tonn áður en bræla batt enda á þennan annars ágæta túr þar sem skipverjum taldist til að á tveimur sólarhringum væru hífingarnar vel rúmlega 21 þúsund þar sem hver er með 48 króka.

Treysti því að fá að vera í friði

„Þetta er sá veiðiskapur þar sem spenningurinn kemst næst laxveiðum og maður kemur heim með um 400 öngla í rassinum ef ekkert veiðist,“ segir Albert, glottir breitt og bætir við að hann treysti því að þeir fái að vera í friði að veiða í samræmi við þann kvóta sem gefinn var út í vor. Hann verði ekki tekinn af fyrirvaralaust líkt og því miður virðist eiga sér stað æ ofan í æ með hluti sem snúa að sjávarútveginum.

„Það væri þrjátíu ef slíkt gerðist þar sem mikill kostnaður fylgdi því að útbúa bátinn til þessara veiða. Það verður því miður að segjast eins og er að sjávarútvegurinn er jafn óruggur í dag eins og hann var öruggur hér áður fyrr. Þá voru hlutirnir í föstum skorðum. Í dag er verið að opna á ýmsa hluti en hringlandahátturinn er svo mikill að menn þora ekki orðið að taka neina áhættu varðandi fjárfestingar af þessum sökum, því miður,“ segir Albert.

20 manns koma nálægt verkefninu

Albert segir í lokin að velgengni þessa verkefnis megi þakka því, ásamt góðri góðri stýringu og frábærri áhöfn Blíðu KE, að eigendur og stjórnendur Storms Seafood ehf. hafi haft þor, kjark og getu til að fara alla leið varðandi undirbúning og framkvæmd.

„Frá upphafi verkefnisins hef ég aðeins fundið eina stefnu eigna, það er að setja í þetta fjármagn og láta þennann veiðiskap



Þetta er sá veiðiskapur þar sem spenningurinn kemst næst laxveiðum og maður kemur heim með um 400 öngla í rassinum ef ekkert veiðist.

virka í eitt skipti fyrir öll. Í dag eru um 20 manns sem vinna við verkefnið í heild en makríllinn er allur unninn til manneldis. Fiskvinnslur á Suðurnesjum og í Hafnarfirði vinna aflann í verk-töku fyrir Storm Seafood, en nær allur aflinn er handflakaður og lausfrystur fyrir neytendamarkaði í Evrópu,“ segir Albert.

Um 30 strandveiðibátar gera út frá Siglufirði

Strandveiðin er aðeins á við tvo línubáta

Meðalverð fyrir kíló af fiski hjá Fiskmarkaði Siglufjarðar er 105 krónum hærra núna en á sama tíma í fyrra. Forstöðumaður markaðarins segir góða veiði hjá aðkomubátum sem stunda strandveiðar frá Siglufirði en að þeir sem róa á aflamarki séu flestir búnir með kvótann.

VILMUNDUR HANSEN
vilmundur@fiskifrettir.is

„Aflabrögð hafa verið mjög góð í sumar hjá þeim bátum sem landa hjá okkur,“ segir Steingrímur Hákonarson forstöðumaður Fiskmarkaðar Siglufjarðar.

„Standveiðin byrjaði rölega af þeirri e n f ö l d u ástæðu að yfirleitt er ekki mikinn færiskisk að fá hér fyrst á vorin. Síðustu tvo mánuði hefur strandveiðin aftur á móti verið mjög fín og flestir verið að ná dagskammtinum og júlíkvótinn búinn.“

Meðalverð hærra en í fyrra

„Í sumar hafa um þrjátíu aðkomubátar verið á standveiðum frá Siglufirði og eins og gefur að skilja mikil lyftistöng fyrir okkur. Á móti hefur línubátum, krókaaflamarksbátum, fækkað hér vegna kvótaleyfis en því er ekki að neita að land-

anir þrjátíu strandveiðibátar er aðeins á við tvo línubáta. Bátarnir sem landa hjá okkur koma víða að, til dæmis Grindvík, Stykkishólmi, og Akranesi.

Frá áramótum er alls búið að landa 1.405 tonnum af blönduðum afla hjá Fiskmarkaði Siglufjarða og meðalverðið er 316 krónur. Á sama tíma í fyrra var heildaraflinn 1.565 tonn en meðalverði 211 krónum. Af þessum 1.405 tonnum eru tæp 800 tonn þorskur og 200 tonn ýsa,“ segir Steingrímur.



Steingrímur Hákonarson.

Alls staðar þorskur

„Bátarnir sem hafa verið að róa með kvóta og landað hjá okkur eru allir annað hvort búnir með kvótann eða orðnir kvótalitlir.

Persónuleg tel ég að það megi veiða meira af fiski en ráðherra hefur gefið út. Það er til nóg af fiski og skiptir ekki máli hvert menn fara eða hvaða veiðarfæri þeir nota. Það er alls staðar þorskur. Við fáum nokkuð af fiski af rækjubátunum, bæði grálúðu og þorsk, og mér líst því ekkert á að gefa rækjuveiðarnar

frjálsar. Þetta er sama vitleysan og strandveiðin þar sem gefin er út einhver kvóti og hann er veiddur upp á stundinni. Mig minnir að hér á B-svæðinu megi veiða 250 tonn í ágúst og ríflega hundrað bátar að keppa um þau. Það þarf því ekki marga góðviðrisdaga til að klára kvótann.



Það er til nóg af fiski og skiptir ekki máli hvert menn fara eða hvaða veiðarfæri þeir nota. Það er alls staðar þorskur.

Sama gildir um rækjuna þegar hún er orðin frjál. Hún klárast upp á svipstundu og hvað eiga rækjuverksmiðjurnar þá að gera,“ segir Steingrímur Hákonarson hjá Fiskmarkaði Siglufjarðar að lokum.



Frá smábátahöfninni í Siglufirði.



Chile

Engin uppgjöf í laxeldi

Laxeldisfyrirtæki í Chile hafa ekki gefist upp þrátt fyrir að laxeldi þar hafi nánast hrunið eftir að sjúkdómur herjuðu á eldislaxinn. Salmones Maullín, dótturfyrirtæki AquaChile, hefur nú kynnt ráðagerðir um að byggja nýja og fullkomna seiðaeldisstöð í borginni Rio Grande.

Þetta verkefni krefst fjárfestingar upp á 26 milljónir dollara eða um 3 milljarða ISK. Í nýju stöðinni verður fullkominn búnaður til að endurnýta vatn og til að haga framleiðslunni á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. Þar fer fram seiðaframleiðsla félagsins allt frá klaki til afhendingar á heilbrigðum seiðum af þeirri stærð sem hæfir laxeldisstöðvum.

Hugmyndin er að byggja nýja landstöð sem getur framleitt 24 milljónir seiða á ári.

Makrill

Norðmenn fúrir út í kvóta Færeyinga

Færeyingar hafa ákveðið 85 þúsund tonna makrillkvóta á árinu 2010 og er þeim tíðundum ekki tekið með fögnuði meðal norskra útvegsmanna.

„Þetta er mjög óheppilegt og torveldar það að fundin verði lausn á stjórn makrillveiða. Færeyingar þrefalda með þessu sinn hlut,“ segir Audun Marák, framkvæmdastjóri samtaka norskra útvegsmanna á heimasíðu samtakanna.

Hann segir ennfremur að ákvörðun Færeyinga kunni að þvinga ESB og Noreg til aðgerða sem til lengri tíma litið stuðli ekki að sjálfbærri nýtingu makrillstofnsins. Noregur og ESB, sem hafi tekið að sér stjórn makrillveiða, geti ekki tekið með í reikninginn veiðar Íslending og Færeyinga. „Makrillinn er lykilstofn í okkar veiðum og við megum ekki verðlauna þá sem stunda óábyrgar veiðar með því að minnka eigin kvóta í framtíðinni,“ segir Audun Marák.

Með ákvörðun sinni heldur Jacob Vestergaard, sjávarútvegsráðherra Færeyja, þannig fast við þá skoðun sína að Færeyingar eigi rétt á því að veiða 15% af heildarkvóta í makrill.

Niðurskurður kvóta í kolategundum á næsta fiskveiðiári

Kvótar í takt við ráðgjöf Hafró

Kvóti fyrir flatfisk á næsta fiskveiðiári er sá sami og ráðgjöf Hafranssóknastofnunar gerði ráð fyrir. Sjávarútvegsráðherra er því að færa sig nær ráðgjöf stofnunarinnar því undanfarin ár hefur flatfiskkvótinn verið meiri en ráðgjöf Hafró gerði ráð fyrir.

Ráðgjöf Hafranssóknastofnunar í skarkola á yfirstandandi fiskveiðiári, 2009/2010, hljóðaði upp á 5.000 tonn en ákvörðun ráðherra var upp á 6.500 tonn. Samkvæmt ástandsskýrslu Hafró er skarkolastofninn í þokkalegu ástandi og leggur stofnunin til að veidd verði 6.500 tonn af honum á næsta fiskveiðiári. Ákvörðun Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra hljóðar upp á sama magn.

Skrápurinn veiðist ekki

Ráðgjöf Hafró fyrir sandkola 2009 til 2010 var 500 tonn en ákvörðun ráðherra var 1.000 tonn. Að þessu sinni er ráðgjöf

Hafró og ákvörðun ráðherra samhljóða, eða 500 tonn. Svipaða sögu er að segja af ráðgjöf og úthlutun annarra tegunda flatfiska eins og þykkvalúru, langlúru og skrápflúru. Undanfarin ár hefur reynst erfitt að veiða upp í heimildir í skráplúru og það sem af er þessu fiskveiðiári hafa veiðst 118 tonn af slægðu af tæplega 1.000 tonna kvóta. Skrápflúra hefur aðallega verið notuð í tilfærslur milli tegunda en töluverðar heimildir eru enn ónotaðar.

20% samdráttur

Veiðiheimildir milli ára hafa minnkað í sandkola um 500 tonn, 400 tonn í þykkvalúru, 800 tonn í skrápflúru og 900 tonn í langlúru en staðið í stað í skarkola. Samtals skerðist kolakvótinn úr 12.900 tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári í 10.300 tonn á næsta fiskveiðiári, eða um 20%.

» vilmundur@fiskifrétir.is

Kvóti og ráðgjöf í kola

Tegund	Kvóti 2008/09	Ráðgjöf 2009/10	Kvóti 2009/10	Ráðgjöf 2010/11	Kvóti 2010/11
Skrápflúra	1	0.2	1	0.2	0.2
Skarkoli	6.5	5	6.5	6.5	6.5
Sandkoli	1	0.5	1	0.5	0.5
Þykkvalúra	2.2	1.8	2.2	1.8	1.8
Langlúra	2.2	1.6	2.2	1.3	1.3



Samdráttur hefur verið í veiðum á flestum kolategundum nema skarkola.

MYND/EINAR ÁSGEIRSSON

Niðurskurði kvóta flatfisktegunda ekki vel tekið

Veldur stórskaða í greininni

Úthlutun ráðherra er alveg skelfileg og líkleg til að valda stórskaða í greininni,“ segir Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Auðbjargar ehf. í Þorlákshöfn, í samtali við Fiskifrétir. Skip Auðbjargar veiða töluvert af kola og segir Einar að niðurskurðurinn komi sér mjög augljóslega mjög illa fyrir sína útgerð.

Mikil skerðing

„Undanfarin ár höfum við veitt 250 til 300 tonn af langlúru sem við höfum fryst um borð. Afllinn hefur meðal annars verið seldur til Spánar og okkur gengið vel að byggja upp markað þar. Samkvæmt ákvörðunum sjávarútvegsráðherra eru veiðiheimildir í langlúru skertar um 900 tonn á næsta ári og það þýðir að kvótinn hjá okkur fer úr 260 tonnum niður í 130 tonn.“

Við höfum einnig verið að vinna og frysta skrápflúru um borð fyrir Japansmarkað. Einu sinni vorum við með um 300 tonna kvóta í skrápflúru en í



Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Auðbjargar ehf. í Þorlákshöfn.

VBMYND/BIG

dag er hann kominn niður í 16 tonn. Veiðar á skrápflúr hafa að vísu gengið illa undanfarin ár og ekki veiðst upp í heimildir en við höfum veitt um 80 tonn af þeim 118 tonnum sem veiðst hafa á þessu ári.

Ef sömu rök eru notuð fyrir skrápflúruna og rækju ætti auðvita að gefa skrápflúruveiðar frjálsar líka. Og ef það eru millifærslurnar sem menn eru

hræddir við verður einfaldlega að banna þær,“ segir Einar.

Verið að stúta greininni

„Sama gildir um sandkola og þykkvalúru. Að mínu mati er verið að stúta greininni með þessum niðurskurði og ég er hundfúll yfir honum. Það sem kemur mér mest á óvart við niðurskurðinn er að hann skuli vera mestur í skrápnum og langlú-

„Við höfum einnig verið að vinna og frysta skrápflúru um borð fyrir Japansmarkað. Einu sinni vorum við með um 300 tonna kvóta í skrápflúru en í dag er hann kominn niður í 16 tonn.“

unni. Við höfum verið að vinna markað fyrir þessar tegundir erlendis undanfarin ár og nú er það starf runnið út í sandinn.

Satt best að segja veit ég ekki hvernig á að bregðast við þegar leikreglunum er breytt með svona stuttum fyrirvara. Ætli það endi ekki bara með því að við förum allir á rækju!“ segir Einar Sigurðsson að lokum.

» vilmundur@fiskifrétir.is

AFLABRÖGÐIN

[Vikan 18.07.10 -24.07.10]

Vestmannaeyjar

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Þorsteinn ÞH	443	Tro	Makrí 2
Júpiter ÞH	419	Tro	Makrí 2
Sighvatur Bj VE	1347	Tro	Síld 1
Kap VE	1156	Tro	Síld 1
Jón Vídalín VE	63*	Tro	Karfi 1
Gullberg VE	21	Tro	Ufsi 1
Bergur VE	7	Tro	Ufsi 1
Brynjólfur VE	37*	Tro	Humar 2
Vestmannaey VE	55	Tro	Makrí 3
Bergey VE	39	Tro	Makrí 3
Dala-Rafn VE	68	Tro	Makrí 2
Suðurey VE	47*	Tro	Ufsi 2
Glófaxi VE	21	Tro	Humar 2
Kristbjörg VE	26*	Tro	Karfi 1
Smáey VE	20	Tro	Ufsi 1
Frár VE	84*	Tro	Ufsi 1
Drangavík VE	27*	Tro	Karfi 1
Stígandi VE	70*	Tro	Ufsi 1
Frú Magnhild VE	3	Net	Langa 2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Hlöddi VE	9.4	Han	Ufsi 3
Blíða VE	5.3	Lín	Langa 5

Smábátaafli alls: 23.1

Samtals afli: 3976.1

Þorlákshöfn

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Arnar ÁR	9	Tro	Humar 2
Steinunn SF	169	Tro	Ufsi 3
Ársæll ÁR	12	Tro	Humar 1
Friðrik Sigu ÁR	9	Tro	Humar 1
Jóhanna ÁR	21	Tro	Humar 2
Skálafell ÁR	17	Tro	Humar 2

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Siggi Bessa SF	2.0	Han	Makrí 1
Máni ÁR	1.7	Skö	Skötu 2

Smábátaafli alls: 4.0

Samtals afli: 241.0

Grindavík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Jóhanna Gísl ÍS	55	Lín	Keila 1
Hrafn Sveinb GK	170	Tro	Ufsi 1
Páll Jónsson GK	70	Lín	Þorsk 1
Sighvatur GK	99*	Lín	Keila 1
Kristín ÞH	86	Lín	Langa 1
Fjöllnir SU	2	Lín	Langa 1
Maron GK	2	Lín	Lúða 1
Aníta KE	2	Han	Ufsi 1
Askur GK	15	Dra	Ýsa 2
Þórir SF	10	Tro	Humar 1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Addi afi GK	6.5	Han	Ufsi 2
-------------	-----	-----	--------

Smábátaafli alls: 17.8

Samtals afli: 528.8

Sandgerði

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Ragnar Alfre Gk	13.8	Han	Ufsi 2
Happasæll KE	1.7	Skö	Skötu 2

Samtals afli: 28.5

Keflavík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Stafnes KE	19	Net	Ufsi 4
Blíða KE	13	Han	Makrí 1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Víkingur KE	0.3	Han	Ufsi 1

Smábátaafli alls: 0.3

Samtals afli: 32.3

Hafnarfjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Surprise HF	3	Lín	Lúða 1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Ólafur HF	0.1	Lín	Lúða 1

Smábátaafli alls: 0.1

Samtals afli: 3.1

Reykjavík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Brimnes RE	439	Tro	Rækja 1
Þerney RE	245	Tro	Makrí 1
Venus HF	235	Tro	Makrí 1



Komið úr róðri á árum áður

» Vélbátur og síðar dekkadír vélbátur tóku við af árabátunum. Hér kemur mb. Edda GK 113 úr róðri til Grindavíkur. Fremst stendur Tómas Þorvaldsson tilbúinn að henda landfestartóginu í land, þá kemur Magnús Guðmundsson frá Hellum, síðan Vilbergur Aðalgeirsson Borgargarði og loks Reynir frá Klængsseli í Flóa. Á bryggjunni stendur Einar G. Einarsson, kaupmaður og útgerðarmaður. Hann gerði út Edduna ásamt öðrum skipum og bátum. Einar var líka öflugur fiskverkandi, samhlíða verslunarrekstri sínum og útgerð. Einar hafði mikil áhrif á uppbyggingu og velgengni byggðarinnar í Grindavík. (Ljósmynd: Einar Einarsson, Krosshúsum. Myndin er á sýningu Þorbjarnar hf. í Grindavík á gömul myndum.)

Kleifaberg ÓF 156	Tro	Makrí 1	
Ottó N. Þorl RE	168	Tro	Karfi 1
Ásbjörn RE	119	Tro	Ufsi 1
Sturlaugur H AK	78	Tro	Karfi 1
Stefnir ÍS	94	Tro	Karfi 1
Skinney SF	18	Tro	Humar 1
Helga RE	42	Tro	Ýsa 1
Kristrún RE	47	Lín	Langa 1

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Dúan HF	2.1	Han	Ufsi 2
Sindri RE	1.6	Net	Ýsa 5

Smábátaafli alls: 3.7

Samtals afli: 1644.7

Akranes

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Púra AK	2.5	Han	Ufsi 4
Ver AK	1.9	Skö	Ufsi 1
Flugaldan ST	1.8	Lín	Lúða 1

Smábátaafli alls: 9.1

Arnarstapi

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Þorsteinn BA	1	Han	Ufsi 1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Hítará SH	4.5	Han	Ufsi 3
Fjóra SH	1.1	Skö	Skötu 2

Smábátaafli alls: 9.7

Samtals afli: 10.7

Rif

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Sægrímur GK	5	Skö	Skötu 1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Lilja SH	8.5	Lín	Þorsk 4
Stakkhamar SH	3.5	Han	Ufsi 2

Smábátaafli alls: 18.4

Samtals afli: 23.4

Ólafsvík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Ásta GK	4	Lín	Þorsk 2
Þétur afi SH	1*	Skö	Skötu 2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			

Þárður SH	4.7	Skö	Skötu 3
Björgúlfur P SH	1.8	Han	Þorsk 3
Kristinn II SH	0.7	Grá	Grásl 2

Smábátaafli alls: 9.6

Samtals afli: 14.6

Grundarfjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hringur SH	89	Tro	Makrí 2
Helgi SH	69	Tro	Makrí 2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Margrét ÞH	0.9	Han	Þorsk 1
Sæbjörg SH	0.4	Grá	Grásl 3

Smábátaafli alls: 1.6

Samtals afli: 159.6

Stykkishólmur

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Bjössí RE	5.6	Grá	Grásl 3

Smábátaafli alls: 24.2

Reykholár

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Nóney BA	0.8	Grá	Grásl 3

Smábátaafli alls: 0.8

Brjánslækur

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Ísöld BA	2.0	Grá	Grásl 3
Tjaldur BA	0.5	Han	Þorsk 1

Smábátaafli alls: 9.4

Patreksfjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Birta BA	14.5	Han	Ufsi 3

Smábátaafli alls: 24.1

Tálknafjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Álka ÍS	1.1	Sjó	Þorsk 1

Smábátaafli alls: 1.6

Þingeyri

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Bibbi Jónsson ÍS	2.0	Han	Þorsk 1

Smábátaafli alls: 2.3

Flateyri

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Stjani Ebba ÍS	13.9	Lín	Stein 2
Kristján ÍS	2.8	Han	Þorsk 3
Bobby 20 ÍS	0.4	Sjó	Þorsk 2

Smábátaafli alls: 17.9

Suðureyri

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Valgerður BA	22	Dra	Ýsa 2
Kristján ÍS	22.5	Lín	Ýsa 6
Bobby 4 ÍS	0.5	Sjó	Þorsk 3

Smábátaafli alls: 66.9

Samtals afli: 88.9

Bolungarvík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Þorlákur ÍS	51	Lín	Þorsk 1
Egill ÍS	24	Dra	Ýsa 4

Smábátaafli alls: 140.7

Samtals afli: 215.7

Ísafjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Gunnbjörn ÍS	28	Tro	Rækja 1
Valbjörn ÍS	9	Tro	Rækja 1
Aldan ÍS	2	Dra	Þorsk 2

Smábátaafli alls: 11.5

Samtals afli: 215.7

Smábátaafli alls: 25.5

Samtals afli: 64.5

Súðavík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Bliki ÍS	0.8	Sjó	Þorsk 6

Smábátaafli alls: 2.6

Norðurfjörður

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Ölver ST	1.5	Han	Þorsk 3

Smábátaafli alls: 3.1

Drangnes

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Skúli ST	13.8	Lín	Ýsa 4
Örvar HF	1.0	Han	Þorsk 2

Smábátaafli alls: 19.5

Samtals afli: 30.5

Hólmavík

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Sirry ÍS	11.4	Lín	Ýsa 2
Kópnes ST	4.1	Han	Þorsk 2

Smábátaafli alls: 32.5

Samtals afli: 135.5

Hvammstangi

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Harpa HU	10	Dra	Ýsa 3

Smábátaafli alls: 0.0

Samtals afli: 10.0

Skagaströnd

Afli	Veðarf.	Uppist. afa	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri			
Þorleifur EA	11	Dra	Ýsa 3
Stefán HU	10	Dra	Ýsa 3
Hafnú HU	14	Dra	Ýsa 5

Sæbjörg EA	12	Dra	Ýsa	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Örninn GK	9.2	Lín	Ýsa	3
Alda HU	6.0	Han	Ufsi	2
Dagrún ST	1.5	Net	Þorsk	1

Smábátaafli alls: 26.2
Samtals afli: 73.2

Sauðárkrókur

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Hera ÞH	8*	Dra	Koli
Þorleifur EA	4	Dra	Ýsa
Sæbjörg EA	5	Dra	Ýsa

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Gammur SK	1.2	Net	Koli	5
-----------	-----	-----	------	---

Smábátaafli alls: 1.2
Samtals afli: 18.2

Hofsós

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Eiður ÓF	42*	Dra	Ýsa

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Ásmundur SK	8.0	Lín	Ýsa	5
-------------	-----	-----	-----	---

Smábátaafli alls: 13.6
Samtals afli: 55.6

Siglufjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Múlberg SI	30	Tro	Rækja
Sigurborg SH	40	Tro	Rækja
Grímsnes GK	19	Tro	Rækja
Siglunes SI	16	Tro	Rækja

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Hópsnes GK	34.0	Lín	Ýsa	6
Raggi Gísla SI	1.8	Han	Þorsk	1

Smábátaafli alls: 113.1
Samtals afli: 218.1

Ólafsfjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Sigurbjörg ÓF	244	Tro	Þorsk

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Helgi Hrafn ÓF	5.5	Han	Ufsi	4
Freymundur ÓF	0.7	Lín	Þorsk	3

Smábátaafli alls: 8.8
Samtals afli: 252.8

Grímsey

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Kolbeinsey EA	14.3	Han	Ufsi
Björn EA	4.8	Lín	Ýsa

Samtals afli: 28.7

Dalvík

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Bjarni EA	2.9	Han	Ufsi
Bliki EA	1.9	Lín	Ýsa

Samtals afli: 5.2

Árskógssandur

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Særn EA	19.2	Lín	Þorsk
Kópur EA	0.1	Han	Þorsk

Samtals afli: 33.0

Hauganes

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Hulda EA	0.3	Han	Þorsk

Samtals afli: 0.3

Húsavík

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Ísborg ÍS	36	Tro	Rækja

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Árni ÞH	3.5	Lín	Ýsa	3
---------	-----	-----	-----	---

Smábátaafli alls: 3.8
Samtals afli: 39.8

Raufarhöfn

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Víkingur ÞH	4.2	Han	Þorsk

Samtals afli: 4.5

Þórshöfn

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Geir ÞH	3	Dra	Ýsa
Álsey VE	1097	Tro	Síld

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Manni ÞH	2.2	Han	Þorsk	1
----------	-----	-----	-------	---

Smábátaafli alls: 2.2

Samtals afli: 1102.2

Bakkafjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Háey II ÞH	20.9	Lín	Ýsa
Kristín NS	1.7	Han	Þorsk

Samtals afli: 22.5

Vopnafjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Ingunn AK	855	Tro	Síld
Faxi RE	756	Tro	Makrí
Lundey NS	945	Tro	Síld

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Viggi NS	13.0	Lín	Ýsa
Sæljón NS	0.1	Han	Ufsi

Smábátaafli alls: 13.1
Samtals afli: 2569.1

Borgarfjörður Eystri

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Högni NS	4.9	Lín	Þorsk
Hafbjörg NS	1.9	Han	Þorsk

Samtals afli: 13.9

Seyðisfjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Súddi NS	1.9	Han	Þorsk

Samtals afli: 1.9

Neskaupstaður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Vilhelm Þors EA	796	Tro	Makrí
Hákon EA	1208	Tro	Síld
Beitir NK	538	Tro	Síld
Bjarni Ólafs AK	899	Tro	Síld
Börkur NK	592	Tro	Síld
Bjartur NK	101*	Tro	Ufsi

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Sandvíkingur NK	1.1	Han	Þorsk
-----------------	-----	-----	-------

Smábátaafli alls: 1.1
Samtals afli: 4135.1

Eskifjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Jón Kjartans SU	1687	Tro	Síld
Huginn VE	531	Tro	Makrí

Smábátaafli alls: 0.0
Samtals afli: 2218.0

Fáskrúðsfjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Hoffell SU	255	Tro	Makrí

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Sigrún SU	1.9	Han	Þorsk
Litli Tindur SU	1.2	Lín	Stein

Smábátaafli alls: 3.1
Samtals afli: 258.1

Stöðvarfjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Auður Vestei GK	8.4	Lín	Stein
Reyðar SU	4.7	Han	Þorsk

Samtals afli: 14.9

Djúpvogur

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Daðey GK	7.7	Lín	Stein
Emilý SU	6.1	Han	Þorsk
Tjálfí SU	6.1	Dra	Koli

Samtals afli: 32.1

Hornafjörður

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Ásgrímur Hal SF	789	Tro	Makrí
Jóna Eðvalds SF	590	Tro	Makrí
Erling KE	36	Net	Ufsi
Hvanney SF	28	Dra	Ýsa
Dröfn RE	3	Lín	Keila
Þórir SF	13	Tro	Humar

Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri

Sævar SF	6.0	Han	Ufsi
----------	-----	-----	------

Smábátaafli alls: 11.1
Samtals afli: 1470.1

Skarösstöð

Afli	Veiðarf.	Uppist. afli	Landanir
Hugrún DA	1.8	Grá	Grásl

Samtals afli: 6.6



Sjóstangaveiðimenn á BOBBY 22 frá Suðureyri að veiðum við Sauðanes Flateyri í baksýn.

MYND/HÖRÐUR KRISTJÁNSSON

■ Búið að úthluta öllu aflamarki til frístundaveiða

Gæti skilað 45 milljónum króna í ríkissjóð

Búið er að ráðstafa öllum aflaheimildum í þorski sem tekin voru frá vegna frístundaveiða á þessu fiskveiðidári, samkvæmt upplýsingum sem Fiskifrétir fengu hjá Helgu Sigurrós Valgeirsdóttur, forstöðumanni upplýsingasviðs Fiskistofu.

Sjávarútvegsráðherra eyrnamerkta 200 tonn af óslæðum þorski, þ.e. um 168 tonnum miðað við slægt, til frístundaveiða á fiskveiðidárinu. Samkvæmt reglugerð má eingöngu stunda frístundaveiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Leyfin eru ætluð fyrir aðila

í ferðþjónustu. Þeir sem leggja stund á frístundaveiðar leigja kvótann af ríkinu.

Skipt niður á mánuði

„Verðmæti ráðstafaðs kvóta er 44.562.478 krónur. 21 júlí síðastliðinn var 46 bátum gefinn kostur á að leigja rúmlega 42 tonn, miðað við slægt, sem stóðu þá eftir af aflamarki fyrir frístundaveiðiskip. Greiðslufresturinn er ekki útrunninn og þessum 42 tonnum hefur því ekki enn verið úthlutað en greiði allir það sem ráðstafað hefur verið til þeirra verður öllum kvótanum úthlutað að greiðslufresti liðnum.

Magninu, sem til ráðstöfunar er, var skipt niður á mánuði og fyrsta mánuðinn fékk 21 skip sérstaka úthlutun aflamarks í þorski til frístundaveiða. Annan mánuðinn voru þau 23, þriðja mánuðinn 29 og við biðum eftir greiðslu frá þeim 46 skipum sem sóttust eftir þeim hluta sem eftir er.

Verð á kíló í aflamarki af þorski til frístundaveiða miðast við söluverðmæti aflamarks á markaði daginn áður en sótt er um sérstaka úthlutun aflamarks í þorski til veiðanna,“ segir Helga Sigurrós að lokum.

» vilmundur@fiskifrettir.is



Þekking og reynsla í þjónustu og ráðgjöf fyrir matvælaíðnaðinn

FRJO
Quatro

Umbúðir fyrir sjávarútveginn



FRJO
Quatro

Bæjarflöt 4,
112 Reykjavík

www.frjo.is
frjo@frjo.is

Sími 567 7860
Fax 567 7863

Könnun á makríl á íslensku hafsvæði stendur yfir

Meira virðist vera af makríl en í fyrra

Könnun á útbreiðslu makrils á íslensku hafsvæði stendur nú yfir. Víða hefur orðið vart við makríl það sem af er og virðist vera heldur meira af honum en í fyrra, að sögn leiðangursstjóra um borð í Árna Friðrikssyni.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Leiðangurinn hófst 20. júlí og reiknað er með því að hann standi yfir til 13. ágúst. Norðmenn og Færeyingar stunda sambærilegar rannsóknir á sýnum hafsvæðum og víðar þannig að góð heildarmynd ætti að fást um útbreiðslu makrilsins.

„Við höfum víðast hvar orðið varir við makríl á leið okkar. Makríl fannst lengst vestur úr öllu, alveg að 20 mílum frá miðlinu milli Íslands og Grænlands. Ef eitthvað



Sveinn Sveinbjörnsson.

er virðist makrillinn vera víðar en kom í ljós í leiðangri í fyrra og við finnum hann lengra út frá landinu,“ sagði Sveinn Sveinbjörnsson leiðangursstjóri í samtali við Fiskifréttir.

Stærsti makrillinn á djúpslóð

Leiðangurinn hófst inni á Faxaflóa og við Snæfellsnesið og farið var allt vestur undir miðlinu milli Íslands og Grænlands og til baka. Þá var svæðið yfir Reykjanes hrygg og suðvestur af landinu kannað og farið suðar af Vestmannaeyjum. Þegar rætt var við Svein á miðvikudagsmorguninn var skipið státt djúpt suður af Meðallandsbugtinni.

Sveinn gat þess að stærsti



Verið er að kortleggja úrbreiðslu makrils á íslensku hafsvæði í leiðangri á Árna Friðrikssyni.

“

Stærsti makrillinn gengur lengst eins og við er að búast. Þetta er hefðbundið fyrir göngufiska eins og makríl, norsk-íslenska síld og kolmunna.

makrillinn héldi sig meira á djúpslóð en smærri fiskur væri nær landinu. „Stærsti makrillinn gengur lengst eins og við er að búast. Þetta er hefðbundið fyrir göngufiska eins og mak-

ríl, norsk-íslenska síld og kolmunna.“

Leiðangurinn er nú tæplega hálfnaður en farið verður austur að miðlinu milli Íslands og Færeyja, norður með Austfjörðum og út frá norðaustanverðu landinu, allt út í Smugu. Þá verður svæðið úti af Norðurlandi kannað og hringnum lokað við Vestfirði.

Sáu tvær túnfiskvöður

Sveinn gat þess að þeir hefðu tvisvar rekist á túnfiskvöður í leiðangrinum sem er óvenjulegt. „Fyrri túnfiskvaðan sást vestur af landinu en seinni vaðan tæpar 60 mílur suður af Vestmannaeyjum. Við sáum hana rétt tilsýndar og hún skipti sér í tvennt. Við ætluðum að sigla að annarri þeirra en þá köfuðu fiskarnir. Við urðum ekki varir við túnfisk á þessum slóðum í leiðangrinum í fyrra og reyndar hef ég ekki séð túnfisk vaða hér fyrr,“ sagði Sveinn Sveinbjörnsson.

Veiðar á grásleppu standa enn yfir

Löndunarmet sett í Stykkishólmi

Veiðar á grásleppu ganga vel í innanverðum Breiðafirði að sögn Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra Landsambands smábátaeigenda.

„Síðastliðinn hálfan mánuð hafa veiðst milli 800 og 900 tonn. Í Stykkishólmi er búið að landa hátt í 2.500 tunnum af hrognum og ég man ekki eftir að hafa séð viðlíka löndunarmagn annars staðar áður. Það hefur einnig verið landað mjög miklu

á Brjánslæk á þessari vertíð og er Brjánslækur orðinn önnur stærsta löndunarloft fyrir grásleppuhrogn í ár eða 1.355 tonn.

Heildarveiðin yfir landið er komin í tæpar 17.500 tonn og verð enn há og ég hef enga trú á öðru en það haldist. Í dag eru tuttugu bátar enn að veiðum en vertíðinni lýkur 12. ágúst,“ segir Örn.

>> vilmundur@fiskifrettir.is



Grásleppuveiðin á vertíðinni hefur skilað nú þegar 17.500 tunnum af hrognum.

MYND/VILMUNDUR HANSEN

Síldveiðin svipuð og í fyrra

Minna um makríl-bland við veiðarnar

„Við erum búnir að fara fjóra stutta túra á síld frá því í enda júní og aflinn hefur allur farið í bræðslu. Síldin fékkst um 60 mílur austur af Langanesi og var ágæt,“ segir Grétar Rögnvarsson, skipstjóri á Jóni Kjartanssyni SU í samtali við Fiskifréttir, er rætt var við hann um gang síldveiða.

„Auk okkar voru meðal annarra skipa Beitir NK, Faxi RE, Hákon EA og Bjarni Ólafsson AK á síldveiðum á svipuðum slóðum. Síðasti síldartúrinn gaf 1.620 tonn af síld, 50 tonn af makríl og 12 tonn af kolmunna. Í síðasta túr veiddum við aftur á móti hreinan makríl.

Veiðar á síldinni gengu ágætlega og fljótt á litið eru veiðar svipaðar og í fyrra. Munurinn er aftur á móti sá að flestir voru búnir með makrílkvótann í fyrra og því hættir veiðum. Makrillinn heldur sig sunnar en síldin og aflinn því ekki mikið blandaður þótt hann sé alltaf eitthvað með síldinni.

Makrillinn sem við fengum í síðasta túr var mjög feitur. Eins og staðan er í dag er ekki hægt að frysta endalaust af makríl án þess að markaðirnir hrynji og þess vegna fór hann allur í bræðslu,“ segir Grétar.

>> vilmundur@fiskifrettir.is

Nemar sem ná til þín.



Frekari upplýsingar í síma: 533 3838 eða á www.marport.com

